ÍSALP

Ársrit Íslenska Alpaklúbbsins 2011-2015

Hágæða bakpokar frá Osprey

Við stillum alla bakpoka svo þeir passi fullkomlega
Á öllum stærri pokum sérmótum við mjaðmabeltin

Eitt mesta úrval landsins!
Komdu og mátaðu, þú finnur muninn

GG·sport

Við erum sérfræðingar í bakpokum
Smiðjuvegur 8 | 200 Kópavogi | sími: 571 1020 | www.ggsjosport.is

ÍSALP

Ársrit Íslenska Alpaklúbbsins 2011-2015

Formaður ásamt fríðu föruneyti bera undirstöður nýja Bratta upp að Botnssúlum.

Útgefandi
Íslenski Alpaklúbburinn
Pósthólf 1054, 101 Rvk.
Kt. 580675-0509 – info@isalp.is

Stjórn ÍSALP 2015
Helgi Egilsson, formaður
Þorsteinn Cameron, ritari
Katrín Möller, gjaldkeri
Heiða Jónsdóttir, meðstjórnandi
Ottó Ingi Þórisson, meðstjórnandi
Bjartur Týr Ólafsson, meðstjórnandi
Jónas G. Sigurðsson, meðstjórnandi

Nú kemur ársrit Alpaklúbbsins út í tuttugasta sinn. Hið fyrsta leit dagsins ljós árið 1985. Þau komu út árlega fram til ársins 2000 en þá fór að vanta eitt og eitt ár inn í og hvert ársrit tók að spanna lengra tímabil. Þessi þróun mála heldur áfram og sjaldan hefur liðið eins langur tími milli ársrita og nú. Skýringin á þessu er sennilega margþætt. Oft hefur verið nefnt að tímarnir séu breyttir og upplýsingaflæðið sé svo mikið í gegnum internetið að ársrit séu úrelt um leið og þau koma – það sé í raun tímaskekkja að gefa þau út. Aðrir vilja meina að „pizzakynslóðin“ sem nú tekur við keflinu sé ekki til þess fallin að leggja neitt á sig fyrir aðra en sjálfa sig.

Við erum þeirrar skoðunar að ársritin eigi enn rétt á sér á hefðbundnu prentuðu formi og það sé vel gerlegt að gefa þau áfram út. Þegar loksins var farið af þunga í að safna efni í þetta rit gekk það glettilega vel og við höfum fundið fyrir meðbyr og tilhlökkun félaga klúbbsins eftir því að fá ritið í hendurnar.

Við þökkum þeim sem sendu inn efni – það er þeim að þakka að blaðið er komið út.

Helgi Egilsson & Þorsteinn Cameron, ritstjórar

Efnisyfirlit

Miðnæturlínur — bls. 4
Þorlákur Jón Ingólfsson

Vopnin kvödd — bls. 12
Sigurður Tómas Þórisson

Fallahjólreiðar á Íslandi — bls. 20
Lárus Hermannsson

Stuttu stráin — bls. 22
Ágúst Þór Gunnlaugsson

Sófaklifur — bls. 30
Árni Stefán Haldorsen

Kilfur í Kína — bls. 32
Védís Ólafsdóttir

Beztu 5.10 á landinu — bls. 40
Jónas G. Sigurðsson

ÍBV: Ný leið á Skarðatind í Öræfum — bls. 46
Björgvin Hilmarsson

Kathmandu, Nepal — bls. 60
Áslaug Yngvadóttir

Grand Dru — bls. 62
Snævarr Guðmundsson

Arnarfjörður: Leiðarvísir fyrir ísklifur — bls. 70
Sigurður Tómas Þórisson

Ljósmyndakeppni ÍSALP 2015 — bls. 80

Ný klifurleið á vesturhlið Hvannadalshnjúks — bls. 92
Bergur Einarsson

Leiðarvísir: Suðurhlíðar V. og E. Hrútfjalls — bls. 96
Björgvin Hilmarsson

Starfsemi ÍSALP 2011-2015 — bls. 102

Annáll íslenskrar fjallamennsku 2011-2015 — bls. 106

Ritnefnd ársrits
Helgi Egilsson
Þorsteinn Cameron
Heiða Jónsdóttir
Skarphéðinn Halldórsson

Umbrot/Hönnun
Ingi Kristján Sigurmarsson

Prentun
Guðjón Ó

Forsíðumynd
Björgvin Hilmarsson

Verðlaunamynd ljósmyndakeppni Ísalp 2015 í Ísklifurflokki

Texti: Þorlákur Jón Ingólfsson
Myndir: Trond Xavier Hindenes

Miðnæturlínur á Svalbarða

Svalbarði er eyjaklasi í Norður-Íshafi, u.þ.b. miðja vegu milli Noregs og Norðurpólsins. Eyjarnar liggja milli 74°N og 81°N.

Stærstu eyjarnar eru Spitsbergen, Norðausturlandið, Barentseyja, Edgeeyja, Land Karls konungs, Forland Karls prins og Bjarnarey, sem eru alls u.þ.b. 62.160 km². Næstum 60% lands eyjanna er þakið jöklum og restin snævi þöktum fjöllum.

Veturinn 2011 til 2012 stundaði ég nám á Svalbarða í Artic Nature Guideing / heimskautaleiðsögn. Það er deild innan háskólans í Finnmark í samstarfi við UNIS háskólann í Longerbyen. Þar kynntist ég Steve Lewis sem var samnemandi minn í þessu námi. Þegar við fórum í gönguskíðaferðir og settum upp tjaldbúðiðir þvers og kruss um eyjuna minntist hann reglulega á að hann ætlaði að stofna fyrirtæki á Svalbarða eftir nám sitt. Fyrirtækið var stofnað haustið 2012, heitir „The Empire“ og hefur nú þegar haslað sér völl.

Í lok mars 2015 eftir 3. mánaða skíðabúðir í Kanada fór ég aftur til Svalbarða. Steve hafði sannfært mig um að koma og gæda fyrir sig 8 daga fjallaskíðatúr á Sagabreen sem er skriðjökull umlukinn rúmlega þúsund metra háum fjöllum á suðurhluta Spitsbergen. Hann taldi mér trú um að þetta væri eitt flottasta skíðasvæði á Svalbarða. Hann var ekkert að ýkja. Ferðin var skipulögð í kringum 6 manna hóp frábærra skíðamanna.

Viku áður en ferðin hófst fórum við í fjögurra tíma vélsleðaferð með vistir til þess að undirbúa komu hópsins, m.a. 200 lítra af bensíni, 40 kg af þurrmat, gas og 7 tjöld. Þetta grófum við í snjóinn svo að ísbirnir kæmust ekki í það. Í þessari undirbúningsferð sá ég fjöllin í fyrsta skipti og freistaðist til þess að prófa að skíða eina línu. Steve hafði hitt naglann á höfuðið varðandi staðsetninguna, þetta er hrikalegt og ótrúlegt skíðasvæði!

Tjaldbúðirnar voru reistar og öllu komið fyrir, eftirvæntingin var svo mikil að enginn gat farið að sofa né slitið augun af þessum fjöllum, svefn var af skornum skammti. Eftir að hafa staðið ísbjarnavaktina frá fimm um morguninn, brætt snjó og græjað morgunmat, voru nokkrar auðveldar skíðaleiðir prófaðar. Athygli allra beindist hinsvegar að fjöllunum Ingeborg og Hanakambinum, og voru menn sammála um að þetta væru með fallegri fjöllum sem þeir hefðu séð. Fjöllin einkennast af mjög bröttum giljum, klettabeltum og vindbörðum snjó. Hlíðar, gil og mögulegar skíðalínur Ingeborg vísa í norður og njóta einungis miðnætursólar, Hanakamburinn vísar í suður og best að skíða í morgunsólinni. Að þessu gefnu kölluðum við skíðalínurnar midnight- og morning couloirs.

Eftir að hafa skíðað næstum allan sólarhringinn í 8 daga, var skálað fyrir ævintýrinu og fjöllunum sem aldrei sváfu.

Stefan droppar í eitt af giljum Hanakambsins

Fyrsta sýn af Sagabreen eftir langa setu á vélsleða frá Longyearbyen

Við botn Ingeborgfjallsins má sjá glitta í tjaldbúðirnar okkar

Ævintýraþyrstir menn veðja á besta snjóinn og peppa hvor annan upp

Hópurinn stendur á toppi Ingeborgfjallsins og gerir sig tilbúinn til að kljást við fyrsta gilið

Shreddað niður



Texti: Sigurður Tómas Þórisson
Myndir: Sigurður Tómas Þórisson
& Páll Sveinsson

Vopnin kvödd
(A Farewell to Arms)
WI5+/M7, 100m
Fyrst farin: 31. janúar 2015.

Sigurður Tómas Þórisson,
Páll Sveinsson,
Skarphéðinn Halldórsson,
Matteo Meucci

Vopnin kvödd

Ísklifur í vesturbrúnum Esju

Eftir langa nótt í vinnunni í lok janúar 2015 átti ég inni frídag. Ég hefði sennilega átt að nýta daginn til svefns en einhvern tímann var mér tjáð að maður geti bara sofið þegar maður verður gamall. Ég var því búinn að plata hinn ítalska maestro Matteo Meucci með mér í ísbíltúr til að svala klifurþorstanum, sem aldrei sefur og aldrei fær nóg.

Dagurinn var bjartur, kaldur og fagur, sérlega vel fallinn til klifurs. Þar sem ég hefði með réttu átt að liggja heima í bólinu á launum gat frúin ekki bölvast yfir þvælingnum á mér. Krökkunum var skutlað í skóla og leikskóla, Matteo svo sóttur og brunað af stað áleiðis inn í Hvalfjörð. Ég hafði fengið lánaða litlu dósina hennar mömmu sem var svo sem ekki til jöklaferða svo það takmarkaði eitthvað staðavalið þennan daginn. Planið var upphaflega að fara með nýju Ísalp borvélina í Brynjudal að bolta nýjar mixklifurleiðir. Nokkur óvissa var þó með færðina inn í Hvalfjörð eftir snjókomu næturinnar, sérstaklega í Brynjudalnum.

Farið eða ófarið?

Matteo hafði séð myndir af ansi flottum leiðum í Vesturbrúnum Esju og fengið upplýsingar um að Robbi (Róbert Halldórsson) hefði farið a.m.k. aðra þeirra í þunnum aðstæðum ásamt ísjötnunum Albert Leichtfried og Benedikt Purner nokkrum áður áður. Á reiki var hvort þessar leiðir hafi verið farnar „í gamla daga“ eða hvort þeirra klifur hafi verið FF (fyrst farið).

Robbi taldi sig hafa spurt alla mögulega og ómögulega, unga sem aldna í bransanum en enginn kannaðist við að þetta hefði verið klifrað. Snævarr og Jón Geirs fóru allar heimsins alpalínur fyrir lifandi löngu þarna og Haraldur Örn hafði víst verið að spræna utan í einhverjar fleiri leiðir þarna í millitíðinni – en að því er virðist ekki þetta.

Leiðin þeirra félaga sást greinilega þennan dag frá Kjalarnesi. Óvíst er hvort hún byggist nægilega mikið upp á hverju ári að verða svona sýnileg úr fjarska – þetta var jú búinn að vera óvenju

Skarphéðinn í aðkomuklifrinu

Ég virði fyrir mér hrikalegan krúxkaflann fyrir ofan mig

umhleypingasamur vetur. Annars sést þessi hluti Vesturbrúna best þegar farið er niður meðfram þeim til vesturs en það er hugsanlegt að fáir hafi yfir höfuð verið á ferli þarna yfir háveturinn. Þeir sem þó hafi séð leiðirnar í aðstæðum hafa ekki endilega verið í leit að nýjum ísleiðum eða talið þær löngu farnar. Hver veit?

Sá á kvölina...

Við Matteo veltum valkostunum fyrir okkur með kíki í hönd. Ég var enn spenntur fyrir Brynjudalnum, enda búinn að redda borvélinni og liggja mikið yfir myndum af mögulegum línum til að bolta. Er þó að sjálfsögðu alltaf spenntur fyrir einhverju nýju og spennandi auk þess sem færðin inneftir var stórt spurningamerki. Úr varð að við drifum okkur upp í Vesturbrúnir.

Labbið uppeftir tók um klukkutíma enda brött hækkun upp í 500-600 metra hæð, þar sem ísleiðirnar byrja. Tvær reffilegar leiðir blöstu þar við okkur. Hægri leiðin (sú sem sást neðan úr byggð) leit út fyrir að vera á WI5 bilinu, með einhverju þunnildi í miðri spönn. Vinstri leiðin var allt annar kapítuli – endaði í hrikalegu dinglandi kerti í lokahaftinu.

Við ákváðum að hag okkar og lífslíkum væri betur borgið í hægri leiðinni. Við einfórum um 30 metra alpajöpp upp að megin fossinum og muldum þar dýrindis syllu inn í hjarnið.

Ég hafði aldrei klifrað með Matteo en hann virtist vera með hlutina á hreinu þannig að ég bauð honum leiðsluna, Þar sem þetta leit út fyrir að vera frekar tæknilegt klifur og við myndum kannski halda áfram upp á topp féllst ég á að taka bakpokann hans upp.

Klifrið gekk hratt og vel fyrstu 15 metrana þar til kom að téðu þunnildi, sem reyndist vera vafasöm mixklifur hliðrun yfir í megin ísþilið. Hefði svo sem ekki verið í frásögur færandi nema af því maður kom inn í hana úr bröttum snjórampi og næsta trygging fyrir neðan var all nokkru neðar. Matteo leysti þetta afar vel og krúsaði gegnum fyrstu bröttu hreyfingarnar í þilinu með silalegri hægð. Neðan af stallinum mínum, í góðu skjóli undir litlu klettastáli, leit þetta út fyrir að vera slabbað og þægilegt, eins og flestar ísleiðir virðast gera neðanfrá séð. Skildi því ekki hvað síðustu metrarnir upp á brún voru að vefjast fyrir drengnum, mér sýndist hann standa þarna á syllu undir WI3 hafti. Það hafðist þó fyrir rest og Matteo fór síðan 10-15 metrana upp snjóbrekkuna og fann þar ísbunka fyrir akkeri. Á meðan Ítalinn gíraði og græjaði akkerið fór ég að búa mig undir að elta. Það var meira en að segja það að troða bakpokanum hans ofan í minn og þegar það loksins hafðist var ég kominn með klettþungt ferlíki á bakið – umtalsvert meira farg en maður er vanur að ísklifra með. Við vissum svo sem ekki út í hvers konar vitleysu við værum að fara svo við vorum báðir með alls konar klifurdót og hlý föt með okkur auk nestis.

Moby Dick um sæinn svamm

Fyrstu metrarir voru ekkert stórmál þó ísinn væri stökkur og ég væri kaldur eftir biðina í stansinum. Þegar ég kom í mixhliðrunina vandaðist málið. Var engan veginn að finna jafnvægi til að „kommitta“ á lykil mixgripið í hliðrun-inni – tröllvaxinn bakpokinn sá til þess. Eftir nokkuð japl, juml og fuður lét ég slag standa á gripinu og teygði mig yfir í fyrstu bunkana hinu megin. Þar tóku við nokkrar brattar hreyfingar þar til hægt var að stíga sæmilega í broddana. Það

Tekist á við bratta stöffið

tók glettilega á að klifra á tæpum löppum með fjandans Moby Dick á gandreið aftan á mér. Næstu 5 metrarnir voru brattir en þó viðráðanlegir. Þarna bunaði hressilega úr ísnum fyrir ofan, ég var enn ekki orðinn almennilega heitur og hanskarnir voru óðum að blotna. Þegar ég kom að lokahaftinu skildi ég af hverju Matteo hafði verið að vandræðast með þetta. Ég var þá orðinn rennandi blautur og ískaldur – var þess utan helpumpaður út af bölvuðum bakpokanum, sem var farinn að segja verulega til sín eftir 40 metra baráttu við G-kraftinn. Ekki hjálpaði til að ég hafði bara sofið í þrjá tíma um nóttina og þrótturinn var óðum að þverra eftir því sem leið á daginn. Það var því með súrar byssur og sært stolt, sem ég staulaðist upp í stansinn til Matteo – miður mín yfir að hafa strögglað svona við ekki erfiðari leið en þetta – ég sem taldi mig vera í mínu besta ísklifurformi... Matteo var öllu kátari og vildi kíkja hinum megin

Greinarhöfundur í aðkomuspönnunum

Kominn upp fyrir krúxkertið

við hrygginn á „erfiðu leiðina“. „Úff!“ hugsaði ég – enn erfiðara en þetta. Ég var alveg búinn á því og ekki spenntur að fara að leiða eitthvað massíft. Gat þó ekki annað en labbað til að skoða skepnuna. Við blasti eitt groddalegasta kerti sem við höfðum séð. Kertið lafði 5–6 metra fram af stóru þaki og mín fyrsta hugsun var: „NO F***NG WAY!!“ Ég sagði Matteo að ég teldi mig ekki eiga neitt í þetta miðað við hvernig fyrri leiðin gekk en ef hann treysti sér í leiðsluna, þá væri hún „up for grabs“. Við ákváðum að kertið biði betri tíma og héldum í staðinn beint upp snjóbrekkuna á topp Vesturbrúna. Hægri rennan sameinast alpaleiðinni upp Miðgil um 100 metrum ofar og er ljómandi skemmtilegt og þægilegt alpaklifur alveg upp á brún. Upp á Esjubrún komum við í stórkostlegu veðri. Þar var blankalogn og guli hnötturinn skartaði sínu fegursta á bláum himninum. Alveg magnað að sitja þarna léttklæddir á fjallstoppi í sólbaði að maula nesti með útsýni yfir Vesturbrúnirnar, Höfuðborgarsvæðið og Faxaflóann. Röltum svo í rólegheitum niður vestanmegin og skoðuðum þennan hluta Vesturbrúna í þaula.

Einfarinn Matteo silast í átt til siðmenningarinnar

Að vera eða vera ekki

Helgina eftir fékkst útivistarleyfi hjá yfirvaldinu og ég var búinn að véla Palla Sveins og Skabba (Skarphéðin Halldórsson) með út að leika. Matteo var að vinna alla helgina og komst því ekki með. Ég var búinn að liggja yfir myndum af kertinu í nokkra daga til að reyna að átta mig á stærðinni á þessu, hvort einhver séns væri að tryggja þetta með ísskrúfum eða klettadóti og hvort þetta væri klifranlegt yfir höfuð án limlestinga eða einhverju þaðan af verra. Ég sýndi Palla myndirnar til að reyna að espa hann upp í vitleysuna með mér. Ég taldi þetta vera eitthvað á WI6 bilinu og alls ekki viss um að ég ætti eitthvað erindi í þetta. Hann var bara hæfilega spenntur en þetta kitlaði hann þó aðeins.

Þegar við lögðum af stað um morguninn var enn ekkert niðurneglt. Palli hafði talað við Skabba svo ég vissi ekki hvað hann langaði til að gera. Ég var ekkert að reyna að selja WI6 hugmyndina mína allt of mikið, því ég vildi ómögulega plata menn með mér í eitthvað egó-mission, sem gæti svo endað með epísku „beili“ sem tæki allan daginn og allir yrðu hundsvekktir. Skabbi var hins vegar hvílíkt spenntur fyrir epík og Palli hafði tekið vinkilbeygju frá því ég sýndi honum myndirnar nokkrum dögum áður – vildi núna ólmur smakka þetta. Þar sem ég hafði lýst því yfir að ég ætlaði að leiða kertið, þá var þetta allt orðið öfugsnúið. Í stað þess að ég væri að draga þá með mér í eitthvað bull, þá voru þeir farnir að mana mig upp í hugsanlegt sjálfsmorðsmission. En jæja, það var sjálfsagt bara akkúrat það sem ég þurfti á að halda. Við þeystum upp á Kjalarnes og spændum upp brekkuna í fínu veðri. Skabbi tók að sér að leiða um 40-50 metra aðkomuspönn upp að fyrsta alvöru íshaftinu. Hann hefði farið lengra nema Pallywood leikstjóri heimtaði að fá að munda vídeóvélina með aksjón í nærmynd. Við Palli vorum samferða upp í stansinn og leist ekki vitund á það sem lúrði þarna fyrir ofan okkur. Kertið var ósköp einfaldlega ógnarstórt frá þessu sjónarhorni og lafði að því er virtist endalaust fram af þessu risa þaki – þannig að egóið datt snarlega ofan í rassvasann og mig langaði bara heim að skæla. En Palli er skynsamur maður og reynsluhokinn og náði að sannfæra mig um að fara alla vega upp að þessu og skoða almennilega.

Blóðbað í beinni

Ég var látinn leiða síðasta haftið upp á sylluna undir krúxkertinu í nærmynd. Til að krydda vídeóskotið aðeins fór ég af stað beint upp smá ísbólstra í stað þess að fara léttara klifur til hliðar. Það gekk svo stórkostlega vel að í öðru höggi, varla kominn af jörðinni, fékk ég stærðar íshnullung í smettið. Hnullinn opnaði myndar skurð þvert yfir nefið á mér svo blóð gusaðist út um allt. Doktor Palli smellti á mig plástri í snatri til að mér blæddi ekki út á staðnum. Síðan fór ég stórslysalaust léttara afbrigðið upp á sylluna og tók strákana upp til mín. Það var frekar yfirþyrmandi að klifra beint undir kertinu en Palli hafði rétt fyrir sér, það varð heldur minna eftir því sem ofar dró. Eftir ítarlega skoðun og pælingar um krúxspönnina leist mér skítþokkalega á þetta, ekkert annað að gera en henda á sig leiðslugírnum aftur. Ég tók allar stuttar ísskrúfur sem voru með í för til að geta tryggt í þunna ísinn á veggnum undir þakinu og skildi bakpokann eftir hjá strákunum – hafði ekki mikinn áhuga á að rogast með hann í gegnum þessi ósköp. Fyrstu hreyfingarnar voru strax frekar snúnar því neðst í veggnum var veikt lag sem molnað hafði úr og myndað lítið slútt. Það þurfti að fara þann kafla nánast eingöngu á framdrifinu. Fyrsta skrúfan var sett í pínulítinn ísbólstur og þurfti ég nánast að leggjast á hliðina af stallinum hjá akkerinu og teygja mig eins og ég gat til hægri. Þegar fæturnir komust svo almennilega í vegginn varð þetta viðráðanlegra og gekk ágætlega að tryggja. Ísinn hefði ekki mátt vera mikið þynnri en 13cm skrúfurnar rétt sluppu til og voru nokkuð sannfærandi. Ég kom inn góðri skrúfu með „screamer“ hálfum metra fyrir neðan þakið. Ég þóttist vita að eftir hana yrði lítið hægt að tryggja yfir höfuð og klifrið væri sennilega allt of erfitt til að reyna að jóðla einhverju dóti inn hvort eð er. Þrátt fyrir afkáralega stöðu rétt undir þakinu gaf ég mér góðan tíma í að hrista vel úr og manna mig upp í ferðalagið sem beið mín næstu metrana. Nú kæmi í ljós hverju allt ísbúlderið í Klifurhúsinu og hangæfingarnar heima í vetur hefðu skilað.

The leader must not fall...

Um leið og ísnum á megin veggnum sleppti varð þetta bæði bratt og erfitt. Ég krækti hægri öxinni í grunna skoru bakvið steinblokk undir þakinu og tók hátt layback upp í 10 sentimetra djúpa holu í klettinum, þar sem vinstri öxin húkkaðist skítþokkalega. Þaðan var löng hreyfing upp í grunna ís- og mosahvilft ofan við holuna. Klóraði aðeins með hægri öxinni og fann sæmilegt slott fyrir hana. Þegar hingað var komið var ég kominn alveg bakvið kertið án þess þó að ná til þess. Þurfti þarna að brjóta mér leið í gegnum tjaldið hægra megin við kertið með því að breiða út vænghafið og berja aftur fyrir mig út í tómið. Lappavinnan og pósurnar þarna voru athyglisverðar og líktust meira búlderi í Klifurhúsinu en ísklifri – „drop-knee“ fyrir allan peninginn og skrokkurinn nánast láréttur undir þakinu. Eftir nokkur dugleg högg opnaðist nógu stór

skora í tjaldið til að ég næði að troða toppstykkinu í gegn. Tókst þannig að húkka vinstri öxinni í litla holu utan á megin kertinu og þá var ekkert annað í stöðunni en að losa hægri öxina undan þakinu og reyna að koma sér almennilega út á kertið. Ég var ennþá með hægri fótinn í klettaveggnum en reyndi að spenna vinstra lærið aftan í kertið til að ná sæmilegri stöðu til að sveifla hægri öxinni. Var farinn að pumpast nokkuð þarna og þessi asnalega staða gerði mér erfitt um vik að ná almennilegum höggum. Eftir mikið stræð fór öxin inn fyrir rest og ég vippaði vinstri fæti framan á kertið en sú hægri var í hælkrók bakvið kertið.

Þarna var ég kominn ansi skuggalega langt upp og út fyrir síðustu ísskrúfu og hætt að standa á sama. Greip því næstu skrúfu af beltinu og byrjaði að bora. Skrúfan var bölvanlega bitlaus, (takk Skabbi) og ég í vondri stöðu til að ná að ýta almennilega á hana og það var ekki fyrr en í þriðju tilraun sem hún fór að éta sig inn í ísinn. Það skal alveg viðurkennast að á þessum tímapunkti var ég orðinn verulega pumpaður og paníkmælirinn kominn á glóandi rautt. Ég klippti því í skrúfuna þegar hún var komin hálfa leið inn og andaði léttar – hafði hreinlega ekki orku til að koma henni dýpra. Þarna var enga hvíld að fá og ég að pumpast út og því ekkert annað að gera en að klifra lengra upp. Ég reisti mig því upp á vinstri fótinn og gerði mig líklegan til að halda áfram. Reyndi að höggva með vinstri öxinni en það gekk skelfilega og öxin lafði á tæpri holu. Ætlaði þá að slaka mér aftur niður í hægri öxina til að hvíla þá vinstri en þar kom ég líka að tómum kofanum og byrjaði að leka af öxinni. Í nauðvörn greip ég í tvistinn í skrúfunni en lak af honum jafnharðan og hægri höndin söng sitt síðasta. Þar með var ég kominn í flugferð með vafasama skrúfu undir mér og næstu tryggingu einhvers staðar niðri á láglendinu - Bullocks! Til allrar lukku hélt skrúfan og ég endaði dinglandi í tóminu framan á miðju kertinu eftir frekar stutt fallið. Eftir smá hvíld tosaði ég mig upp línuna og rétt náði að teygja mig í hægri öxina og þaðan í þá vinstri. Næstu metrar voru sæmilega þægilegir og með ekki-svo-pumpaðar hendur gekk efri parturinn vel. Það voru samtals um 10 metrar af vandasömu WI4/4+ klifri upp í stansinn og ég notaði síðustu tvær skrúfurnar í hann. Gríðarlegur léttir... Palli var næstur á lista yfir fórnarlömb og fór með stóískri ró upp spönnina. Hann lenti í töluverðu basli með þunna ísinn undir þakinu og leysti mixdótið eitthvað öðruvísi en ég en komst þó klakklaust en vel verkaður upp í stansinn til mín.

Skabbi leysti þetta einnig vel og var jafn feginn og aðrir viðstaddir að þessum ósköpum væri lokið. Við sigum svo niður hver á eftir öðrum og dáðumst að snilldinni sem við höfðum náð að paufast upp.

Allt er þá tvennt er

Þegar ég kom heim var ég eðlilega sáttur með daginn og póstaði stoltur upplýsingum um frumferðina á vef Ísalp. Það fór þó að naga mig að hafa dottið í leiðslunni. Vissulega datt ég „með reisn“ (ef hægt er að tala um slíkt) – var ekkert að setjast til að hvíla mig heldur datt ég „eins og maður“. En „stíll fallsins“ skiptir víst ekki máli í klifri og rauðpunktur er ekki gildur nema spönn sé leidd frá upphafi til enda án þess að detta eða hvíla á búnaði. Föll eru svo fátíð í ísklifri að það reynir sjaldan á þessa „etík“ en í klettaklifri er þetta standard pæling. Mig óaði við því að einhver myndi atast í því síðar að ég hefði dottið og leiðin væri því tæknilega séð ókláruð og ég ætti jafnvel á hættu að einhver stæli heiðrinum af frumferðinni af mér. Við það varð ekki unað...

Ég kíkti á veðurspána. Kuldatíð næstu daga, bjart og flott veður um miðja vikuna. Ekkert annað að gera en að taka frí í vinnunni og plata einhvern með sér til að klára verkefnið. Matteo átti lausan dag sem hitti á veðurgluggann og við negldum niður missionið. Hann var jafn ákafur og ég að fara uppeftir hafandi misst af ævintýri helgarinnar.

Við spændum uppeftir enn á ný – ég í þriðja sinn og Matteo í annað sinn á einni viku. Í þetta sinn gekk klifrið eins og í sögu. Leiðin hafði ekkert breyst og ég klifraði kertið eins og enginn væri morgundagurinn. Var miklu afslappaðri en í fyrri túrnum, náði að stíga yfir í kertið í þetta skiptið og skrúfa bakvið það áður en ég tróð mér í gegnum klaufina á tjaldinu. Fór vandræðalaust í gegn og upp í stansinn án þess að vera alveg bugaður af pumpu. Matteo fylgdi svo á eftir og var duglega pumpaður en einnig himinlifandi með magnað klifrið.

Aldrei hefði ég trúað því sjálfur vikuna áður að ég ætti eftir að klifra þessa svakalegu leið. Horfði þá á kertið og hugsaði bara: „Ekki séns...!!!“ Hún hafði kostað blóð, svita og (næstum) tár, ein allra glæsilegasta og eftirminnilegasta leið sem ég hef farið. Maður getur oft meira en egóið heldur og maður veit aldrei hversu mikið maður á inni nema gefa sig allan í það.

Nafnið „Vopnin kvödd“ var valið af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi þá datt ég í fyrri túrnum og kvaddi þar með ístólin í fossinum fyrir ofan mig. Í öðru lagi var þetta kveðjuferð fyrir gömlu ísaxirnar mínar, ég hafði fengið tæknilegri axir lánaðar hjá Robba til að venja mig á nýmóðins ístól meðan ég beið eftir nýju DMM öxunum sem voru á leið til landsins. Í þriðja lagi er samnefnd bók eftir Ernest Hemingway yst í bókahillunni heima og blasir alltaf við mér þegar ég dingla á fingrabrettinu eða hangi á ísöxunum. Ég var því með þetta nafn í hausnum og vantaði bara nýja leið sem passaði við titilinn.

Við Matteo í góðri sveiflu

„Vopnin kvödd“ til vinstri og „Welcome to Iceland“ (WI5/6 R, 300m) til hægri

Texti: Lárus Hermannsson
Mynd: Daníel Magnússon

Fjallahjólreiðar á Íslandi

Undanfarin ár hefur Enduro fjallahjólaformið verið að ryðja sér til rúms.

Fyrsti Enduro viðburðurinn var haldinn á Íslandi síðastliðið haust. Það er ekki alveg á hreinu hvert má rekja upphafið á heimsvísu en ágætis sátt er um að setja upphafspunktinn árið 2003 í Frakklandi. EMBA (The Enduro Mountain Bike Association), samtök um Enduro fjallahjólaformið, voru formlega stofnuð 2012 með það að markmiði að styðja við og þróa greinina. Samtökin skilgreindu regluramma og settu heimsmeistaramót á laggirnar 2013. Enduro keppnisformið fyllti upp í ákveðið tómarúm og hefur notið vinsælda hjá áhuga-fjallahjólurum. Crosscountry (XC) hjólreiðar höfðu þróast út í að vera keppni í þoli á afar léttu hjóli og keppendur í þröngum göllum á meðan Downhill (fjallabrun) fór yfir í hinn enda öfganna með þung og mikil hjól sem enginn vill þurfa að hjóla upp í móti. Á sama tíma var venjulegt fólk að hjóla uppi í fjöllum og á slóðum á svokölluðum All-Mountain og Trail hjólum sér til skemmtunar. Slík hjól eru hönnuð til að fara miðja vegu, ekki of klunnaleg til að komast upp en með fjöðrun til að takast á við brekkurnar á leiðinni niður og torfærur.

Keppnisform þar sem slík hjól voru besta vopnið var ekki til staðar. Þegar Enduro var skilgreint var lagt upp með að fanga anda fjallahjólreiða eins og fólk stundar þær sér til gamans og láta formið reyna á alhliða færni. Niðurstaðan var að keppa á sérleiðum sem væru tæknilegar og vísuðu mestan part niður, viðmiðið er að lágmark fjórir af hverjum fimm metrum vísi niður. Keppendur ferðast saman þokkalega langa vegalengd en keppa aðeins á sérleiðum. Landslag á hverjum stað getur haft nokkuð að segja um framkvæmdina og hvort sérleiðir eru fáar og langar eða margar og stuttar. Almenna reglan er að reyna að ná samanlögðum heildartíma sérleiða í 20 mínútur hjá þeim bestu. Ferðalagið í heildina getur tekið allt frá þrem, fjórum og upp í tíu tíma. Þannig reynir á þrautseigju og styrk án þess að keppendur séu með æðakerfið á suðupunkti allan tímann, með magapínu og blóðbragð í munni. Keppendur eru þó orðnir lúnir í lok dags og þurfa að klára síðustu sérleiðirnar. Enduro formið er afar félagslegt í eðli sínu, keppendur ferðast saman í hóp á fjöllum og stoppað er í hressingu á fyrirfram ákveðnum stöðum.

Enduro Ísland var sett á laggirnar sumarið 2014 af nokkrum áhugamönnum um Enduro keppnir á Íslandi. Það varð strax ofaná að tala ekki um keppni heldur viðburð og fagnað enda er gleði, skemmtun, útivist, félagsskapur og fjör í forgrunni. Engu að síður er vandað til við framkvæmd keppninnar og vel búið að þeim sem vilja virkilega reyna með sér. Partý í endastöð er órjúfanlegur hluti af Enduroviðburðum og mikið lagt upp úr þeirri framkvæmd, góðum mat og nægum guðaveigum. Fyrsti viðburðurinn fór fram 20. september 2014, fjöldi var takmarkaður við 120 þátttakendur og seldist upp á stuttum tíma nokkrum dögum fyrir viðburðinn. Leiðin lá frá Dyradal í Hengli um Marardal, undir Húsmúla og út að Litlu Kaffistofu þar sem allir fengu kjötsúpu og drykki. Frá Kaffistofunni var hjólað upp Bláfjallaafleggjara og niður í Lækjarbotna um Jaðarinn, inn í Heiðmörk alla leið inn í Elliðavatnsbæ, 45km í heildina og tók þátttakendur 5-6 tíma að skila sér á leiðarenda. Gleðin og stemmningin í lokahófinu var alveg einstök. Það var ljóst að áhugi fyrir Enduroforminu var meiri en mátti þora að vona og að Enduro væri búið að stimpla sig inn á dagatalið.

www.facebook.com/enduroiceland

Úr varð að þrír viðburðir voru skipulagðir fyrir 2015, vor-, sumar-, og haustfagnaður. Vorfagnaðurinn var minni í sniðum en vel tekið. Sumarfagnaðurinn var haldinn á Akureyri í samstarfi við Hjólreiðafélag Akureyrar sem partur af stóru hjólahelginni 2015. Þar mættu til leiks rúmlega 80 þátttakendur. Byrjað var í Hlíðarfjalli og farið upp á Fálkafell hvar leiðin lá niður í gegnum Kjarnaskóg og inn í miðbæ þar sem loka sérleiðin lá niður Menntaveginn. Í partýtjaldinu við Bautann braust svo út mikill fögnuður í lokahófi. Haustfagnaðurinn 2015 var aftur haldinn í Henglinum en í þetta sinn lá leiðin frá Dyradal um austanverðan Hengil upp á Ölkelduháls og niður Reykjadal. Leiðin endaði inni í Hveragerði þar sem gleðin tók öll völd í frábæru lokahófi.

Reynslan af þeim mótum sem haldin hafa verið á Íslandi er góð og eins og við var búist sjást þar mörg andlit sem alla jafna keppa ekki í öðrum greinum. Þátttaka í viðburðum sem þessum er góður vettvangur til að komast í kynni við aðra fjallahjólara sem taka „fjalla“ í fjallahjól bókstaflega.

www.enduroiceland.com

Ágúst Þór Gunnlaugsson

Stuttu stráin

Hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur fylgir ákveðin áhætta. Að fara út að hjóla. Keyra bíl. Klifra. Skíða. Ef þú stundar eitthvað nógu lengi kemur að því að eitthvað fer úrskeiðis. Þú ferð að bíða eftir því að draga stutta stráið.

Febrúar 2004

Naustahvilft við Ísafjörð

Fyrsta nærslysið á fjallamennskuferlinum var á ísklifurfestivalinu á Ísafirði árið 2004. Að loknu 10 klukkutíma ferðalagi komumst við loks vestur. Það var nú meira ferðalagið. Klukkustundar stopp í Norðurárdal út af bílslysi. Við fréttum svo þegar að við komum til Hólmavíkur að tvær ungar stelpur hefðu dáið í því. Á veginum um Súðavíkurhlíð hafa mörg snjóflóð fallið um kvöldið en vegurinn er samt opinn. Einhver jeppi hefur þrykkt í gegnum flóðin en við erum á litla Focusinum hans Sigga sem situr fastur. Við mokum okkur í gegn eins og ekkert sé eðlilegra uns við komumst til Ísafjarðar um miðja nótt.

Að morgni er skaranum, um 20 manns, stefnt upp í Naustahvilft ofan við flugvöllinn þar sem fögur ísþil þekja klettana. Rétt áður en ég kemst efst upp í skálina þarf að hliðra fyrir klettahaft og þá gerist það. Einhver fyrir ofan mig tekur eitt skref og öll skálin fer af stað. Snjókögglar berast yfir mig eins og alda en í bræði minni næ ég að klifra upp og hliðra að klettunum. Jeminn eini! En ég er sá heppni. Sá sem stendur fyrir aftan mig skolast nokkur hundruð metra niður með flóðinu en endar á yfirborðinu, tiltölulega óskaddaður.

Neðar í hlíðinni hafði hópurinn sett af stað tvö smærri flóð, en samt var haldið áfram upp í stóru skálina. Tvö rauð flögg en enginn að fylgjast með. Við vorum of ákafir eftir langt ferðalag og ísinn í klettunum var of lokkandi. Ég hugsaði ekki mikið um það þá, um orsakirnar og hvað hefði getað gerst hefði ég verið aðeins til hliðar eða neðar. En ég gerði það síðar þegar að það varð ljósara fyrir mér að fjallamennska var ekki að öllu hættulaus. Árin liðu og fjallamennska og klifur var það sem ég hafði mestan áhuga á.

Naustahvilft

Janúar 2013

Route 66, Colorado

Eftir að hafa klifrað í Ouray ísgarðinum í viku ákveðum við að kíkja til fjalla og sjá hvað Colorado hafi upp á að bjóða þegar að kemur að löngum ísleiðum. Eftir klukkutíma akstur í suður frá Ouray komum við að yfirgefna námubænum Eureka, tökum bakpokana úr skottinu og höldum af stað upp í fjöllin.

Í aðkomunni klifrum við upp nokkur létt höft. Í einu þeirra er ég að koma upp á brún þegar að ísinn springur í kringum öxina og gefur sig undan vatnsþrýstingnum sem er fyrir innan. Við stöndum hissa og horfum á, ypptum svo öxlum og höldum áfram upp að megin haftinu.

Vá, svakalega er ísinn harður. Fossinn er í nokkrum stöllum en ótrúlega sléttur og fallegur. Rúnar græjar sig fyrir klifrið og við Stymmi látum fara notalega um okkur neðan við leiðina. Þetta er ótrúlega fallegur dagur, logn og sólin skín á fjallatindana. En við stöndum í skugganum, erum orðnir nokkuð vanir kuldanum sem verið hefur undanfarna daga, tuttugu stiga frost og logn. Eftir nokkra stund og 60 klifurmetrum síðar er Rúnar kominn upp á brún og við förum að búa okkur undir að elta hann upp. Stymmi færir sig aðeins til hliðar til að reima skóna sína en ég held áfram starfi mínu sem tryggjari.

Skyndilega öskrar Rúnar eitthvað sem við skiljum ekki í gegnum drunurnar frá ís sem steypist fram yfir brúnina. Himininn varð svartur, eins og Stymmi lýsti seinna meir. „Nei, nú er þetta búið“ hugsa ég og stend stjarfur eitt augnablik og horfi á ótrúlegt magn af ísmolum og vatni steypast fram og skyggja á himininn. Síðan kviknar á einhverjum sjálfvirkum hreyfingum og við Stymmi grúfum okkur saman og þrýstum okkur eins fast inn að veggnum og við getum. Höldum utan um hvor annan og bíðum af okkur hríðina af ísköglum og vatni sem lenda allt í kringum okkur. Allt í einu lendir moli á skónum mínum. Sársauki blandast við hræðsluna. Hríðinni slotar og við þorum að koma úr felum. Vatn streymir niður leiðina og allt í kring eru ísmolar af mismunandi stærð sem hrundu niður leiðina. Verkurinn í fætinum er frekar mikill. Eftir stutta skoðun virðist ég hafa sloppið ótrúlega vel. Molinn hitti á skóinn þar sem hann er stífastur en tjónið hljóðar upp á brotna litlutá á vinstri löpp. Ef Stymmi hefði ekki fært sig til hliðar við mig áður en skothríðin hófst hefðum við haft um annað að hugsa en eina brotna tá.



Klifrað í Colorado

Rúnar sígur niður og lýsir því hvernig eitt axarhögg opnaði stóran fleka sem brotnaði upp og ótrúlegt magn af vatni spýttist út undan ísnum. Við ákveðum að láta gott heita og höldum niður. Enn lendum við í vatnsveseni þegar að við sígum niður aðkomuhöftin. Stymmi pompar ofan í krapapitt og okkur þykir þetta ekkert fyndið lengur. Á göngunni út dalinn hittum við Robba, Sissa og Freysa sem höfðu klifrað aðra leið skammt frá okkar. Við setjumst niður og segjum söguna. Í fyrstu trúa strákarnir henni ekki en þar sem þetta virðist svo ótrúlegt þá hlæjum við saman af þessum óförum okkar.

Smáatvik hér og þar, fæst alvarleg en samt fór ég að velta fyrir mér hvort að ísklifur væri í raun og veru eitthvað sem ég hefði í alvöru áhuga á að stunda lengur. Mér fannst alltaf eins og ég væri að sleppa fyrir horn. Ég mettaðist einhvern veginn í Ouray. Fékk nóg í bili af klifri en hélt samt áfram að fara út að klifra, bara ekki með sama áhuga og metnað og áður.

Febrúar 2013

Nordenskjoldfjellet, Svalbarða

Það er svo kalt. Svo fáránlega kalt. Vindurinn bítur og ég stoppa til að fara í dúnúlpuna. Við erum á utanverðum hryggnum, á leiðinni á toppinn í nálægt þúsund metra hæð. Skíðafærið er ekki beisið, glæra harðfenni og grjótharðir rifskaflar. „Ætli það sé svona að skíða á hrauni? “ hugsa ég. Við erum fimm saman úr háskólanum sem ákváðum að fara á skíðum upp á Nordenskjöldfjellet. Flott fjall sem stendur ofan við Longyearbyen, stærsta kaupstaðinn á Svalbarða.

Af hverju vorum við ekki bara inni að spila og drekka kakó? Þetta er algjört rugl. Frostið síðustu daga hefur verið í kringum 20 stig og ég veit ekki hvað það er kalt þar sem við stöndum berskjölduð fyrir vindinum sem blæs af Íshafinu. Við sjáum sólina rétt ofan við sjóndeildarhringinn í suðri. Enn eru nokkrar vikur þangað til hún skríður yfir fjallstoppana og sést á ný í bænum.

Við færum okkur inn á norðurhlíðina þar sem að snjórinn er aðeins mýkri og skinnin fá betra grip. Dorothé lendir í einhverjum vandamálum með skinnin sín, Coleen og Ibai hjálpa henni með þau. Á meðan komum við Pete okkur upp á brúnina. Ég tek af mér lúffurnar og tek myndir. Eftir mínútu er ég hættur að finna fyrir fingrunum í þunnum flísvettlingunum og sting hendinni aftur í lúffurnar sem höfðu á þessum stutta tíma orðið stífar af frosnum svita. Pete er byrjaður að grafa holu. „Af því bara“ er svarið sem ég fæ þegar að ég spyr um tilganginn. Ég fer að moka með honum þangað til restin af hópnum kemur upp. Ætlunin var að fara stóran hring umhverfis Longyearbreen jökulinn en við sammælumst um að láta þennan tind duga í kuldanum. Við göngum lengra inn á fjallið þar sem lítill kofi fyrir einhverja sendistöð grúfir undir snjónum. Okkur hlýnar lítið við gönguna.

Á leiðinni til baka að brúninni mætum við hópi á sömu leið og við. Fremstur í flokki fer hávaxinn norskur strákur með buff um hálsinn og þunna húfu á höfðinu. „Það er bara ekkert svo kalt í dag!“ segir hann frekar ósannfærandi. Við bendum honum á risastóra hvíta kalbletti sem þekja kinnar hans og hann fer í ofvæni að finna fleiri föt í bakpokanum. „Hálfviti“, segi ég næstum því í gegnum lambhúshettuna og skíðagrímuna. Á brúninni búum við okkur undir að skíða niður. Dorothé er orðið virkilega kalt, skelfur og á orðið erfitt með fínhreyfingar. Við reynum að hrista í hana hita en nú er hreinlega komið að því að drífa sig niður.

Við leggjum af stað niður norðurhlíðina. Fremur stirðbusaleg af kulda, dúðuð frá hvirfli til ilja, rennum við okkur niður. Pete er nokkrum metrum hægra megin við mig á split-boardinu sínu.

Frá Svalbarða.

Frá Svalbarða.

Hin eru aðeins á eftir. Ég stoppa eftir stutt rennsli og horfi til baka. „Hvar er Pete?“ hugsa ég og lít í kringum mig. Þau fyrir ofan kalla og benda á eitthvað í snjónum. „Hvað er í gangi?“ kalla ég til þeirra. „Pete datt í sprungu!“ er svarað. „Ó nei. Þetta er ekki að gerast.” Ég tek af mér skíðin og brölti upp að sprungunni þar sem örþunn snjóbrú hafði brotnað undan Pete. Tek af mér skíðagrímuna og dreg lambhúshettuna frá andlitinu. „PETE!“ kalla ég niður. Ekkert svar. Ég sé niður ca. 5-6 metra á litla snjóbrú í sprungunni en svo er bara svart fyrir neðan. Kalla aftur. Ekkert svar. Restin af hópnum kemur nær. Við köllum áfram en ekkert svar berst upp úr sprungunni. Við sjáum hóp ekki langt frá okkur á hryggnum. Við biðjum þau um að hringja á lögregluna. Köllum áfram niður í sprunguna. Ekkert svar. Við erum ekki með línu eða neinn búnað til sprungubjörgunar, það var hvort eð er ekkert ætlunin að fara á neinn jökul. Eftir fleiri hróp og köll heyrist ennþá ekkert frá Pete.

Ég hugsa hratt. “Ok, nú er Pete sennilega dáinn eða að minnsta kosti slasaður, pikkfastur lengst ofan í sprungunni. Það er ógeðslega kalt og við öll berskjölduð gagnvart veðrinu og kuldanum og tveir klukkutímar í sólsetur. Dorothé er að detta í ofkælingu og er komin með kal, þannig að það þarf að koma henni niður sem allra fyrst.“ Algjört vonleysi grípur mig. Af hverju vorum við ekki búin að kanna leiðina og aðstæður betur áður en við lögðum af stað? Einbeitingin fer nú í að skipuleggja undanhald hjá restinni af hópnum en ég og Ibai stefnum á að bíða björgunarmannanna.

Skyndilega heyrum við eitthvað neðan úr sprungunni. Stunur og blót berast upp þegar að Pete skríður upp á snjóbrúna. „Ég endaði á hvolfi... fastur á brettinu“ stamar Pete. Við skiptumst á vel völdum kveðjum og upphrópunum. Til að slaka á spennunni byrja ég að taka upp video með glás af skítahúmor okkar á milli. Fyrir ótrúlega heppni hafði Pete sloppið án nokkurra meiðsla í fallinu. Með miklum erfiðismunum náði hann að losa sig úr brettinu og klifra broddalaus nokkra metra upp á snjóbrúna. Með því að tengja saman snjóflóðastöng, sling og spotta náum við að slaka annarri ísöxi niður til Pete og hífa bakpokann hans upp. Hann klifrar síðan upp á brún til okkar þar sem honum er tekið með faðmlögum og heitum drykk. Við náum sambandi við bæinn og afþökkum björgunaraðstoðina. Þá þegar var búið að kalla út björgunarþyrlu með mannskap til að koma okkur til hjálpar. Þegar við göngum frá búnaðinum og gerum okkur tilbúin til að leggja af stað niður sest Dorothé í snjóinn en dettur þá í gegn um sömu snjóbrú og Pete hafði opnað. Hún situr föst með rassinn í sprungunni en við togum hana upp og leggjum af stað niður. Við höfum fengið nóg af sprunguskoðun þennan daginn. Við skíðum niður gilið í átt að bænum þegar byrjað er að rökkva. Þegar að við komum heim hlaupum við frá skíðum og bakpokum úti, beint inn í heita sturtu. Um kvöldið eldum við saman og losum aðeins um spennuna sem byggðist upp yfir daginn. Pete slapp án þess að fá minnsta marblett og við sem trúðum ekki á kraftaverk fyrir daginn í dag endurhugsum þá afstöðu okkar.

Það var ekki fyrr en nokkru síðar að ég uppgötvaði að ég var farinn að fara mun minna á fjöll. Smátt og smátt fjarlægðist ég klifrið og tæknilega fjallamennsku. Neistinn var að slokkna. Í hvert skipti sem ég fór út að klifra velti ég því fyrir mér hvort að ég myndi draga stutta stráið. Ég einbeitti mér frekar að lengri vinnuferðum um jöklana á vélsleðum og jeppum. Allt virtist einhvern veginn öruggara á tækjum miðað við bratta klifrið og skíðun í snjóflóðabrekkum. Þetta var tiltölulega nýr heimur sem mér fannst heillandi. Ég ræddi þetta eitt sinn við reyndan klifrara, sem horfi á mig með undurnarsvip og skyldi hreinlega ekki hvað ég var að tala um. „Hvernig er hægt að hafa ekki gaman af klifri?“ spurði hann. Ég reyndi ekki að skýra þetta nánar.

9. júní 2015

Vestari Skaftárketill, Vatnajökli

Höggið þegar vélsleðinn skellur á neðri sprunguveggnum er ógurlegt. Ég kastast fram og ríf glerið af sleðanum, flýg í ótal kollhnísa og enda liggjandi, hinum megin við sprunguna, nokkrum metrum frá sleðanum. Ég stend strax upp og kjaga um, ríf af mér hjálminn og vettlingana. Það er blóð í snjónum og ég spýti blóði. Verkur fer um allan líkamann og adrenalín framleiðslan er í hámarki. Þegar ég sveifla höndum og fótum finn ég að ég er að minnsta kosti óbrotinn á útlimunum. Verkurinn neyðir mig niður á hnén og ég rúlla um í snjónum, vælandi og organdi.

Dísa nær að stoppa þegar hún sér mig taka flugið og stendur nú fyrir ofan sprunguna og horfir niður til mín. „Ágúst, settu á þig vettlingana, liggðu kyrr og settu hettuna á hausinn!“ segir hún í sama tóni og móðir gefur óþægu barni skipanir um að klæða sig betur. Ég reyni að hlýða. Verkurinn sjatnar lítið og ég finn hvernig líkaminn stirðnar allur upp. Nokkur hundruð metra í burtu er snjóbíllinn, þar sem þeir eru að bora í ketilinn. Ég fálma eftir talstöðinni í brjóstvasanum og manna mig upp í að kalla í Hlyn snjóbílstjóra. Fyrsta kall er bara kvalafullt org þar sem heilinn er ekki alveg tilbúinn í að mynda setningu. Í seinna kallinu næ ég að segja að ég sé vestan við hann og hafi lent í sprungu. Fljótlega næ ég að standa upp aftur og sé snjóbílinn á fljúgandi ferð með Bensa hálfan út um gluggann að tala í gervihnattasíma.

„Nú í fyrsta skipti, eftir mörg ár í björgunarsveit, er ég sjúklingur og fæ engu um það ráðið hvað er gert við mig.“

Ég geng í átt að snjóbílnum sem nálgast óðfluga. Hlynur stekkur út og ég sé það á svipnum að honum líst síður en svo á útlitið á mér. „Hvað segirðu drengur minn“ segir hann á innsoginu. „Náðu í Dísu“ segi ég í gegn um samanbitnar varirnar. Næ að klifra upp í snjóbílinn og byrja að týna af mér fötin. Ég titra allur og skelf og finnst ótrúlega kalt. Utanyfirbuxurnar eru lítið skaddaðar en þegar ég skoða flísbuxurnar sé ég gat með blóði við vinstra hné. Fer úr buxunum og í ljós kemur mjög djúpur skurður sem nær inn að beini eða sin. Það blæðir samt ótrúlega lítið úr sárinu, gat verið mun verra. Að öðru leyti virðist ég hafa sloppið við önnur sár.

Ég er ekki í vélsleðabrynjunni minni. Djöfulsins andskotans helvítis hálfviti geturðu verið. Ég hafði notað hana dagana á undan á sleðanum. Um morguninn hafði ég verið eitthvað þreyttur og utan við mig. Gleymdi að taka sprungubjörgunardótið þangað til einhver minnti mig á það. Ég sem hafði vonast eftir að geta verið á bíl í dag til tilbreytingar. Allar hreyfingar eru sársaukafullar fyrir bakið og magann. Ég leggst niður og reyni að hreyfa mig sem minnst. Við ökum af stað til að komast upp úr katlinum og í betra símasamband. Hlynur situr frammí og talar við svæðisstjórnina á Hvolsvelli. Margt að gerast í talstöðinni en ég næ ekki helmingnum af því sem er í gangi. Við stoppum og tökum stöðuna. Nú í fyrsta skipti, eftir mörg ár í björgunarsveit, er ég sjúklingur og fæ engu um það ráðið hvað er gert við mig.

Strákarnir gera að sárinu, loka fyrir það og við athugum hvort að það sé einhver aflögun á bakinu eða hryggnum. Ekkert við fyrstu skoðun. Ég anda léttar. Samt er ég allur stífur og erfiður og það að setjast upp er nánast ómögulegt vegna sársauka. Við ökum lengra og þar sem ég ligg á bakinu með svefnpokann yfir mér safna ég kjarki til að þreifa á mér magann. Óttinn við innvortis blæðingu vegna brynjuleysisins hellist yfir mig. Jú, maginn er allur pinnstífur en mismikið þó. Andskotinn.

Reikistefnan í talstöðinni heldur áfram. Spurt er hvort að það sé þyrluveður. Við sjáum bláan himin fyrir ofan okkur og skyggnið til allra átta er um kílómetri. Það á eftir að taka marga klukkutíma að koma bílum og öðrum snjóbíl inn í Jökulheima til að sækja mig þangað. Að ógleymdri hættunni á krapafestum og öðru veseni. Að lokum kallar þyrlulæknirinn í Tetra stöðinni og ég lýsi því fyrir honum hvað gerðist. „Við komum og sækjum þig. Sjáumst á eftir!“ segir hann eftir að hafa fengið lýsinguna. Ég verð mjög feginn. Hlynur skipar mér að hringja heim og láta vita hvað hafði gerst. Ég næ að halda kúlinu í gegnum símtalið við pabba en síðan finn ég hvernig sjokkið kemur. „Jæja. Nú kemur það“ hugsa ég. Í tvær mínútur verð ég voða lítill og allt virðist vonlaust.

Loks finnast sterk verkjalyf og við höldum litla kökuveislu aftur í snjóbílnum. Nú var bara að bíða eftir þyrlunni. Steini kemur á harðaspretti á Land Rovernum frá Grímsfjalli en hann keyrir svo hratt að hann er kominn langleiðina niður Tungnárjökul þegar hann er kallaður til baka. Hann heimtar að ég taki pillurnar sem hann kom með í rall-akstrinum. Eftir klukkustund fara lyfin að virka og ég get orðið hreyft mig í snjóbílnum. Rétt áður en að þyrlan kemur til okkar dregur ský fyrir sólu og skyggnið hverfur. Við heyrum í þyrlunni fljúga yfir og þá hefst eltingaleikur sem stendur í klukkustund þar sem þyrlan leitar að lendingarstað. Að endingu finnur þyrlan stað til að skella sér niður úr skýjunum og lendir. Mér líður hálf asnalega þegar að læknirinn nær í mig í snjóbílinn þar sem ástandið á mér er orðið mun betra og ég geng sjálfur út í þyrluna.

Nokkrum klukkutímum síðar stend ég í andyrinu á bráðamóttökunni í rifnum og blóðugum ullarbuxum, kuldaskóm og þykkri úlpu og geng út í kyrrt sumarkvöldið í Reykjavík. Með nokkur spor á hnénu og uppáskrift á verkjalyf og skipun um að hafa mig hægan næstu daga. Vikur líða, verkirnir koma og fara, sárið grær og mér finnst ótrúlegt hvað hægt er að sofa marga klukkutíma á sólarhring. Hvort sem um var að ræða heppni eða eitthvað annað, þá er ég fyrst og fremst þakklátur fyrir að ekki fór verr.

Dró ég stutta stráið sem ég hef beðið svo lengi eftir? Var þetta gula eða rauða spjaldið? Hvert sem svarið er, þá veit ég að ég hlakka til næsta vetrar. Hvort sem það er að klifra ís með góðum vinum, fara á skíði á fallegum degi eða horfa á sólina setjast yfir víðáttu Vatnajökuls, þá veit ég að þar vil ég vera.

Árni Stefán Haldorsen

L'alpiniste du Canapé

Sófaklifrarar

Sófaklifrarar, þ.e. L'Alpiniste du Canapé, eru einn stærsti hópur klifrara á heimsvísu. En eins mikið og skrifað hefur verið um þjálfun, búnað og ævintýri klifrara er stór eyða þegar kemur að sófaklifrurum. Í þessum stutta pistli verður reynt að fara yfir helstu þætti sem snúa að þessum gleymdu börnum klifursamfélagsins.

Hvers vegna að gerast sófaklifrari

Ástæður þess að óbreyttir klifrarar kjósa að gerast sófaklifrarar eru eins margar og þær eru mismunandi en hér á eftir verður farið yfir nokkrar þær algengustu. Ef þú hefur hugsað eitthvað af þessum atriðum og sleppt góðum degi af vosbúð og hræðslu í kjölfarið eru góðar líkur á að þú, lesandi góður, sért sófaklifrari.

- Það eru svo margir búnir að fara þessa leið í vetur.
- Það verða pottþétt betri aðstæður næstu helgi.
- Það er lægð á leiðinni.
- Aðkoman að þessu er allt of löng.
- Klifraðir vs. gengnir metrar hlutfallið er slæmt.
- Það var lægð í vikunni.
- Ég vil ekki eyða tímanum mínum í svona léttar leiðir.
- Það voru miklu betri aðstæður seinustu helgi, bíðum þangað til þetta bunkast aftur.
- Fann ekki pössun fyrir börnin.
- Er að fara að djamma í kvöld, klifra ekki þunnur.

Nauðsynleg þekking sófaklifrarans

Eins og með alla aðra klifrara skipta kunnátta og geta minnstu máli. Það sem mestu máli skiptir er að líta vel út og að eiga nokkrar góðar sögur. Þessar sögur þurfa augljóslega ekki að eiga neina stoð í raunveruleikanum frekar en maður vill. Nauðsynlegt er að þekkja til helstu frumkvöðla fjallamennskunnar og klifurs, t.a.m. Messner, Gullich eða Cassin. Ekki síður er mikilvægt að þekkja til þekktra höfunda á borð við House, Kirkpatrick, Twight og Yates. Að lokum er nauðsynlegt að vera með puttann á púlsinum þegar kemur að klifurafrekum samtímans og augljóslega hafa skoðun á þeim. Var Dawn Wall klifurafrek aldarinnar? Hver er þessi Ueli Steck? Er Chris Sharma kynþokkafyllsti maðurinn á þessum hnetti? Þessu þarf sófaklifrarinn að geta svarað. Klifurorðaforði skal vera fullkominn, reyndir sófaklifrarar skulu geta haldið uppi samræðum í lengri tíma án þess að leikmenn hafi einhverja hugmynd um hvað helmingurinn af orðunum þýðir. Að lokum er nauðsynlegt fyrir sófaklifrarann að þekkja hin ýmsu gráðukerfi og, augljóslega, hafa skoðun á gráðum. Gaur, 5.10 á Hnappó væri aaaldrei 6a á Spáni, plííís.

Búnaður sófaklifrarans

Þar sem sófaklifrarinn hefur ekki þörf til að eyða sínum dýrmæta tíma í óþarfa, líkt og aðkomur, uppsetningu tjaldbúða eða klifur, hefur hann nægan tíma til þess að fylgjast með helstu stefnum og straumum í búnaði. Er ATC betra en Reverso? Er Quarkinn besta alhliða öxin? Hvaða broddar eru heppilegastir fyrir Postulínsleiðina? Við þessu öllu, og fleiru, hefur sófaklifrarinn svör. Búnaður sófaklifrarans er undantekningalaust sá besti sem völ er á hverju sinni: Heitustu frendarnir, léttasta tjaldið, broddar sem borða ís í morgunmat og axir sem klifra sig sjálfar á allt sinn stað í búnaðarherberginu.

Æfingahringur sófaklifrarans

Æfingahringur sófaklifrarans skiptist í grófum dráttum í fjögur tímabil, vetur og sumar eru stærstu tímabilin en jaðartímabilin, þ.e. vor og haust, eru ekki síður mikilvæg. Á jaðartímabilunum fer fram undirbúningur fyrir aktívu tímabilin, brýning axa (þó svo þær séu enn beittar frá seinasta vetri), preppun skíða, lestur leiðarvísa og skipulagning ferða sem er þó ólíklegt að tími gefist til þar sem sófaklifrarinn hefur almennt annað og betra að gera en að fara í leiðangra. Andleg þjálfun er, eins og vel er þekkt, afar mikilvæg fyrir hvers kyns fjallamennsku. Sófaklifrarar eru almennt vel settir þegar kemur að þessu enda hafa þeir yfirgripsmikla þekkingu á öllu því sem við kemur klifri og byggja auk þess að reynslu og þekkingu frumkvöðla gegnum lestur bóka o.þ.h. Æskilegt er einnig fyrir sófaklifrarann að vera áskrifandi af sem flestum klifurtímaritum til þess að geta einnig notfært sér reynslu brautryðjenda líðandi stundar. Á aktívu tímabilunum gefst sjaldnast tími til stórræða þar sem fjölskylduútilegur, jólaboð, hjólreiðar eða Cross Fit og annað slíkt krefst óskiptrar athygli sófaklifrarans. Góður undirbúningur á jaðartímabilum getur þó skilað miklu ef svo færi að tími gæfist til að kíkja eitt kvöld í Valshamar eða svo.

Reynslusögur sófaklifrara

Því miður fundust engar reynslusögur sófaklifrara við gerð greinarinnar.

Annað sem við kemur sófaklifrurum

Í fleiri horn er að líta fyrir reynslumikla og metnaðarfulla sófaklifrara. Sem dæmi má nefna að sófaklifrarinn þekkir vel hvaða þurrmatur er bestur, þá sérstaklega til lengri tíma. Hann þekkir áhrifaríkustu leiðirnar til að lágmarka tíma við að skipta um leiðslu í stansi og er fullnuma í félaga- og sprungubjörgun (í það minnsta á blaði). Göngutækni í aðkomum til að lágmarka orkunotkun er gallalaus og svo mætti lengi telja.

Til stóð að greinin væri lengri en sem ábyrgðarfullur sófaklifrari hef ég í mörg önnur horn að líta og því verður hér staðar numið.

Texti: Védís Ólafsdóttir
Myndir: Védís Ólafsdóttir
& Stuart Montgomery

Klifur í Kína

Yangshuo - Getu

Árið 2013 eyddi ég sex mánuðum í smábænum Yangshuo í Kína (300.000 manns) og vann fyrir fyrirtæki sem skipuleggur skólaferðir fyrir alþjóðlega krakka. Í frítímanum flakkaði ég um klifursvæði í nágrenninu og í lok tímabilsins skrapp ég í 10 daga ferð yfir í Getu dal sem margir þekkja frá Petzl Rock Trip 2011. Í þessari grein ætla ég að fjalla stuttlega um svæðin tvö.

Yangshuo grúfir sig milli brattra tinda sem stinga kollum sínum upp úr víðfeðmri sléttu. Fyrir milljónum ára var svæðið sjávarbotn sem hóf að rísa þegar Indland rakst á Asíu. Þegar landið lyftist myndaði sjórinn vatnsæðar sem surfu sig niður í jörðina og skyldu eftir sig tugþúsundir brattra kalksteinsfjalla sem líta út eins og Hugleikur Dagsson hafi teiknað þau.

Yangshuo er vinsæll ferðamannabær og hefur vaxið hratt á síðustu árum. Þar – líkt og víða í Kína – ríkja miklar andstæður, þúsundir efnaðra ferðamanna flæða um bæinn en allt í kring vinnur fólk á hrísgrjónaökrum eða röltir um með vatnabuffalóa í bandi. Flestir túristarnir fara í siglingu á bambusbátum á ánni eða í hjólatúr á tandem hjóli og það er þeim að þakka að í bænum má finna fín kaffihús, veitingastaði; bæði kínverska og alþjóðlega, hjólaleigur, hótel, farfuglaheimili, diskótek, bari og svo má lengi telja. Þarna er lítið mál að borða dýrindis mat fyrir um 200 íslenskar krónur. Aðal matarmarkaðurinn í Yangshuo er áhugaverður en þar er mikilvægt að ganga úr skugga um að matvaran sé fersk og því er flest kjötið enn lifandi þegar það er keypt. Þar má finna ýmsa framandi rétti svo sem froska, skjaldbökur og hunda. Klifursvæðin eru á víð og dreif í kringum bæinn. Samtals eru fleiri en 1000 klifurleiðir á rúmlega 50 svæðum. Klifrið er fjölbreytt og hentar bæði byrjendum og lengra komnum. Þarna er að finna margar léttar en áhugaverðar leiðir með hellum, túfum og yfirhangi. Þrátt fyrir að allar leiðirnar séu í kalksteini eru aðeins allra vinsælustu leiðirnar slípaðar. Flestar leiðirnar eru einnar spannar en nokkuð er af frábærum fjölspanna leiðum. Bestu leiðirnar fara alla leið upp á topp á fjöllunum og þá tekur við spennandi ferðalag niður aftur.

Yangshuo eftir rigningu

Yulong áin

Dæmi eru um að af toppnum sé sigið niður að helli, sem síðan er fylgt í gegnum fjallið og þá taki við sig niður allt fjallið hinum megin. Það er vissara að fá nákvæmar leiðarlýsingar frá kunnugum svo maður villist ekki óþarflega mikið. Leiðarvísirinn af Yangshuo er handteiknaður en merkilega góður og fæst í flestum klifurbúðum í bænum. Leiðirnar eru bæði skráðar í evrópskum og bandarískum gráðum. Það tók örlítinn tíma að venjast leiðarvísinum, en í upphafi villtist ég oftar en einu sinni í leit að klifursvæði. Til að komast að bestu svæðunum þarf að leggja á sig svolítið ferðalag. Hvíta fjallið og Eggið, sem eru frábær svæði, eru til að mynda í 45 mín hjólatúr frá bænum. Það er þægilegast að hjóla á klifursvæðin en einnig er hægt að leigja vespu eða taka leigubíl. Yfirleitt eru hjólatúrarnir algjörlega þess virði enda blasir landslag þessara fjarstæðukenndu fjalla alls staðar við. Steinboginn Moon Hill er kennileiti klifursvæðisins í Yangshuo en hann er aðeins eitt af ótal góðum svæðum. Stemmingin á svæðinu er það sem setti punktinn yfir i-ið. Að heyra tónlist vinnufólksins, kínverskar óperur, óma á ökrunum á meðan ég klifraði. Svo mátti jafnvel heyra skvamp vatnabuffalóanna í takt þegar þeir skokkuðu á milli vatnspollanna.

Sumrin eru mjög heit og rök í Yangshuo svo haust og vetur henta best til klifurs. Á veturna rignir en mörg klifursvæðin haldast þurr í rigningu. Á hvíldardögum er nóg að gera.
Á sumrin og haustin er hægt er að fá sér sundsprett í heitri á og alltaf er hægt að hjóla í litlu bæina í kring eða ganga upp að TV Tower fyrir ofan bæinn. Það er frábært að slacklinea í almenningsgarði Yangshuo og dregur það að sér tugi forvitinna áhorfenda. Til að falla betur inn í hóp kínversku túristanna er hægt að leigja sér tandem hjól. Það eru ýmsar leiðir til að komast til Yangshuo. Frá landamærum Hong Kong/Kína er best að taka næturrútu. Við Guilin (1,5 klst norður frá Yangshuo) er líka flugvöllur og þaðan má taka leigubíl. Fæstir Kínverjar utan stórborganna tala meiri ensku en „hello“ og því er gott að undirbúa ferðalagið vel. Allir útlendingar þurfa vegabréfsáritun til Kína, og er auðveldast að fá hana hér heima á Íslandi.

Á meðan ég dvaldi í Yangshuo dreymdi mig um að fara til Getu dalar sem er í Guizhou, næsta héraði við Guanxi. Frásagnir og myndir af svæðinu sýndu stóra steinboga og heilan dal af klifri án ferðamanna út um allt. Svæðið hlaut heimsathygli í gegnum Petzl Rock Trip 2011 en samt sem áður fara þangað örfáir. Ein ástæða þess er að það getur verið hausverkur að finna bestu leiðina til Getu; næturlestir, rútur, leigubílar. Ferðalagið er langt en algjörlega þess virði. Svæðið er ólíkt Yangshuo að því leyti að það hefur ekki enn orðið ferðamönnum að bráð. Undirbúningur fyrir komu þeirra er þó þegar hafinn.
Til dæmis hefur verið byggð lyfta inni í einum af stóru bogunum sem svæðið er þekkt fyrir. Aukinn ferðamannastraumur gæti þó auðveldað ferðalagið til Getu. Þeir sem leggja leið sína til Getu eru fyrst og fremst klifrarar og þeir gista flestir á sama gistiheimilinu. Eigendurnir tala ekki ensku en treysta á komu klifraranna. Ég borgaði 1000 krónur á dag fyrir gistingu og kvöldmat. Ég þurfti bara að læra að horfa fram hjá rottunum sem bjuggu á þakinu á eldhúsinu. Það er engin búð í bænum, bara örlítil sjoppa. Klifursvæðin eru í allt að 40 mín göngufjarlægð frá gistiheimilinu, en hægt er að húkka sér far áleiðis ef maður er heppin(n). Klifrið í Getu er ekki jafn byrjendavænt eða stórt og svæðið í Yangshuo, en er algjörlega magnað. Dalur umlukinn himinháum kalksteinsveggjum sem standa uppúr hrísgrjónaökrunum. Á hvíldardögum er hægt að ganga um akrana eða yfir í merkilegan bæ sem er byggður inni í helli.

Eggið – Frábært klifurfjall



Horft upp klifurleið

1

2

3

4

5

1. Olivia í störukeppni við vatnabuffaló
2. Steinbogarnir í Getu dal
3. Að hjóla á klifursvæði
4. Eitt helsta kennileyti Yangshuo, Moonhill.
5. Fjöll í fjarska

Texti: Jónas G. Sigurðsson
Myndir: Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
& Andri Már Ómarsson

Beztu 5.10 á landinu

Fimm-tíu; svo miklu erfiðari en fimm-níu sagði einhver. En erfitt er það sem þetta snýst allt um.



Bjöggi í „Karlinn í Brúnni“

Í þessari grein verður farið yfir þær leiðir sem greinarhöfundur telur að enginn sem getur eða vill geta klifrað 5.10 ætti að láta fram hjá sér fara. Sumar af þessum leiðum eru óumdeilanlega frábærar en aðrar eru frábær eintök af vissum klifurstíl. Einhverjar leiðir eru einfaldlega tengdar góðum minningum eða eitthvað í þeim dúr. Þessum lista skal því ekki tekið hátíðlega. Ekki gleyma að munurinn á hræðilegri leið og góðri leið getur verið svo lítill sem eitt grip á réttum stað, hugsanlega vel falið, sérstaklega á Hnappavöllum. Leiðirnar sem lentu á listanum eru 19 talsins. Af hverju 19? Vegna þess að 19 er áttunda prímtalan, átta er önnur teningstalan og tveir er grunntala tvíundakerfisins sem er grunnur allra tölvusamskipta sem stjórna heiminum. Með öðrum orðum, 19 er fullkomlega handahófskennd tala sem ég endaði í eftir að hafa hugsað vel og lengi hverjar væru bestu 5.10 leiðir landsins.

Valshamar í Hvalfirði

Valshamar er byrjendavænt svæði sem einkennist af slabbklifri. Í Valshamri taka margir klifrarar sín fyrstu skref í leiðslu. Sólin skín þar langt fram eftir kvöldi á sumrin, tilvalið fyrir klifur eftir vinnu. Í Valshamri eru flestar leiðirnar undir 5.10 og því er aðeins ein leið þaðan á listanum. Fyrir miðjum vegg eru nokkrar leiðir sem myndu ekki flokkast til slabbleiða, áberandi horn með perlunni „Gollum“ (5.11a) að utan og 5.10a leiðinni **„Sumardraumur“** að innan. Nokkuð er um lítil fótstig og litla kanta en á síðustu metrum leiðarinnar er stór hola með juggara sem er bæði kærkominn til að hrista aðeins úr höndunum en líka til að standa í og pústa aðeins fyrir síðustu hreyfingar leiðarinnar. Fullkomið verkefni fyrir þá sem eru búnir að fara „Eilífur er ekki hér“ (5.8) of oft.

Pastirnar undir Eyjafjöllum

Ólíkt flestum klifursvæðum landsins eru Pastirnar ekki úr basalti heldur djúpbergstegundinni ankaramít. Ég myndi ganga svo langt að segja að allar leiðirnar í Pöstunum séu góðar, gróf áferð á berginu gefur gott grip og formið á því býður yfirleitt upp á nóg af gripum. Pastirnar eru frekar lítið svæði með 13 boltuðum leiðum en þar af eru 7 gráðaðar 5.10 og því eru þrjár af bestu 5.10 leiðum landsins þar.

„Vippan“ (5.10c) er mjög stutt, minnir helst á grjótglímu. Leiðin er vel í fangið, geymir 7 cm djúpan mono og býður upp á kraftmiklar hreyfingar. Er hægt að biðja um meira?

„Geirvartan“ (5.10c/d) er önnur snilldar leið. Neðst fylgir leiðin augljósri sprungu fullri af juggurum sem liggur upp að áberandi þaki. Fyrsta krúx leiðarinnar er að koma sér upp fyrir þakið. Þar er hægt að pústa aðeins áður en haldið er áfram upp að næsta krúxi. Kaflinn milli krúxanna er nokkuð þægilegur þangað til komið er upp í tvo slópera. Þar berar leiðin sig og geirvartan blasir við. Best er að henda sér á geirvörtuna sem ef til vill hendir þér af sér. Óstaðfestar fregnir herma þó að til sé leynibeta sem gerir klifraranum kleyft að teygja sig upp í geirvöruna. Þaðan er svo auðvelt klifur upp á topp þar sem leiðin deilir akkeri með leiðinni „Sóley“ (5.8).

„Langi Seli“ (5.10d) er lengsta leiðin í Pöstunum. Leiðin byrjar á mjög tæpum jafnvægishreyfingum á slabbi þar sem lítið er um tök. Eftir krúxið í byrjun tekur við mjög flæðandi klifur þar sem að klifrarinn gjörsamlega gleymir stað og stund og hálf flýtur upp þar til að hann stendur loks uppi á topp. Hægt er komast hjá krúxinu í byrjun með því að byrja á að klifra fyrstu metrana í „Gleym-mér-ei“ (5.6) og hliðra síðan yfir í „Langa Sela“ við þriðja bolta. Þá fær leiðin gráðuna 5.10a.

Hnappavellir í Öræfum

Hnappavellir eru stærsta sportklifursvæði landsins. Þar eru fjölmargar 5.10 leiðir til að velja úr, allt frá því að vera ekkert svakalega eftirminnilegar yfir í heimsklassa leiðir. Hnappavellir hafa því vinninginn þegar kemur að svæði sem inniheldur flestar af bestu 5.10 leiðum landsins.

Hádegishamar var ekki rosalega vinsælt svæði framan af, leiðirnar stuttar og fáar. Árið 2011 datt einhverjum hinsvegar í hug að ganga aðeins austur eftir klettunum og skoða hvort þar væri ekki pláss fyrir fleiri leiðir. Það varð til þess að Hádegishamar eignaðist 11 splunkunýjar leiðir, frá 5.4 upp í 5.13c og varð eitt af vinsælustu svæðum Hnappavalla. Þrjár af nýju leiðunum rata á þennan góða lista.

„Herra Alheimur“ (5.10a/b) er stutt og góð, byrjar strax með aksjón við fyrsta bolta, hliðrar fljótlega til hægri og svo beint upp á syllu. Í leiðinni er eitt frekar falið lykiltak, hliðarvasi innan um skrautlegan gróður. Klassískt Hnappavallaklifur.

„Hellisbúinn“ og **„Steinbúinn“** (5.10a) eru mjög svipaðar leiðir; brattar, grófar og minna einna helst á kalksteinsklifur. Þessar henta mjög vel fólki sem hefur hamast heilan vetur í Klifurhúsinu.

Miðskjól er án efa vinsælasta svæði Hnappavalla þar sem að þú getur nánast setið inni í tjaldi og tryggt félaga þinn eða tekið tvö skref út úr bílnum. Miðskjól inniheldur margar mjög góðar leiðir en líka nokkrar furðulegar. Þar er meðal annars mest klifraða leið landsins „Páskaliljur“ (5.6). Í Miðskjóli er líka fyrsta boltaða leiðin á Hnappavöllum, **„Janus“** (5.10a), guð hins mikla upphafs í rómverskri trú. Hér klifra margir sína fyrstu 5.10, greinarhöfundur þar á meðal. Hún skipar því ákveðinn tilfinningasess í klifurmenningu Íslands. Leiðin er vissulega góð, auk þess að vera viðmið Íslendinga fyrir hvernig 5.10a skuli vera. Krúxið er að komast í annan bolta þar sem puttastyrkur og langar hendur hjálpa mikið, það síðara er þó alls ekki nauðsynlegt. Eftir það verður leiðin auðveldari án þess að vera algjörlega búin. Hún nær góðu flæði, hefur góð tök og áhugavert berg, sérstaklega efst.

Þorgeirsrétt hefur fáar leiðir en góðar og má ég til með að mæla með „Bagdad Café“ (5.11d). Framlag Þorgeirsréttar til listans er hins vegar **„Kokteill“** (5.10d). Eins og nafnið gefur til kynna er leiðin eins mikil blanda af klifurstílum og gripum eins og hugsast getur. Leiðin byrjar á léttum hreyfingum upp slabb að yfirhangi. Hér er jafnvel hægt að detta í tvær hreyfingar af sprunguklifri ef stemmingin er svoleiðis. Þaðan tekur við stutt dænó úr juggara í stóra holu og áfram upp á slabb með köntum og slóperum. Þegar komið er upp á slabbið þarf að traversa út til hægri á lóðréttan, kantaðan vegg sem endar á langri hreyfingu upp í undirtak. Það eina sem hægt væri bæta við þessa leið til að auka á fjölbreyttni væri strompa eða off-width klifur. Algjör snilld!

Öldubóll hefur að geyma frábærar leiðir eins og „Kabaret“ og „Leikið á als oddi“, sem eru 5.11a og 5.12a viðmið Íslendinga. Þetta eru oft fyrstu leiðirnar sem íslenskir klifrarar klifra af þessum gráðum.

„Þríeykið“ (5.10b) er mjög stutt leið, einungis tveir boltar og akkeri. Frábær leið sem er í raun ekki meira en grjótglíma sem endar aðeins of hátt til að hafa bara dýnur undir. Vel yfirhangandi en öll tökin eru mjög góð, þar til að komið er að akkerinu. Greinarhöfundur datt niður fyrir fyrsta bolta efst úr leiðinni. Sýnið því aðgát þar og munið að það sem lítur út fyrir að vera góð sylla rétt fyrir ofan akkerið, er það ekki.

„Can can“ (5.10b). Þessi fer hiklaust á topp 10 listann yfir bestu sportklifur leiðir landsins. Byrjar inni í kverk undir Kabaret-þakinu á nokkuð snúnum jafnvægishreyfingum en eftir það taka við juggarar með frábærum bilum á milli. Á miðri leið er góð sylla þar sem hægt er að skorða sig af í „no-hands rest“, þrátt fyrir að vera mjög yfirhangandi þar. Af syllunni heldur leiðin áfram að akkerinu í sama stíl, langar hreyfingar á góðum tökum.

Vatnsból skipar einnig stóran sess í klifurmenningu Íslendinga, þar er viðmið okkar fyrir 5.13b, „Sláturhúsið“ og einnig „Ópus“ (5.13d) sem er erfiðasta leið landsins og var erfiðasta leið Norðurlandanna þegar hún var sett upp. Þar eru líka nokkrar fáfarnar dótaleiðir.

„Sírenur“ (5.10c) var upprunalega sett upp sem dótaleið og fékk þá gráðuna 5.9. Fyrir nokkrum árum var tekin ákvörðun um að leiðin skyldi boltuð og í hana rötuðu fjórir boltar og akkeri. Nú hefur þessu verki verið lokið og eru boltarnir orðnir sjö. Menn eru sammála um að 5.9 sé aðeins of „old school“ fyrir daginn í dag. Leiðin byrjar á sömu tökum og „Draumaland“ (5.13a) en fer síðan hægra megin við stóru blokkina í Draumalandi og áfram upp sprungu. Þegar komið er upp úr sprungunni er hægt að stemma á milli veggjarins og syllu á Draumalandsblokkinni með frábært útsýni yfir Ópus. Þaðan er haldið áfram á mjög fallegum tökum yfir á vegg þar sem annaðhvort er hægt að klifra mjög nákvæmt og varlega eða taka langar teygjur.

„Leyndardómur slátrarans“ (5.10d). Menn eru nokkuð sammála um að leiðin eigi skilið að vera 5.11a eða jafnvel 5.11b en fyrst hún er enn skráð sem 5.10 fær hún að fljóta með. Eins og raunin er með svo margar Hnappavallaleiðir eru fyrstu 5 metrarnir talsvert öðruvísi en restin, lítið um tök og bergið mjög slípað eftir sjávarrof. Það er því erfitt að benda á gott beta fyrr en komið er upp í stóran juggara sem er nánast sýnilegur úr Miðskjóli. Úr juggaranum heldur leiðin áfram upp í áberandi þröngan stromp. Hægt er að smella í hnélás á milli veggjanna í strompinum og ná úr sér allri pumpu áður en maður „lay-backar“ upp strompinn, enn með séns á hnélás ef úthald klifrarans er ekki upp á marga fiska. Þegar upp úr strompnum er komið tekur við jafnvægismiðað kantaklifur alla leið upp á topp.

„Eilífðardansinn“ (5.10d) byrjar eins og margar aðrar leiðir á tæpu klifri á litlum tökum þar til að vinstri hendi er komið upp á risa syllu. Klifrið upp á sylluna verður ekki lýst öðruvísi en selslegu. Uppi á syllunni getur klifrarinn slappað af, farið úr skónum og klappað sér á bakið fyrir góðan árangur hingað til. Af syllunni er hægt að halda beint áfram upp leiðina „Barátta eilífðarinnar“ (5.10d) eða hliðra til hægri inn í Eilífðardansinn. Klifrið er mjög flæðandi á góðum gripum sem eru svo vel staðsett að veggurinn virðist hafa verið smíðaður fyrir klifur.

Salthöfði var og er friðaður. Það, ásamt fjarlægð Salthöfða frá tjaldstæðinu, er ástæða þess að mikið seinna var farið að bolta þar. Ástæða friðunarinnar var sú að til stóð að brjóta Salthöfða niður og nota sem uppfyllingarefni í þjóðveginn. Þar sem klifur brýtur klettinn ekki niður var grænt ljós gefið á boltun. Salthöfði er fallegasti hluti Hnappavalla og þar eru margar fallegar gönguleiðir um og að leiðunum. Miklir möguleikar eru á fleiri klifurleiðum í Salthöfða.

„Saltstöngull“ (5.10a) er líkt og „Langi Seli“ svo flæðandi að eftir fyrstu þrjá metrana gleymir maður stað og stund og flýtur upp. Rétt undir akkerinu þarf að leita aðeins meira að gripunum en þau eru þarna, ég lofa. Leiðin kemur talsvert á óvart, þegar komið er að veggnum lítur hann út fyrir að vera slabb og ekkert rosalega langur en eftir að klifrið hefst kemst maður að því að veggurinn er nánast lóðréttur og 17m langur.

„Tantra“ (5.10b) er vestanmegin á Salthöfðanefi, tilvalin leið í austanátt og kvöldsól. Bergið á þessu svæði er öðruvísi en alls staðar annars staðar á Hnappavöllum, mjög veðrað og sleipt að utan. Inni í sprungum og ofan í gripunum er bergið aftur á móti grófara en víða annars staðar. „Tantra“, líkt og „Saltstöngull“ hefur þetta frábæra flæði sem að mínu mati gerir góða klifurleið góða. Það sem gefur „Tantra“ gráðuna 5.10b frekar en 5.10a er að hún er algjörlega lóðrétt alla leið og jafnvel aðeins í fangið á köflum. Góð grip alla leið en lítið um hvíldir þar til að komið er á syllu sem gefur þér aftur nægilega mikinn styrk til að endast síðustu fimm metrana.

„Óráðsía“ (5.10a) er nokkuð einangruð leið á sama vegg og „Fantasía“ (5.13a). Þangað þarf að ganga talsverðan spöl, ef fólk er ekki staðkunnugt á Hnappavöllum er ekki erfitt að villast. Fyrir þá sem leggja gönguna á sig er hún algjörlega þess virði. Alltaf góð grip, lítið þak og ætti að henta fólki úr Klifurhúsinu mjög vel þar sem hún er brött og tiltölulega stutt.

Skjól er sennilega minnst sótta svæði Hnappavalla enda þarf að keyra upp á þjóðveg og niður að flugvellinum við

Fagurhólsmýri til að komast þangað. Sú staðreynd, ásamt þeirri að léttasta leiðin þar er 5.10a gerir það að verkum að oft er erfitt að fá fólk með þangað. Þrátt fyrir það eru leiðirnar þar af hæsta gæðaflokki.

„Nýheimar“ (5.10a) er enn ein leiðin sem hefur hið margumtalaða flæði. Leiðin hefur líka þann fáséða kost að í henni er ekkert eiginlegt krúx, hún er nokkuð jöfn alla leið í gegn. Þú þarft samt að hafa augun hjá þér allan tímann og trúa því að það komi annað gott tak á eftir góða takinu sem þú vilt helst ekki sleppa.

Munkaþverá í Eyjafirði

Í Munkaþverárgili eru margar góðar og léttar leiðir en fáar 5.10 miðað við stærð og gæði svæðisins. Þó svo að bara ein leið úr Munkaþverá rati á listann er þetta ekki svæði til að láta fram hjá sér fara. Fulltrúi Munkaþverár á þessum lista er **„Karlinn í brúnni“** (5.10b). Miðað við aðrar leiðir á svæðinu er þessi mjög löng, hún byrjar alveg niðri við ána og akkerið er á brúnni sjálfri. Leiðin er nokkuð snúin í byrjun og upp að krúxinu, sem er lítið þak með góðum tökum allt í kring sem auðvelt er að missa af. Eftir þakið er mjög flæðandi klifur á stórum köntum í baráttu við pump-klukkuna.

Skinnhúfuklettar í Vatnsdal

Í Vatnsdal eru margar góðar leiðir sem eiga það allar sameiginlegt að hafa frábær nöfn eins og „Steinbarn“, „Mýrarmóri“, „Erfiðasta 5.5 á landinu“, „Næturdraumur“, „Nirvana“ og fleiri. Svo er þar **„Pálsleið“** (5.10a), mjög svo ófrumlegt nafn svo ekki sé meira sagt en virkilega góð leið. Ég fór sérstaka ferð í Vatnsdal þar sem ég hafði heyrt að „Pálsleið“ væri svo góð og var orðinn hræddur um að hún gæti ekki staðið undir væntingum. Í stuttu máli stóðst hún væntingar mínar nokkuð vel. Auðveld byrjun leiðir upp í langar hreyfingar milli góðra taka, talsvert yfirhangandi í kring um krúxið, stutt og laggóð.



Rósa í kröppum Can-Can.

Þá er listinn upptalinn! Um leið og það verður „þurrt“ og „hlýtt“ þá er ekki seinna vænna en að henda sér út að klifra hinar íslensku fimm-tíu perlur, og jafnvel henda sér svo í fimm-ellefu ef vel gengur.

Áhugasamir geta beðið spenntir eftir 5.11 framhaldsgreininni sem birtist í næsta ársriti, eða síðar (sennilega síðar).



Mynd: Björgvin Hilmarsson

Sterling Ropes

Besti vinur klifrarans

Róbert Halldórsson klifrar first ascent: Þunnt milli þilja WI5+ M6 R.

Fæst í Fjallakofanum og Klifurhúsinu

STERLING™

Velocity 9,8mm | Helix 9,5mm | Aero 9,2mm

Texti: Björgvin Hilmarsson
Myndir: Ívar F. Finnbogason,
Björgvin Hilmarsson
& Viðar Helgason.

Útsýnið af toppi Skarðatinds er magnað. Hér sést Skaftafellsjökull í heild sinni og ýmsir tindar í bakgrunni sem eru mun fjölfarnari en Skarðatindur.

Nafn leiðar: ÍBV
9 – 10 spannir
Heildarlengd 900 – 1000m
Gráða: TD+

Fyrst farin: 03 apríl 2012
Ívar F. Finnbogason
Björgvin Hilmarsson
Viðar Helgason

ÍBV: Ný leið á Skarðatind í Öræfum

Suðurveggurinn* á Skarðatindi í Öræfum var fyrst klifinn af þeim Snævarri Guðmundssyni og Jóni Geirssyni árið 1988. Það þótti á sínum tíma stórvirki og þykir enn. Þegar þeir Snævarr og Jón komust upp var það fimmta tilraunin sem gerð var við vegginn. Þegar þetta er skrifað hafa einungis fjögur klifurteymi farið upprunalegu leiðina. Í ársriti Ísalp 1989 má finna mjög skemmtilega grein eftir Snævarr þar sem hann lýsir klifri sínu og Jóns.

Þann 2. apríl 2012 fórum við félagarnir, ég ásamt Ívari F. Finnbogasyni og Viðari Helgasyni austur í Skaftafell með það í huga að klifra nýja leið upp suðurvegg Skarðatinds. Línan sem við höfðum í huga hafði verið reynd tvisvar áður. Ívar átti þátt í báðum þeim tilraunum. Í fyrra skiptið var hann með Leifi Erni Svavarssyni og í það seinna með Viðari og Guðjóni Snæ Steindórssyni. Í báðum tilfellum þurfti frá að hverfa vegna aðstæðna eða veðurs. Nýja línan, leið sem við nefndum ÍBV, byrjar austar á veggnum en ofarlega sameinast hún leið þeirra Snævarrs og Jóns.

Við lögðum af stað frá bílastæðinu við Hafrafell klukkan 02:20 aðfaranótt þriðjudagsins 3. apríl 2012 og gengum rakleitt undir veggin, að þeim stað sem Ívar og Viðar höfðu haft augastað á í fyrri tilraunum. Gangan inn Skaftafellsjökul tók um þrjá tíma. Á leiðinni dönsuðu norðurljós yfir tindinum og litum við auðvitað á það sem góð teikn. Við bárum ekki með okkur tjöld og annan viðlegubúnað, höfðum ákveðið að taka þetta í einum rykk.

Þegar við komum upp undir vegginn byrjuðum við á að ganga upp snjóbrekkur, um það bil 3-400 metra að þeim stað þar sem fyrsta klifurspönnin hófst. Sú var ansi þunn til að byrja með og þurfti að læðast upp laust grjóthröngl þar til hægt var að komast í ís sem var til að byrja með af mjög skornum skammti.

Erfiðasta spönnin er sú fyrsta sem er sameiginleg með gömlu og nýju leiðinni en það er fimmtu gráðu ískaft sem tók vel á enda heilmikil vinna að baki og við farnir að þreytast. Ísinn var brattur en góður og Ívar leiddi fimlega. Eftir þetta fór ísinn aftur á móti að verða meira snjófrauð en nokkuð annað og erfitt að tryggja. Síðasti stansinn var til dæmis ekki upp á marga fiska og öruggur eftir því. Strákarnir dunduðu sér í biðinni við að ræða það að ólíklegt væri að hann héldi falli. Það var ágætt að hafa farið af stað í síðustu leiðsluna áður en þær pælingar hófust því skemmst er frá að segja að ekki var hægt að tryggja neitt þessa síðustu spönn upp á topp.

En upp fórum við allir og glaðir vorum við mjög þegar toppnum var náð. Þvílíkt útsýni, þvílíkur dagur! Þrátt fyrir gleðina vorum við ennþá staddir á toppnum og heillangt niður í bíl. Ekki gátum við verið að drolla lengi þarna uppi því framundan var að finna leið niður og komast hana skakkafallalaust. Eins og Jón og Snævarr forðum héldum við norður og niður. Við niðurklifruðum brattar snjóbrekkur og sigum niður á einum stað þar sem við fundum prýðilegasta ís til að V-þræða í. Komumst því niður á tiltölulega skömmum tíma. Gengum svo austur fyrir Skarðatind og niður á Skaftafellsjökul aftur. Enduðum á að vera 19 tíma úr bíl í bíl, komnir í kræsingar í aðstöðu ÍFLM í Skaftafelli um klukkan hálf tíu um kvöldið.

Þessi leið er mögnuð! Klifrið er skemmtilegt og fjölbreytt í hrikalegu landslagi. Leiðin er alvarleg og töluverð hrunhætta til staðar. Það er mjög mikill kostur að vera snemma á ferð því um leið og sólin fer að skína að einhverju ráði þá er allt á niðurleið, ís og grjót og því varasamt að vera í skotlínunni. Hrunið kom í bylgjum og við gátum hinkrað við og svo sprautað upp íshöftin þegar færi gafst.

Alls voru þetta níu eða tíu spannir eftir að komið var upp fyrstu snjóbrekkurnar. Heildarlengd leiðarinnar er hátt í 1000m frá rótum Skarðatinds og eiginlegt klifur um helmingur af því.

**Hér er átt við það sem oftast er kallað austurveggurinn, en þar sem hann snýr nú eiginlega bara í hásuður þá er best að kalla þetta suðurvegg en ekki eitthvað annað.*



Fyrsta eiginlega klifurspönnin var þunn til að byrja með og tortryggð.

Um leið og sólin fór að skína byrjaði ísinn að hrynja. Hrunið kom í bylgjum og við gátum hinkrað við og svo sprautað upp íshöftin þegar færi gafst.

Græna línan sýnir leiðina nema rétt neðsta hlutann.

Við fundum til smæðar okkar með jökulinn langt fyrir neðan okkur og snarbrattan vegginn fyrir framan okkur.

Leiðin lá oft upp rásir í snjónum sem hafa myndast þegar ís hrynur niður vegginn.

Við drolluðum ekki lengi á toppnum því framundan var að finna leið niður og komast hana skakkafallalaust.

Eftir að fagna á toppnum var næsta verkefni að koma sér niður aftur. Dagurinn var alls ekki búinn, við tók að niðurklifra brattar snjóbrekkur og síga á V-þræðingu áður en komið var niður í minni halla.

Rauða línan sýnir leið þeirra Snævarrs og Jóns sem þeir fóru 1988.
Græna línan sýnir nýju leiðina. Síðasti hlutinn upp á topp er sameiginlegur.

Upp fórum við allir og glaðir vorum við þegar toppnum var náð.
Þvílíkt útsýni, þvílíkur dagur!

www.fi.is

Ferðafélag Íslands

Fjölbreytt starfsemi í yfir 86 ár

Upplifðu náttúru Íslands

Líf og fjör í starfseminni

Ferðafélag Íslands er áhugamannafélag sem hefur það markmið að hvetja landsmenn til að ferðast og fræðast um landið. Áhugi á gönguferðum, fjallgöngum og útiveru hefur aldrei verið meiri og er mikið líf og fjör í starfseminni.

Allir finna eitthvað við sitt hæfi

Ferðafélagið leggur sig fram við að mæta þörfum breiðs hóps með miklu úrvali ferða. Í ferðaflóru félagsins er að finna allt frá söguferðum um grösugar sveitir til erfiðra jöklaferða. Í ferðaáætlun félagsins geta flestir fundið eitthvað við sitt hæfi. Á 86 árum hefur Ferðafélagið efnt til meira en 8.500 ferða með yfir 200.000 þátttakendum.

Öflug útgáfustarfsemi

Það eru allir velkomnir í Ferðafélagið og njóta félagsmenn sérkjara, bæði í ferðum, skálum og í fjölda verslana. Auk þess fá allir félagsmenn árbókina senda heim á hverju ári og er það hluti af árgjaldinu. Árbókin er einstæður bókaflokkur um land og náttúru. Auk árbókanna hefur Ferðafélag Íslands staðið að útgáfu handhægra fræðslu- og upplýsingarita um ferðamál, þjóðfræði og sögu landshluta.

Sjálfboðastarf í góðum félagsskap

Félagsstarfið hefur í gegnum tíðina einkennst af miklu sjálfboðastarfi. Félagar hafa unnið að byggingaframkvæmdum, farið vinnuferðir í skála eða í frágangsferðir, stikað og unnið að uppbyggingu gönguleiða, unnið við brúargerð og margt fleira. Í staðinn hafa þeir fengið fríar ferðir, fæði og félagsskap.

Samgöngubætur og uppbygging svæða

Félagið hefur unnið markvisst að samgöngubótum, lagt akvegi og brúað ár. Það hefur haft samstarf við sveitarfélög um landgræðslu, náttúruvernd og uppbyggingu svæða eins og t.d. í Landmannalaugum, á Þórsmörk og Emstrum.

Sæluhúsin standa öllum opin

Sæluhús Ferðafélags Íslands og deilda félagsins úti um land eru þægilegir áningarstaðir á ferðalagi um óbyggðir Íslands. Þau eru á 36 stöðum víðsvegar um landið og getur allur almenningur nýtt þau óháð aðild að félaginu.

FÍ

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is *Skráðu þig inn – drífðu þig út*

Texti og myndir: Áslaug Yngvadóttir

Kathmandu, Nepal

Allt í einu vorum við staddar í Kathmandu, ég og Helen, í leit að leiðsögumanni sem myndi koma okkur á leiðarenda á 6.419 metra tind að nafni Chulu West. Eftir nokkurra daga leit í öngþveiti borgarinnar enduðum við á því að fara í gegnum furðulegan karakter að nafni Om. Hann átti litla ferðaskrifstofu og hafði hann samband við Sherpa fyrir okkur. Fyrir mig og vinkonu mína, báðar með töluverða fjallareynslu en litla háfjallareynslu, var þetta stórt ævintýri. Við vildum þess vegna hafa góðan leiðsögumann með í för. Við vorum spenntar, og þá sérstaklega fyrir því að toppa tindinn. Fjallið Chulu West er staðsett í vinsælasta gönguhring Nepal; Annapurna. Auðvelt er að skilja vinsældir gönguleiðarinnar; fjöllin eru himinhá og jöklarnir skríða niður brattar brekkurnar. Þvílík fegurð!

Á fyrsta degi fylgi lafði Lukka mér ekki þar sem að ég ældi út um gluggann á rútunni á leiðinni upp í fjöllin. Bílstjórinn var hræddur um að ég yrði hálshöggvin ef ég væri einmitt að æla þegar aðrar rútur færu framhjá. Vegirnir eru langt frá því að vera tvíbreiðir á þessum slóðum. Við hófum uppgöngu okkar rólega, en eftir nokkurra daga göngu sáum við tindinn okkar, hann var mjög myndarlegur. Í 4.200 metra hæð fórum við útaf venjulegu gönguleiðinni og gengum í átt að tindinum sjálfum, það voru mikil straumhvörf. Skyndilega vorum við bara tvær með leiðsögumanni okkar og tveimur mjög illa klæddum burðarmönnum. Að vísu voru nokkrir jakuxar þarna á vappi. Öryggið okkar hvarf svolítið, en báðar vonuðumst við innilega til þess að leiðsögumaðurinn myndi sanna sig og sýna kunnáttu sína. Á þessum tímapunkti vorum við alls ekki svo vissar.

Að sofa í tjaldi í 4800 metra hæð er kalt og þá sérstaklega ef þú ert í sumartjaldi með lélegan eða gallaðan svefnpoka. Nóttin leið hægt en okkur leið samt ágætlega, enginn hausverkur. Næst fórum við upp í 5200 metra hæð og gistum þar. Ég hafði litla matarlyst en vinkona mín var meira en til í það að borða fyrir tvo. Leiðsögumaðurinn hafði farið á undan okkur til þess að „set up the ropes“. Daginn eftir lögðum við snemma af stað til þess hækka okkur og klöngrast yfir klettabeltið. Á þessum tímapunkti áttum við bara eina nótt eftir á fjallinu sjálfu, svo myndum við reyna við tindinn og lækka okkur svo niður í 4200 metra.

Daginn eftir var okkur ekki skemmt þegar við sáum að línurnar litu út eins og eitthvað sem hafði verið keypt á bensínstöð og fleygarnir litu út fyrir að vera sirka 30 ára gamlir. Við vorum að klifra að minnsta kosti 5.3 leiðir í yfir 5000 metra hæð, ótryggðar. Við vorum svolítið hugsi, en við létum okkur samt hafa það því við ætluðum okkur uppá topp.

Loks stigum við inná jökulinn sem bar svo fallega við himininn. Ég var utan við mig af allri þessari hæð. Ég gekk upp bratta snjóbrekku þegar ég missteig mig. Ég rann. Hratt. Bremsaði með ísöxinni. Missti hana. Önnur mistök, hélt áfram að renna. Loks náði ég að stöðva mig með broddunum sirka meter frá brúninni. Vont, en lífsins virði. Annars hefði ég dottið frá 5600 metrum niður í 4200 metra. Öskraði. Stóð svo upp. Helen kallaði á mig fyrir ofan, hélt að ég hefði brotið fót en sem betur fer var ekki svo.

Í rauninni var ekkert annað í boði en að halda áfram í þessum aðstæðum. Á leiðinni í búðirnar töluðum við saman til þess að meta aðstæður. Við vorum búnar að sjá að leiðsögumaðurinn okkar var með lítið sem ekkert af búnaði. Hann var með eina ískrúfu og þrjár karabínur. Við horfðum á jökulinn. Hann var sprunginn. Ef við myndum detta í sprungu á leiðinni upp kæmumst við ekki upp úr henni aftur.

Ég hefði getað haldið áfram, ég var tognuð en ég gat gengið nokkuð sársaukalaust. Tindurinn var áþreifanlegur, bara í 600 metra fjarlægð, minna en ein Esja. Ég ákvað samt að ég vildi ekki halda áfram og tók þessu sem merki um það að við ættum ekki að fara lengra. Helen velti því fyrir sér vel hvort hún vildi halda áfram en ákvað að lokum að hún vildi ekki fara lengra, þar sem að ef að eitthvað myndi gerast yrði það mjög dýrkeypt.

Við lögðum af stað niður eftir nóttina. Leiðsögumennirnir voru mjög hissa og skildu eiginlega ekki um hvað málið snerist. Ég sýndi þeim fótinn minn sem var tvöfaldur og fjólublár og leit ekki lengur út eins og ökkli en þeir voru bara nokkuð rólegir yfir því. Þegar við komum tilbaka til Ledar í 4200 metra hæð leið mér eins og við værum í stórborg. Leiðsögumaðurinn dró mig svo inní kofa til fólksins sem bjó þar. Þau sátu tvö og tvö á móti hvort öðru með pott á eldi. Þau voru að sjóða hrísgrjónavín. Nú skyldi ökklinn minn læknaður. Hann dýfði tusku í vínið og setti hana á ökklann minn. Ég æpti TATO! TATO! TATO! sem þýðir heitt á nepölsku og fólkið hló að mér.

Jafnvel þótt að flest allt hafi farið úrskeiðis var ferðin engu að síður frábær. Ferðin kenndi mér mikilvæga lexíu; að ekki væri hægt að treysta á neinn annan en þig sjálfa. Á einum tímapunkti á fjallinu kenndum við leiðsögumanninum hvernig maður á að láta fólk síga. Ég get þó alls ekki áfellst hann, hann er jú mótaður af sínu samfélagi þar sem staðlarnir eru aðrir en við þekkjum. Burðarmennirnir stóðu sig ótrúlega vel, sterkara og seigara fólk þekki ég ekki.

Nepal er land sem kemur hjartanlega á óvart, fólkið er einlægt og fjöllin og árnar svo unaðslega fallegar.

Texti og myndir: Snævarr Guðmundsson

Grand Dru

Nótt undir stjörnunum

Þessi frásögn er um ferð á tindinn Grand Dru árið 1988. Hún hefði sennilega aldrei verið rituð nema vegna hvatningar Þorsteins Sæmundssonar stjörnufræðings, með þeim orðum að hún mætti ekki glatast. Hann vísaði til þess hvernig áhugi greinarhöfundar á stjörnufræði kviknaði. Viðfangsefnið hér er mest klifurferðin sjálf. Hann ítrekaði orð sín nokkrum sinnum áður en ég lét til leiðast að skrifa hana. Það rak mig síðan til að koma henni á framfæri að greinar, geymdar í skúffu eða tölvu, les enginn og því tímaeyðsla að rita slíkar.

Fjallasvæðið umhverfis Mont Blanc (4807 m), hæsta tind Vestur-Evrópu, einkennist af snarbröttum graníteggjum sem hundruð tinda og klettanála raða sér á. Fjölmargir eru þaktir snjó og ís enda hæð þeirra víða 3500–4200 m yfir sjó. Á milli eru djúpir dalir og í þeim jöklar. Langs eftir fjallgarðinum, meðal annars yfir tind Mont Blanc, liggja landamæri Frakklands og Ítalíu og Sviss á landamæri norðan við hæsta hluta hans. Stærsti jökullinn í fjallgarðinum er Mer de Glace, Jökulhafið, sem hvílir Frakklandsmegin. Upptökin eru í 2400 m hæð í norðausturhliðum Mont Blanc du Tacul (4248 m) og þröngum dölum, m. a. undir hrikalegum tindum Grandes Jorasses (4208 m). Jökulhafið skríður sjö km í hliðardal á milli Chamonix granítnálanna, Tacul- og Moines tindanna og stefnir norðvestur, hornrétt að Chamonix dal, sem er víðari og lægri. Stærsta byggðin í dalnum er bærinn Chamonix en skammt norðan hans stóð jökulsporður Mer de Glace á 18. og 19. öld. Jökullinn sést ekki lengur þaðan en rispaðar ávalar klappir og jökulgarður nærri La Praz vitna um nálægðina. Síðan hopaði jökullinn og hvílir sporðurinn nú framundan svipmiklum tindum Grand Charmoz (3445 m) og Aiguilles du Dru (3754 m) sem rísa meira en 1900 metrum ofar. Um þá síðastnefndu spurði franski fjallaklifrarinn Michel Piola (1986):

> *Hvern í Chamonix dal hefur ekki dreymt um að klífa hina fullkomnu granítspíru sem rís ofan skógarmarkanna?*

Svæðið er ríki alpaklifraranna, hvað annað? Þeir koma hvert sumar og reyna sig í ævintýralega bröttum hlíðum, klífa ögrandi ísveggi eða klettaleiðir á háa graníttinda. Það var ætlun mín ásamt Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga Christensen, nokkra daga í ágúst 1988. Fjallið: Grand Dru, sá hærri tveggja samnefndra tinda. Hinn er Petit Dru (3733 m). Sögufrægir tindar í annálum fjallamennskunnar en hér er ekki rúm til að gera því skil. Markmið okkar var 750 m löng klifurleið á tindinn, nefnd Trident Pillar (TD+). Áætlunin var ganga í fjallaskála á fyrsta degi, klífa leiðina daginn eftir og halda samdægurs til byggða. Leiðin var fyrst klifin 21. september 1978 af frönskum fjallagörpum, Collangettes og Frachon.

Guðmundur Helgi Christensen

Bærinn Chamonix og frönsku alparnir norðan við tind Mont Blanc. Rauða táknið undir Dru tindunum sýnir hvar Carphoua-skáli er.

Lestin var tekin frá Chamonix í ferðamannamiðstöðina Montenvers, við Mer de Glace (1910 m y. s.). Lestarsporið er 5,1 km langt og byggt árið 1908. Jökuljaðarinn lá lengi við Montenvers en hefur hopað vegna loftslagshlýnunar. Eitt aðdráttaraflið er manngerður íshellir. Eftir því sem jökullinn rýrnar verður sífellt lengra og hættulegra fyrir ferðamenn að komast að hellinum. Leið okkar lá hins vegar niður að jöklinum og þvert yfir að rótum Dru tindanna. Síðan kræklóttan stíg upp jaðarurð, grónar skriður og gnúðar klappir í Charpoua skála, í 2840 m hæð, meira en 1000 m ofar en Mer de Glace. Gangan þangað tók þrjár klukkustundir. Skálinn er undir klettakambi sunnan Charpoua jökuls, smájökli umgirtum svipmiklum tindum Dru, Sans Nom, Verte og Moines.

Við gistum í skálanum en skriðum á fætur kl. 03 að morgni. Dæmigert fyrir alpaklifur, vakna árla, innbyrða fábrotinn morgunverð og leggja af stað fyrir birtingu. Eins og vant var eftir of stutta hvíld, enda er stundum erfitt að festa svefn þegar ætlað er að vakna snemma. Ástæður þess að leggja af stað fyrir sólarupprás eru að fá langan dag en ekki síður að þegar sól rís þiðnar frosið bergmol og þá eykst grjótflug ofan úr fjöllunum. Hættan var einnig til staðar hér og ráðlegast að komast fyrir hættulega gilskorninga áður en birti af degi. Á jöklum verður snjórinn einnig meyr í sólskininu og gangan þyngri. Því er best að komast sem hæst meðan hann er harður. Eftir að hafa ferðbúist fórum við út í ískalt náttmyrkrið og eltum geislana af höfuðljósunum í átt að fjallsrótum. Þangað komum við klukkustund síðar, eftir að hafa gengið klettakambinn ofan skálans, svo þvert yfir jökultunguna undir fjallinu og brölt upp klappir undir hömrunum. Þá var tekið að lýsa af degi en sólin ekki risin yfir sjóndeildarhring. Þar fórum við í klettaklifurskó, mjúka með slétta sóla sem gefa gott grip á bergi en tróðum gönguskó í bakpoka. Reyndar hafði ég tekið mjúka hlaupaskó í stað gönguskóa til þess að létta byrði því hægt var að reyra mannbrodda á þá. Við þurftum þann búnað á leiðinni að fjallinu og í bakaleiðinni var niður snarbratta jökulbrekku að fara. Við bundum línu milli okkar, drógum fram venjubundinn klifurbúnað og lögðum í klifrið um fimmleytið. Sá háttur var hafður að einn okkar fór fyrstur, leiddi klifrið eins og sagt er, en hinir klifruðu saman til hans. Við skiptumst á við að leiða klifrið. Leiðin var afar skemmtileg: hún lá upp snarhallandi graníthamra í fyrstu og inn í skuggsælt bratt horn, yfir eggjar og upp á hrygg. Stöðugt klifrað en eftir að sólin fór að skína og hita bergið komumst við hraðar yfir. Kappkosta þurfti að halda áætlun svo vart gafst tími til þess að nærast. Leiðin er það löng að dagurinn nægir vart ef hægt er farið. Á Petit Dru sáust klifrarar á ferð, talsvert fyrir neðan tindinn. Líklega myndu þeir híma nótt á fjallinu vegna þess hve tímafrekt klifur virtist þeim framundan. Eftir samfellt klifur frá birtingu fram yfir hádegi var toppinum á Trident pillar náð. Enn var um 250 m klifur eftir á tindinn. Veðrið lék við okkur, sólin skein og logn var. Inni í hornum eða sprungum sem sólin náði ekki til var bergið gjarnan ískalt. Það kom ekki á óvart þegar svo hátt upp í fjöllin er komið. Lofthiti var lágur en þar sem sólin vermdi var bergið hlýtt viðkomu. Þegar líða tók að síðdegi og okkur að lengja eftir tindinum var Palli settur í að leiða klifrið enda efldist hann með hverri spönn. 150 m neðan við tindinn var klifrið farið að segja til sín; fékk sinadrátt í fingurna, eitthvað sem ég hafði aldrei upplifað fyrr.

Að lokum, líklega á milli kl 15–16, náðum við klettaöxl fast við sjálfan tindinn. Höfðum klifrað 28 spannir á 11—12 stundum. Framundan var að skjótast síðasta spölinn á toppinn, sem sýndist héðan í seilingarfjarlægð. Við leystum af okkur línurnar og skildum eftir ásamt klifurbúnaði á klettaöxlinni. Síðustu sporin voru upp 30–40 m langa sakleysislega fönn, lítt bratta (30°) en meyra í síðdegissólinni. Við spörkuðum spor á sléttsóla klettaklifurskónum upp hana uns skaflinn eyddist út á efsta klettinn. Þar var dvalið í um stundarfjórðung og útsýnis notið yfir alpatinda sem röðuðu sér hver af öðrum eins langt og auga eygði hérna megin Mont Blanc. Langt neðan við var Chamonix í samnefndum dal, með húsum og vegum. Þorpið sjálft í 1035 m hæð, svo meira en 2700 hæðarmetrar skildu á milli. Ætlunin hafði verið að komast þangað fyrir myrkur

Aiguilles du Dru og Aiguilles Sans Nom (hæstur til v.). Grand Dru er hærri tindurinn (fyrir miðri mynd) en Petit Dru er aðeins rúmum 20 m lægri.

Myndin er tekin við Hvítavatn (Lac Blanc), undir Rauðutindum norður af Chamonix, í ágúst 2011.

en okkur var ljóst að dvelja þyrfti aðra nótt í Charpoua skála vegna þess hve lítið lifði af degi. Síðan var um að gera að draga djúpt andann og rólega, njóta augnabliksins, til þess að minna sig á hve einstakur staðurinn var sem maður sat á.

Svo kom tími til þess að halda niður. Fyrsta stig á fönnina gaf til kynna að spor sem við spörkuðum höfðu gaddfrosið. Á þeim skamma tíma sem tilverunnar var notið á tindinum hafði skuggi fallið á snjóinn og hann fraus strax. Þó brekkan væri ekki ýkja brött var feiknarlegt hengiflug fram af, sögufrægur norðurveggur Grand Dru og þar undir ísveggir, einir 1200 m niður á flatan jökul. Fönnin þraukaði á efstu brún hamraflugsins en handan við Chamonix-dalurinn í sjónlínu. Sporin voru nú svellhál. Klettaklifurskórnir eru viðnámsgóðir á bergi en sleipir á snjó eða ís. Dálítil klöpp stóð upp úr fast við brúnina. Ég mældi hana; hún yrði síðasta haldreipið. Ef örlögin réði einhverjum okkar að renna úr glerhálum sporunum var síðasta örþrifaráð að grípa í klöppina áður en farið væri fram af. Ólíklega tækist það enda ekkert hald sem blasti við á henni. Hugurinn rann snöggt til frásagna tveggja félaga í alpaklúbbnum sem höfðu, með nokkurra ára millibili, orðið vitni að mannshrapi í ölpunum. Óhugnaleg lýsing annars rann mér í huga: fjallamaður stytti sér leið fyrir og renndi sér fótskriðu frá snjóhrygg en skrikaði á glerhörðum snjó. Hann rann af stað en reyndi að bremsa með ísöxinni. Snarpar örvæntingafullar tilraunir tókust ekki heldur jókst hraðinn. Þegar hann stefndi í urð var eins og honum féllust hendur og hætti. Hann flaug í loftköstum niður snarbratta snjóhlíðina, úr sýn vitna (Þór Ægisson, 1978; Guðjón Ó Magnússon, munnleg frásögn 30. ágúst 2015). Sambærileg örlög gátu nú átt sér stað. Ég veit ekki hvað félagar mínir hugsuðu þessa stund, hef aldrei spurt þá. Við bökkuðum varfærnislega niður og notuðum sporin ofan við í fönninni til halds fyrir hendurnar. Hreyfðum ekki fót eftir að stigið var í spor til að renna ekki úr. Hver og einn upp á sjálfan sig kominn; ef eitthvað brygði út af gat enginn hjálpað. Jafn snögglega lauk þessu, við náðum á klettaöxlina, í öryggið þar sem línurnar og klifurbúnaðurinn var. Léttir, hlátur og kæti, og hófum strax undirbúning á að síga niður. Þetta ófyrirséða asnastrik kom ekki aftur til tals í ferðinni. Atvikið átti þó eftir að valda mér martröðum aftur og aftur, mörgum mánuðum og árum seinna. Þá hrökk ég upp úr svefni með andfælum við að renna úr sporunum og fram af. Eins og undirmeðvitundin hefði lokið úrvinnslu og ákveðið að refsa: áreita sífellt um hve tæpt var telft að óþörfu.

Útsýni frá Charpoua skála til Dent du Géant og Mont Blanc (t. h.) í síðdegissól.

Ferðin ofan af gekk annars vel. Við klöngruðumst niður þar sem land leyfði og sigum í klifurlínunum þar sem bratt var. Sig eru ætíð varasöm; línan hengd tvöföld í tryggingu, sem í fjöllunum er gjarnan bandlykkja fest um snös eða bundin í fleyg eða hnetu. Þegar allir hafa sigið línulengdina er togað í annan endann og línan dregin niður. Hættan er að þegar línan rennur út úr tryggingunni getur hún klemmst í sprungu eða vafist um bergsnös. Ef hún festist er eina ráðið að klifra aftur upp, losa hana eða í versta falli endurtaka sigið, eitthvað sem enginn vill. Því þarf að vera mjög vakandi, hafa línuna aldrei slaka og kippa í á réttu augnabliki. Sem betur fer þurftum við aldrei að standa í slíku niður þá 400 m sem síga þurfti ofan frá tindinum á brattan jökulinn við fjallsræturnar. Eftirminnilegt var gríðarstórt grjóthrun í Aiguille Sans Nom, nafnlausa tindinum, næst við Grand Dru. Risavaxnar bergblokkirnar féllu nokkur hundruð metra, skullu í hömrum og lokum jöklinum með miklum drunum.

Þegar niður á jökulinn kom, var skipt um skó og mannbroddar reyrðir undir. Að taka hlaupaskó í stað þyngri gönguskóa hafði létt bakpokann upp klifurleiðina. Niður 45° brattan jökulís var ákvörðunin tvíeggjuð og ekki hægt að mæla með. Við náðum í Charpoua skála milli kl 19 og 20 í lækkandi kvöldsól. Ljúft að fara úr skóm, létta bakpoka af herðum, teygja þreytta útlimi og vita af góðri hvíld framundan. Í skálanum var pöntuð gisting en okkur synjað. Skálavörðurinn, kona á besta aldri, upplýsti að allar kojur væru fráteknar þá nóttina. Bót í máli að upp úr kl. 03 myndu nokkrar losna, þegar klifrarar héldu aftur út á vit ævintýranna. Hún bauð ullarteppi til að halda hita því ljóst var að við myndum sitja úti þangað til. Við nýttum síðustu mínútur sólskins til þess að þurrka boli og sokka og að undirbúa útiveruna undir beru lofti. Keyptum síðan máltíð og bjór (rándýrt) og skáluðum fyrir dagsverkinu.

Páll Sveinsson á leið upp Trident pillar.



Charpoua skáli.

Drutindarnir, séðir frá Mer de Glace.

Húmið læddist yfir Mer de Glace – þúsund metrum neðar – meðan efstu fjallseggjar voru roðaðar síðustu geislum sólar. Svo rökkvuðust tindarnir. Ró færðist yfir, gestir hurfu inn í hlýja hvílu, en við komum okkur fyrir á syllu framan skálans, eins þægilega og hægt var. Þreyta og sæla í lok eftirminnilegs dags hjálpaði til að slaka á. Vafði teppinu um mig enda kólnaði ört eftir að sólin settist. Fyrstu stjörnur birtust en útsýni til fjalla og hamraveggja réði enn athygli. Svo hurfu tindarnir hægt í myrkrið, samtímis og sífellt fleiri stjörnur birtust. Það virtust engin takmörk fyrir fjöldanum; vegna stjörnuskinsins varð ekki aldimmt. Stjörnumergðin þakti hvelfinguna ofan við skuggamynd fjallanna. Vetrarbrautin - sem ég hafði aldrei séð frá þéttbýlinu heima - hún var þarna. Afgerandi bjart belti þvert yfir himinn. Ótrúleg sýn. Hugurinn drakk hana í sig mótstöðulaust, ég varð orðlaus, agndofa, snortinn, bergnuminn. Björtustu stjörnur týndust í mergðina og vart hægt að mynda úr þeim stjörnumerki. Myrk geimský báru í skin vetrarbrautarinnar og tendruðu eins konar þrívíddarskynjun. Loftsteinar leiftruðu í stuttum rákum yfir himininn af og til.

Fyrr um daginn hafði fljótfærnisleg ákvörðun getað dregið dilk á eftir sér. Nokkrum tímum síðar hvelfdist yfir sýn ólík öðru sem ég hafði upplifað. Undarleg friðsæld ríkti undir seiðandi fegurð himinsins, svo djúpri, þögulli, hógværri. Félagarnir spurðu hvort ég vissi eitthvað um stjörnurnar? Nei, enginn okkar þekkti nokkuð um stjörnur. Skammarlegt, á þessum stað, við svona tækifæri. Mörgum árum fyrr hafði tvíburabróðir minn kynnt mér heillandi stjörnur. Jafn hugfanginn klifari og ég var þá gat ekki hlustað. Merkilegt hvað ég þurfti mikla fyrirhöfn þurfi til að uppgötva og skynja veröldina, alheiminn.

Einhvern tíma um nóttina vorum við vaktir. Nokkrir skálagestir horfnir út í myrkrið, upp í fjöllin. Tímabært fyrir okkur að skreiðast inn í skála. Komumst við úr næturkuldanum í kojur sem þá stóðu auðar og féllum í svefn. Morguninn eftir stikluðum við slóðann niður frá Carphoua skála, yfir Mer de Glace, áleiðis í Montenvers og lestina. Tignarlegir alpatindar skörtuðu sínu fegursta í skínandi sól og logni. Gærdagurinn var dísæt minning en nóttin greypt í huga. Upplifun án hliðstæðrar reynslu. Ég þráði að vita meira um stjörnurnar. Fleira hafði aðdráttarafl en fjöll og líkamleg áreynsla. Trúi ekki öðru en að þetta kvöld hafi snert okkur alla þó það risti mig líklega dýpst. Fyrsta verk eftir heimkomu til Íslands, rúmri viku seinna, var í bókabúð og kaupa námsbækur um stjörnufræði. Tími kominn til að læra, kynnast því sem fyrir augu bar nóttina góðu.

Einhvern tíma seinna lærðist af Almanakinu að loftsteinarnir sem skreyttu hvelfinguna tilheyrðu Persítadrífunni. Þeir voru í árlegu hámarki þessa eftirminnilegu nótt. Dagurinn sem við klifum Grand Dru var 12. ágúst 1988.

Frá mínu sjónarhorni eru stjörnur og fjöll ólýsanlega tengd saman og ég get ekki skrifað um fjöll án þess að hugsa um stjörnur. En þegar ég hef lesið ýmislegt, sem skrifað hefur verið um fjöll, þá hefur mig furðað á hve lítið hefur verið minnst á stjörnur þar. Ég hef leitað ástæðnanna fyrir þessu, og ég held, að þær liggi í því, að fjallgöngumenn Evrópu sofa svo sjaldan undir beru lofti. Þess vegna hugsa þeir mikið um fjöllin, en lítið um stjörnurnar. – Younghusband, 1944.

Heimildir:

Piola, M (1986). A topoguide to the rock climbs of the Mont Blanc area. Milano. English version, Leicester. Distributed by Cordee, 1986.

Younghusband, F. (1944). Fjallið Everest – Baráttan við hæstu gnípu jarðar. Þýð. Skúli Skúlason. Snælandsútgáfan h.f. Reykjavík 1944.

Þór Ægisson (1978). Æfingaferð í Alpana. Tímarit íslenski alpaklúbbsins, nr 6, september 1978.

Útsýni á suðurvegg Petit Dru. Klifrari sést á óþekktri leið (nær) en einnig á Bonatti pillar (fjær), einni sögufrægustu klifurleið í ölpunum. Yfir 600 m hár hluti af hamrinum og 100 m breiður, sem Bonatti leiðin lá yfir, hurfu í gríðarmikla skriðu í júní 2005. Frá 1905 til 2011 urðu ellefu stór berghrun í Dru tindunum. Atburðirnir eru birtingarmynd hlýnandi loftslags því sífreri í sprungum á milli risavaxinna bergblokka leysir og þar sem veikleikar eru fyrir hrynja bergblokkir (Fort o.fl., 2009; Ravanel & Deline, 2009).

Sigurður Tómas Þórisson

Arnarfjörður

Leiðarvísir fyrir ísklifur

Arnarfjörður er stærsti fjörðurinn á sunnanverðum Vestfjrðum. SV-megin í firðinum eru svokallaðir Ketildalir, sem er röð dala, dalverpa og skessusæta sem skera sig inn í Vestfjarðasléttuna. Skv. Landnámu eru Ketildalir sagðir heita eftir Katli Þorbjarnarsyni ilbreið.

Í Ketildölum er að finna eitt allra besta ísklifursvæði landsins og þótt víða væri leitað. Skráðar leiðir á svæðinu eru 44 talsins og enn eru möguleikar fyrir tugi nýrra leiða.Bíldudalur er blómlegur smábær og er örstuttur akstur þaðan að helstu svæðunum. Einnig er stutt til Tálknafjarðar og Patreksfjarðar.



Aðkoma

Nokkrar leiðir eru til að koma sér til Bíldudals.

A) Bein akstursleið (427km) tekur um 6-8 tíma að vetrarlagi. Frá Reykjavík er hringvegurinn (þjóðvegur 1) ekinn gegnum Borgarnes og Bifröst. Um 10mín eftir Bifröst er beygt til norðurs (vinstri) inn á þjóðveg 60 í átt að Búðardal/Ísafirði/Patreksfirði og yfir Bröttubrekku. Ekið er gegnum Búðardal og yfir Gilsfjörð og Þorskafjörð og eftir Barðastrandarvegi til Flókalundar.

ATH! Við Flókalund heldur þjóðvegur 60 beint áfram upp á Dynjandisheiði (og yfir á Trostansheiði niður í Arnarfjörð og til Bíldudals). Þessi vegur er ekki í vetrarþjónustu og því almennt lokaður á ísklifurtímabilinu. Í stað þess er þjóðvegur 62 ekinn áfram út Barðaströndina og yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar. Þegar komið er inn til Patreksfjarðar er beygt til norðurs/hægri inn á þjóðveg 63 yfir Mikladal til Tálknafjarðar. Í Tálknafirði er haldið áfram eftir þjóðvegi 63 yfir Hálfdán til Bíldudals.

ATH! Á Barðaströndinni er stuttur fjallvegur yfir Klettsháls, sem á það til að lokast í vetrarveðrum. Einnig eru heiðarnar kringum Patró og Tálknafjörð snjóþungar en mokstur á þeim er tíðari en á Klettshálsinum. Fylgist vel með færð á vef vegagerðarinnar.

B) Breiðafjarðarferjan Baldur - 6-8 tímar að vetrarlagi. Í Borgarnesi er beygt til vesturs inn á þjóðveg 54 á átt að Stykkishólmi og ekið í hálftíma þar til beygt er til norðurs/hægri hjá Vegamótum inn á þjóðveg 56 (Vatnaleið til Stykkishólms). Þegar komið er yfir Snæfellsnesið er beygt til austurs/hægri inn á þjóðveg 54 og síðan þjóðveg 58 inn til Stykkishólms (samtals 172km frá Rvk). Baldur fer frá megin hafnarsvæðinu í miðbæ Stykkishólms og er auðvelt að finna með því að stefna á gula vitann á hólnum ofan við höfnina. Baldur stoppar stutt í Flatey á leiðinni til Brjánslækjar á Barðaströndinni og tekur bátsferðin um 2 1/2 tíma. Frá Brjánslæk er beygt til vesturs/vinstri eftir þjóðvegi 62 og 63 (eins og í leið a)) til Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og loks Bíldudals (85km). Kostur við b) er að fyrir utan notalega bátsferð yfir Breiðafjörðinn sleppur maður við verstu snjógildrurnar á Barðaströndinni, sem er þess utan afar lýjandi akleið. Gallinn er aftur á móti að ferjan er yfirleitt dýrari kostur og maður er háður fastri áætlanaferð hennar (ein ferð á dag yfir veturinn og engin ferð á laugardögum).

C) Það er lítill flugvöllur við Bíldudal og flugfélagið Ernir flýgur þagnað frá Reykjavík allt árið (alla daga nema laugardaga). Hafið samband við ferðamálafrömuði á Bíldudal til að kanna með bílamál á svæðinu.

Fenrir (WI5+) í Innrihvilft. Mynd: Óðinn Árnason

Gisting

Hentugast er að gista á Bíldudal því þaðan er örstutt á helstu klifursvæðin. Stiklur (Steppin´Stones) er gistihús sem er opið árið um kring með fjölda gistirýma. Hægt er að fá þar morgunmat og stærri máltíðir auk þess sem þau aðstoða við að græja allt milli himins og jarðar. Þar er einnig farfuglaheimili á Bíldudal með 38 gistirýmum. Það er hins vegar lokað yfir vetrartímann en fyrir stærri hópa gæti verið möguleiki að opna það sérstaklega. Einnig er fjöldi gistimöguleika á Tálknafirði (15km akstur) og á Patreksfirði (30km akstur).

Um klifrið

Ísklifurleiðirnar í Arnarfirði eru af öllum stærðum og gerðum, frá WI2 upp í WI6 og frá 20m upp í 400m. Fjallstopparnir eru í 500-600m hæð þannig að möguleiki er á enn lengri leiðum. Bróðurpartur skráðra leiða var farinn á Ísklifurfestivali Ísalp árið 2009 og 2015 en þess á milli er aðeins vitað um einn hóp erlendra klifrara á svæðinu (Kitty Calhoun/Jay Smith og co í febrúar 2014). Flestar augljósu línurnar á svæðum B (Svarthamrar), C (Hvestudalur) og D (Innrihvilft) hafa þegar verið klifnar. Svæði A (Bíldudalsfjall) og E-G (Ytrihvilft til Selárdals) eru tiltölulega lítið snert, þó stakar leiðir hafi þegar verið farnar. Það er því enn möguleikar fyrir töluverðan fjölda nýrra leiða af öllum stærðum og gerðum í Arnarfirði og nágrenni (t.d. í botni Patreksfjarðar).

NB Ketildalavegur er skilgreindur sem lágforgangsvegur hjá Vegagerðinni og er bara mokaður stöku sinnum. Síðasta byggða ból er um hálfa leið út í Selárdal í Hringsdal og er ekki mokað lengra en þangað.

NB Vestfirðir eru alræmt snjóflóðasvæði. Í vissum vindáttum getur orðið mikil snjósöfnun ofan og neðan ísklifurleiðanna. Hafið því varann á varðandi snjóflóðahættu en einnig varðandi grjót- og íshrun.

Tímabil

Vart þarf að taka það fram að í Arnarfirði eins og annars staðar á landinu, er ómögulegt að spá fyrir um ísklifuraðstæður. Janúar og febrúar eru þó þeir mánuðir, sem mestar líkur eru á góðum aðstæðum. Mars getur einnig verið góður með lengri daga en líkur á hlýindum eitthvað meiri.

Stiklur - Steppin' Stones: www.stiklur.is
Flugfélagið Ernir: www.ernir.is
Hostel á Bíldudal: www.hostel.is/hostels/bildudalur
Ferjan Baldur: www.sæferdir.is

A) **Bíldudalsfjall** – 0-1km frá Bíldudal

Mynd: Cassim Ladha

Þetta svæði er í göngufjarlægð frá Bíludal, milli bæjarins og Svarthamra (B) í brattri gilskorinni hlíð ofan við Ketildalaveginn. Akið norður í gegnum bæinn og í gegnum hlið þar sem komið er á Ketildalaveginn í áttina til Selárdals.

Klifurleiðir eru í bröttu giljunum ofan vegarins og tekur um 10-15 mín að brölta upp hlíðina. 4 leiðir frá WI4 upp í WI5.



Dreifing erfiðleikagráða ísklifurleiða í Arnarfirði

A1) **Thread Bear or Threadless** WI4
02/15: Dave Garry, Cassim Ladha

A2) **G20** WI4
02/15: Cassim Ladha, Dave Garry

A3) **Skolli** WI4+, 35m
02/09: Guðjón Snær Steindórsson, Viðar Helgason
Staðsetning óljós. Gæti verið sama og A1 eða A2

A4) **Skuggabaldur** WI5, 30m
02/09: Guðjón Snær Steindórsson, Viðar Helgason
Staðsetning óljós. Gæti verið sama og A1 eða A2

B) **Svarthamrar** – 2-3km frá Bíldudal



Mynd: Sylvia Mack

Svarthamrar eru einnig tiltölulega nærri Bíldudal, milli Bíldudalsfjalls (A) og Hvestudals (C) og skarta fjölda glæsilegra leiða í brattri og breiðri hlíð ofan vegarins.
Aðkoma tekur um 10-15mín upp bratta skriðu.

Hér hafa verið farnar átta leiðir frá WI4+ upp í WI6 og eru þær lengstu um 250m langar. Helstu óförnu verkefni hér er WI6 pillarinn hægra megin við B3 og að klára leið B8 upp á topp.

B1) **Seiðskrattinn (The Warlock)** WI5+, 130m
02/15: Sigurður Tómas, Dave Garry, Cassim Ladha

B2) **Skotlínan** WI5, 130m
02/09: Daníel G, Ásbjörn H, Smári S

B3) **Firring (Alienation)** WI5, 130m
02/09: Sigurður Tómas, Róbert Halldórss.
Sama byrjunarkertið og í B2 en fer upp miðju fossinn.

B4) **Vatnsberinn (Aquarius)** WI6, 130m
02/09: Róbert H, Sigurður T, Guðjón S, Viðar H

B5) **Kertasmiðjan** W15, 120m
02/09: Björgvin Hilmarsson, Sveinn F. Sveinsson

B6) **12" Mottó** WI4+/M4, 240m
02/09: Andri B, Freyr I B, Tryggvi Þ

B7) **Bíldudals grænar baunir** WI4+, 240m
02/09: Skarphéðinn Halldórss, Guðlaugur I Guðlaugss

B8) **Pirraði fýllinn** WI4+, 100m
02/09: Daníel G, Ásbjörn H, Smári S

C) **Hvestudalur** – 3-4 km frá Bíldudal

Andahvilftin við austurjaðar Hvestudals. Mynd: Sylvia Mack

Hvestudalur er innsti Ketildalurinn. Hann opnast þegar komið er framhjá Svarthamrasvæðinu, nokkra km utan við Bíldudal. Tólf leiðir hafa verið farnar á svæðinu og enn eru töluverðir möguleikar á nýjum leiðum. Sjöandahvilft eða Andahvilft er gríðarstórt skessusæti, sem sker sig djúpt inn í landslagið utan við Svarthamra. Fjölmörg brött gil prýða hvilftina og myndast ísfossar í allnokkrum þeirra - hafa nú sjö þeirra verið farnar (leiðir C1-C7) og í góðu árferði eru líkur á að fleiri línur myndist. Um 30-40mín gangur er frá veginum að leiðunum í hvilftinni.

Rétt sunnan við Andahvilft er bratt og glæsilegt klettaþil og hafa tvær leiðir verið klifnar þar (C8 og C9) með möguleikum á allnokkrum nýjum leiðum í erfiðari kantinum.

Ofan leiðanna er um 50m hátt sæmilega heillegt en íslaust yfirhangandi klettaþil, sem hægt væri að lengja núverandi leiðir með. Um 20-30mín brölt er upp bratta skriðuna að leiðunum. Vestanmegin í dalnum er brött hlíð með nokkrum leiðum af ýmsum erfiðleikum (C10-C12). Ein þeirra spannar heila 400m, frá fjöru til fjallstopps.

C1) **Merman (Hafmaður)** WI4+, 150m
02/15: Sean Wilkinson, Cassim Ladha
Fyrsta og lengsta ísrennan í hvilftinni (talið frá vinstri). Það eru síðan nokkrar íslausar rennur utar.

C2) **Shore Laddie (Fjörulalli)** WI4+, 100m
02/15: Adam Crook, Neil Griffiths, Dave Garry
Fjórða rennan.

C3) **Sæskrímsli** WI4+, 135m
02/15: Adam Crook, Neil Griffiths, Sean Wilkinson
Fimmta rennan.

C4) **Geitungur** WI4+, 85m
02/15: Skarphéðinn H, Katrín Möller, Ottó Ingi Þ
Sjöunda rennan. Byrjar makindalega en með bit í blálokin.

C5) **Nykur (The Nuggle)** WI3, 65m
02/15: Sigurður Ragnarsson, Þórður Aðalsteinsson
Áttunda rennan.

C6) **Skeljaskrímsli** WI3, 75m
02/15: Magnús Blöndal, Kristinn Sigurðsson
Níunda rennan.

C7) **Grautnefur** WI4, 70m
02/15: Skarphéðinn H, Katrín Möller, Ottó Ingi Þ
Tíunda rennan.

C8) **Fjandafæla (The Exorcist)** WI5, 140m
02/09: Sigurður Tómas, Róbert Halldórss.
Glæsileg lína, sem teygir sig 140m til himins með bland í poka af erfiðleikum.

C8 & C9 eru á stóra klettaveggnum hægra megin við Andahvilftina (austan megin líka).

Leiðirnar austanmegin í Hvestudal, sunnan við Andahvilftina. Mynd: Sigurður Tómas Þórisson



Leiðirnar vestan megin í Hvestudal. Mynd: Sigurður Tómas Þórisson

C9) **Rigor Mortis** WI5+, 140m
02/09: Róbert Halldórss, Sigurður Tómas
Stóri bróðir C8. Jafn glæsileg en með nokkrum vel stífum höftum í kaupbæti.

C10) **Skepnan deyr** WI4, 400m
02/09: Eiríkur Gíslason, Björk Hauksdóttir
V.-megin í dalnum. Frá fjöru til fjalls - eða því sem næst. Byrjar nánast í fjöruborðinu og eltir gilið langleiðina upp á hálendi.

C11) **Hrafninn flýgur** WI4, 100m
02/09: Örvar D Rögnvaldsson, Ragnar H Þrastarson
Einnig vestanmegin í dalnum.

C12) **Glyðran** WI4, 45m
02/09: Guðmundur F, Arnar J, Óðinn Á, Davíð J Ö.
Í gili þar sem þrjár ísleiðir er að finna. Gilið opnast bakvið þrönga skoru og er þetta leiðin í miðjunni.

Síðustu þrjár leiðirnar eru vestanmegin í dalnum, beint á móti Andahvilftinni.

D) Innrihvilft 5-6 km frá Bíldudal



Mynd: Cassim Ladha

Innrihvilft er annað gríðarmikið skessusæti og er um miðja leið milli Bíldudals og Selárdals, nokkrum km utan við Hvestudal. Fjórtán skráðar leiðir eru á svæðinu, frá WI2 upp í WI5+, 40-350m langar.

Nokkrar línur eru enn ófarnar á svæðinu, einkum hægra megin í hvilftinni. Aðkoman tekur um 45mín frá veginum, fyrst upp bratta brekku, síðan á flata inn hvilftar-botninn og síðan bratta brekku að leiðunum.

D1) **Odin (Óðinn)** WI5, 70m
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

D2) **Loki** WI5, 70m
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

D3) **Hrymur** WI4, 45m
02/15: Arnar Jónsson, Óðinn Árnason

D4) **Blindsker** WI5, 65m
02/15: Skarphéðinn Halldórsson, Sigurður Tómas

D5) **Naglfar** WI4+, 65m
02/15: Óðinn Árnason, Arnar Jónsson

D6) **Musculus** WI4+, 40m
02/09: Ágúst Þ Gunnlaugsson, Daði S Skúlason

D7) **Skotfélagið** WI4, 40m
02/09: Ágúst Þ Gunnlaugsson, Daði S Skúlason

D8) **Jötnar** WI5, 70m
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

D9) **Fenrir** WI5+, 70m
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski
Glæsileg og gallhörð lína upp ævintýralegt ísþil.

D10) **Hel** WI5, 200m
02/15: Ottó I Þórisson, Katrín Möller
Fyrst farin með því að klifra leið D11 og hliðra þaðan 120m til vinstri inn í þessa mögnuðu alpalínu sem nær alla leið upp á topp. Erfiðleiki íshaftanna er á bilinu WI3-WI5. Arnar, Berglind og Heiða fóru langleiðina upp leiðina á ísfestivali 2009 en urðu frá að hverfa skammt neðan brúnar.

D11) **Ragnarök** WI3, 80m
02/09: Berglind A, Arnar Þ E, Heiða J

D12) **Bergmálið** WI5, 200m
02/09: Guðmundur F, Arnar J, Óðinn Á
Brött íshöft milli snjóklifurkafla. Alpalína, sem nær alla leið upp á topp.

D13) **Þjassi** WI2, 50m
02/15: Sigurður Ragnarsson, Þórður Aðalsteinsson

D14) **The Tandem War Elephant** WI4/5, 55m
02/15: Jónas G Sigurðsson, Grímur Snorrason
Glettilega stíf íshöft í bröttu snjógili.

E) **Ytrihvilft** 6-7 km frá Bíldudal

Mynd: Cassim Ladha

Ytrihvilft er enn eitt skessusætið og er beint vestan við Innri-hvilft en eilítið minni í sniðum. Aðeins ein leið er skráð í hvilftinni en Kitty Calhoun og félagar gerðu atlögu að tveimur öðrum leiðum í hvilftinni árið 2014 en kláruðu þær ekki upp á topp og skráðu því ekki. Möguleikar eru á nokkrum leiðum til viðbótar á svæðinu.

E1) **Sea Monster** WI5, 350m
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski
Nákvæm staðsetning óljós. Líklega augljósasta línan í hvilftinni.

F) Fífustaðadalur

Mynd: Sigurður Tómas Þórisson

Fífustaðadalur hefur að geyma allnokkrar leiðar af ýmsum erfiðleikastigum. Þrjár leiðir voru klifnar austan megin í dalnum af Kitty Calhoun og félögum árið 2014 og eru enn möguleikar fyrir nýjar leiðir.

F1) **Screwed** WI4+, 70m
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

F1) **Artic Fox** WI4, 40m
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

F3) **Pink Panther** WI5-, 40m
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

G) Selárdalur

Selárdalur er síðstur Ketildalanna og þar endar vegurinn. Í Selárdal er að finna áhugavert listasafn Samúels Jónssonar, listamannsins með barnshjartað. Samúel smíðaði með berum höndum úr fjörugrjóti eigin kirkju utan um umdeilda altaristöflu sína og fjölda höggmynda eftir listamanninn er að finna á svæðinu.

Einnig er í Selárdal að finna eyðibýlið Uppsali, sem frægast er fyrir einbúann þjóðþekkta Gísla á Uppsölum, en hann varð þjóðkunnur í sjónvarpsþætti þar sem fram kom að hann hafði lifað og starfað mest alla 20. öldina (þar til hann lést árið 1987) án þess að nýta sér þægindi eins og rafmagn, vinnuvélar og ökutæki (www.arnfirdingur.is). Í Selárdal og nágrenni er að finna þó nokkurn fjölda ísklifurleiða, flestar ósnertar.

G1) **Ælan** WI4, 200m
02/09: Halldór Alberts, Ásgeir A. Stefánss, Sigurður Kristj.
Í Sandvíkurhyrnu.



Staðsetning helstu Ísklifurleiðanna í Arnarfirði.

Stakar leiðir

Hrímþurs (WI5) í Byltufjalli. Mynd: Óðinn Árnason



Sound of Summer (WI4) í Hringsdal. Mynd: Cassim Ladha

Hrímþurs WI5, 45m
02/15: Óðinn Árnason og Arnar Jónsson
Norðvesturhliðar Byltufjalls, sem er beint á móti Bíldudal, hinum megin við víkina/fjörðinn. Möguleikar eru á fleiri leiðum í „Byltunni“.

Sound of Summer WI4, 180m
02/15: Neil Griffiths, Adam Crook, Sean Wilkinson.
Í Austurhlíðum Hringsdals, ofan við lítið hús í dalnum. Aðkoma tekur um 30-40 mín. Hringsdalur er á milli Hvestudals (C) og Innrihvilftar (D) og eru þar enn möguleikar á fleiri leiðum.

Lítil hjörtu WI3, 30m
02/09: Ágúst, Daði, Arnar, Berglind og Heiða
Við Grænuhlíð í Bakkadal.

Feelgood W13, 30m
02/09: Ágúst, Daði, Arnar, Berglind og Heiða
Við Grænuhlíð í Bakkadal.

Ljósmyndakeppni ÍSALP 2015

ÍSALP stóð fyrir ljósmyndakeppni sumarið 2015 þar sem keppt var í þremur flokkum: *Skíði, Klifur og ísklifur,* og *Mannlíf á fjöllum.* Útivistarverslanirnar GG sport og Gangleri veittu verðlaun í hverjum flokki auk þess sem sigurmynd keppninnar var valin sem forsíða þessa ársrits. Hér má sjá verðlaunamyndir keppninnar, en á nýrri vefsíðu Ísalp – *www.isalp.is* – má finna þær innsendingar sem ekki rötuðu í blaðið.

Skíði – fyrsta sæti: Haukur Sigurðsson

Skíði – annað sæti: Smári Stefánsson

Skíði – þriðja sæti: Smári Stefánsson

Klifur og ísklifur – fyrsta sæti: Andri Bjarnason

Klifur og ísklifur – annað sæti: Andri Már Ómarsson

Klifur og ísklifur – þriðja sæti: Björgvin Hilmarsson

Mannlíf á fjöllum – fyrsta sæti: Haukur Sigurðsson

Mannlíf á fjöllum – annað sæti: Haukur Sigurðsson

Mannlíf á fjöllum – þriðja sæti: Arnar Þór Emilsson

Bergur Einarsson

Ný klifurleið á vestur-hlið Hvannadalshnjúks

Haustið hefur ekki oft verið talið heppilegasti tíminn fyrir fjallamennsku á Íslandi. Dagarnir eru stuttir, veðrið óstöðugt og bestu ferðaaðstæðurnar ekki komnar. Vetur konungur hefur þó tyllt tánum á efstu fjallstoppa og klætt þá hjarni og ís á meðan enginn snjór af viti er kominn í fjöll. Skíðagyðjan Skaði og við hin þurfum því að bíða eitthvað lengra fram á árið með að draga fram skíðin.

Ástandið er þó ekki alslæmt því á þessum árstíma er hægt að grípa ísleiðir sem byrja að myndast hátt í fjöllunum sem hverfa oft í snjó þegar líður á veturinn. Menn hafa nýtt sér þetta til að klifra vesturhliðina á Hvannadalshnjúk svo sem Leifur Örn Svavarsson og Björgvin Hilmarsson sem fóru þar nýja leið haustið 2010. Það eru möguleikar á fleiri leiðum á vesturhliðinni á Hnjúknum fyrir utan þá sem Leifur og Björgvin fóru og leiðina sem Helgi Benediktsson fór árið 1986. Tom King, Matteo Meucci og aðrir fjallaleiðsögumenn í Skaftafelli höfðu verið að ræða sín á milli möguleika á einni slíkri sumarið 2014. Sú leið liggur upp ísfoss í áberandi gili sem sker u.þ.b. miðjan hamarinn sem er syðst í vesturhlið Hvannadalshnjúks, sunnan við gilið sem Leifur og Björgvin fóru (sjá mynd 1). Tom King, Árni Stefán Haldorsen og Tryggvi Zophonias Pálsson höfðu farið upp undir þá leið 13. september en ekki litist á aðstæður í henni og fylgdu því leið Leifs og Björgvins. Matteo langaði að kíkja á hvort mögulegt væri að fara þessa leið og mér fannst þetta mjög spennandi verkefni. Við ákváðum því að stefna á leiðina laugardaginn 4. október 2014 en veðrið gaf okkur ekki tækifæri til að fara þá. Það var í raun ljóst að ef við ætluðum að hitta á góðan veðurglugga að hausti, á helgi þar sem við myndum báðir komast gætum við þurft að bíða of lengi, þ.e. að leiðin yrði komin undir snjó. Við ákváðum því að grípa bara næsta veðurglugga og nýta afgangana af sumarfríinu ef hann lenti á miðri viku.

Veðurspáin var góð fyrir þriðjudaginn 14. október. Það höfðu verið töluverð hlýindi fyrri hluta október en nú var búið að vera frost í nokkra daga og viðbúið að snjóaðstæður væru góðar. Við gripum því tækifærið og keyrðum austur mánudaginn 13. október. Eftir stutta nótt í Skaftafelli vorum við komnir að Svínafellsjökli Hafrafellsmegin rétt upp úr klukkan 5 morguninn eftir. Ferðin hófst á mátulegu brasi í myrkri við að komast á Svínafellsjökul og upp úr sprungubeltinu ofan við jökulsporðinn, þar til við komumst að jaðri skriðunnar sem féll snemma árs 2013. Eftir það var leiðin að Hnjúknum greið. Við fórum upp með skriðunni og norður fyrir litla skriðjökulinn sem gengur út að Svínfellsjökli neðan við Svínahrygginn, en ég mun hér eftir kalla hann Dyrhamarsjökul að tillögu Snævarrs Guðmundssonar*. Þar gengum við upp og yfir jökulinn undir Svínahrygg og svo upp sunnanundir Svínahryggnum. Við vorum þá komnir að brekkunni undir skarðinu milli Dyrhamars og Hvannadalshnjúks. Dyrhamarsjökull er mjög sprunginn þar sem hann gengur niður úr skarðinu en við fórum eftir honum að suðurhorni vesturhliðar Hnjúksins. Landslagið þarna er allt trölls-legt og sprungurnar stórar en það var auðvelt að finna leiðir á milli þeirra. Sprungumynstrið þarna er svo stórgert að þetta er einhvernveginn frekar eins og að ganga inn á milli gjánna á Þingvöllum heldur en að vera á sprungusvæði á jökli. Frá suðurhorni vesturhliðarinnar hliðruðum við um það bil 100 metra norður eftir hlíðinni undir klettahryggnum sem skagar aðeins út úr hnjúknum. Þar opnaðist undir mér ofan í jaðarsprungu við klettana en ég tolldi á bakkanum svo aldrei tók í línuna.

Við vorum nú komnir undir gilið sem við stefndum á og við tók um 80 metra spönn af snjóbrekkum og íshöftum sem við fórum á hlaupandi tryggingum. Í neðstu höftunum varð strax ljóst að það var dálítil snjóskel utan á ísnum en það mátti finna góðan ís á stöku stað undir henni. Aðstæðurnar í snjóbrekkunum voru mjög góðar, harðfennisskel sem auðveldlega hélt manneskju. Matteo leiddi næstu spönn sem var lykilspönnin í leiðinni. Spönnin var 35 til 40 metrar af WI4 klifri í misgóðum ís með snjóskel utan á. Ég sá Matteo ekki í efsta hluta spannarinnar en heyrði mikið fagnaðaróp þegar að hann kom upp úr henni. Ég skyldi svo fögnuðinn þegar hann tryggði mig upp skömmu seinna og ég komst yfir brúnina. Klifrið tók nefnilega töluvert á og hafði verið vel tryggt með skrúfum en ég er ekki viss um að ísinn í kringum þær allar hafi verið eins og maður vill helst hafa



Vesturhlið Hvannadalshnjúks. Leiðin sem Helgi Ben fór 1986 (græn lína) og Leifur Örn Svavarsson og Björgvin Hilmarsson fóru 2010 (blá lína) eru merktar gróflega inn. Ný leið sem Matteo Meucci og Bergur Einarsson fóru haustið 2014 er merkt með rauðri línu.

hann, þó að inn á milli hafi verið skrúfur í mjög góðum ís. Nú tók við létt snjóklifur í um 60 metra upp á hrygginn sem gengur til suðurs úr Hvannadalshnjúks niður í skarðið við Dyrhamar. Við fylgdum síðan hryggnum upp á topp.

Ferðalagið allt hafði tekið töluverðan tíma með myrkraverkunum á jöklinum um morguninn og hækkuninni upp undir Hnjúkinn og klukkan því langt gengin fram yfir kaffi þegar að við komum á toppinn. Við tókum því nestispásu og nutum útsýnisins þreyttir en sáttir og glaðir. Þar sem birtu nýtur ekki lengi við um miðjan október var sólin komin grunsamlega lágt á loft. Veðrið hafði líka verið gott á okkur allan daginn en skýjabakki hafði verið að færa sig rólega inn og var byrjaður teygja fingur sína upp eftir Hrútsfjallstindum. Nestispásan var því stutt og við drifum okkur niður skarðið milli Hvannadalshnjúks og Dyrhamars og komum aftur inn á leiðina rétt ofan við Svínahrygg. Dimman var nú að detta á og við tók niðurferð undir norðurljósum og með bjarma frá gosinu í Holuhrauni í norðri. Skýjabakkinn sem hafði verið að færa sig upp á skaftið yfir daginn hopaði líka og við fengum að njóta fjallahringsins á niðurleiðinni. Við fórum svipaða leið niður og við höfðum komið upp nem hvað að á neðsta hluta Dyrhamarsjökuls fylgdum við grænni lænu á sprungukortum Snævarrs Guðmundssonar og reyndist það vel.

Sprungukortin eru í raun alveg ótrúlegt og þakkarvert framtak sem hjálpar mikið til við leiðarval á jöklum. Þegar að við komum niður á Svínafellsjökul fórum við til baka ofan skriðunni og var það í raun betra en að ganga meðfram jaðri hennar. Að lokum voru svo frekari myrkraverk á sprungusvæðinu ofan við sporðinn og við vorum ekki komnir niður í bíl fyrr en eftir miðnætti. Það var í raun mjög gaman að klifra þessa leið þó að aðkoman að henni sé ansi löng og mikil hækkun. Það eykur alltaf einhvern veginn aðeins á upplifunina í klifri ef leiðin endar á flottum tindi og ekki skemmir fyrir ef það er sjálfur Hvannadalshnjúkur.



Bergur Einarsson tryggir Matteo Meucci upp fyrstu spönn nýrrar leiðar á vesturhlið Hvannadalshnjúks.

Matteo Meucci lagður af stað í lykilspönn nýrrar leiðar á vesturhlið Hvannadalshnjúks.

*Ég notast hér við nafnið Svínahryggur þar sem að það nafn hefur verið notað hingað til um þennan hrygg í umræðu og skrifum um fjallamennsku. Eitthvað hafa verið deildar meiningar um nafnið og í væntanlegu áhættumati fyrir eldgosahættu í Öræfajökli verður hugsanlega notast við nafnið Svínafellshryggur. Hvorki Oddi Sigurðssyni jarðfræðingi né Snævarri Guðmundssyni er kunnugt um sérnafn á þennan litla skriðjökul þó þeir séu báðir mjög fróðir um jöklanöfn á Íslandi og hann hefur líklega alla tíð verið talinn sem hluti af Svínafellsjökli. Neðsti hluti jökultungunnar er nú orðinn algerlega aðskilinn frá Svínafellsjökli þó að hluti um miðbik hennar sé en tengdur ís-fallinu í Svínafellsjökli. Mannaferðir eru mun tíðari þarna um en áður var og því spurning hvort ekki eigi að gefa jökultungunni nafn því að „landslag yrði lítils virði, ef það héti ekki neitt“ a.m.k. samkvæmt ljóðskáldinu Tómasi Guðmundssyni. Snævarr Guðmundsson leggur til Dyrhamarsjökuls en stór hluti upptakasvæði jökulsins afmarkast af Svínahrygg, Dyrhamri og Hvannahrygg. Dyrhamarsjökull fellur því vel að örnefnum við upptök jökulsins og öðrum örnefnum á svæðinu. Ef almenn sátt er innan fjallasamfélagsins um að notast við þetta nafn er væntanlega réttast að ræða það við heimamenn og leggja það svo til við örnafnanefnd, séu heimamenn sáttir. Séu menn ósáttir við nafnið fer líklega best á því að skapa líflegar umræður og koma með aðrar tillögur á spjallinu á isalp.is.



Texti: Björgvin Hilmarsson
Myndir: Björgvin Hilmarsson & Sveinn Friðrik Eydal Sveinsson

Leiðarvísir:
Suðurhlíðar Vestara- og Eystra-Hrútsfjalls



Hrútsfjallstindar úr lofti. Myndin er tekin úr þyrlu Landhelgisgæslunnar, 9. október 2010.
Eins og sjá má er lítill snjór á svæðinu og sprungur því mikið opnar. Horft er til norðvesturs.

Hrútsfjallstindar í vestanverðum Öræfajökli hafa verið viðfangsefni klifrara um nokkurra áratuga skeið en þeir voru fyrst klifnir árið 1953. Nokkrar leiðir hafa nú verið farnar upp suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls og einnig á Vesturtind (1765 m) upp suðvesturhrygginn frá Svínafellsjökli. Greint hefur verið frá þessum leiðum í hinum ýmsu ársritum Íslenska alpaklúbbsins en hér er dregið saman yfirlit um þær. Jafnframt eru þær merktar inn á skýrar og góðar ljósmyndir.

Þar sem suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls er stór og flókin eru birtar þrjár myndir sem sýna hana og leiðirnar frá mismunandi sjónarhornum. Á öftustu mynd þessarar greinar sést einnig suðvesturhryggurinn á Vestara-Hrútsfjalli. Bent skal á að línur teiknaðar inn á myndir eru aldrei alveg nákvæmar heldur sýna í stórum dráttum hvernig leiðirnar liggja. Sumar leiðirnar hafa verið farnar oft og alveg örugglega ekki alveg eins í hvert skipti.

Í ársriti frá 1993 birtist stórgóð grein eftir Snævar Guðmundsson sem ber einfaldlega heitið Hrútsfjallstindar. Í henni rekur Snævarr klifursögu Hrútsfjallstinda fram að þeim tíma. Ég byggi þessa samantekt að miklu leyti á þeirri grein og öðrum eftir Snævar, einnig á grein eftir Jón Geirsson frá 1986 þar sem hann lýsir *Scottsleið* og grein Ívars F. Finnbogasonar frá 2002 sem fjallar um *Postulínsleiðina*. Að auki átti ég samskipti og samtöl við Snævar og Helga Benediktsson, sem og aðra sem tóku þátt í að setja upp þær leiðir sem fjallað er um í samantektinni.

Eftirfarandi lýsingu er að finna í grein Snævars frá 1993:

> *„Hrútsfjall er með tilkomumestu fjöllum landsins og þótt það beri næst við Hvannadalshnúk, og skorti þar tæpa 250 m á hæðina, má í samanburði vart á milli sjá hvort er tignarlegra. […] Má með réttu telja að saga fjallgangna á Hrútsfjallstinda tilheyri því tímabili sem Ísalp hefur mótast á og eigi því erindi í ársritið. Uppgöngur á Hrútsfjallstinda hafa talist til áhugaverðustu fjallaferða sem áhugafólk um fjallamennsku komast í.“*

Orð að sönnu. Vinsældir Hrútsfjallstinda aukast með hverju árinu. Flestir ganga á tindana eftir hinni hefðbundu „túristaleið“ eins og leiðsögumenn sem starfa í Skaftafelli kalla hana sín á milli. Þá er gengið meðfram vestanverðu Hafrafelli og síðan upp á það og í Sveltisskarð. Þaðan áfram upp á jökul og austur undir Vesturtind. Oftast er farið norður fyrir hann og látið nægja að fara á Hátind (1875 m). Margir hafa einnig metnað til að fara á Vesturtind líka en færri að fara á alla tindana í einu en það gerist þó stöku sinnum.

Þessi samantekt einblínir þó á klifurleiðir í suðurhlíðum Vestara- og Eystra-Hrútsfjalls. Sá hluti fjallsins býður einmitt upp á krefjandi fjallamennsku og alveg óhætt að segja hana á „heimsmælikvarða“. Frægasta leiðin upp suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls má örugglega fullyrða að sé *Scottsleið* sem farin var af Doug Scott, hinum mikla og fræga fjallamanni, ásamt fjórum Íslendingum.

En byrjum á byrjuninni. Fyrsta alvörutilraunin við suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls var gerð af þeim Snævari Guðmundssyni og Torfa Hjaltasyni árið 1980. Þeir fóru eftir vestasta hryggnum í suðurhlíðinni og náðu um 1100 m hæð áður en þeir urðu frá að hverfa vegna veðurs og snjóflóðahættu. Árið eftir reyndi Torfi aftur sömu leið en þá með Önnu Láru Friðriksdóttur og Einari Steingrímssyni. Þau náðu upp alla hlíðina og að jökulflatanum þar fyrir ofan þar sem þau hugðust bíða af sér veður í 1500 m hæð. Þar sem veðrið var óbreytt daginn eftir hliðruðu þau út að Vesturtindi og þaðan niður í stað þess að fara upp á Suðurtind. Þar með var fyrsta leiðin upp suðurhlíðina orðin að veruleika. Var hún einfaldlega nefnd Suðurhlíð og fékk heildargráðuna PD. Snævarr Guðmundsson fjallar um þessa ferð í ársriti Ísalp 1993.

Björgvin Richardsson, Óskar Þorbergsson og Snævarr Guðmundsson fóru Suðurhlíð í ágúst 1983 og náðu alla leið upp á Suðurtind. Þeir luku þá við þá leið sem hafði upphaflega verið markmið Snævars og Torfa árið 1980, þ.e. að fara suðurhlíðina og upp á Suðurtind (1852 m). Þessi leið er í dag oft kölluð „Orginallinn“ (leið nr. 4) enda hafa núna fleiri leiðir verið farnar upp suðurhlíðina. Snævarr segir frá þessari ferð í grein í ársriti Ísalp 1988. Reyndar kláruðu þeir upp á Suðurtind á annan hátt en sýnt er með rauðri línu á myndinni, sú lína lýsir leiðinni eins og hún er langoftast farin. Í stað þess að fara upp snjóbrekkuna í skálinni undir Suðurtindi og í skarðið sem yfirleitt er farið í og svo á hrygginn sem liggur upp á Suðurtind, fóru þeir eftir hryggnum alla leið (græn lína merkt B).

Um páskana 1982 stefndu þeir Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson á Suðurtind. Gengu þeir á fjallaskíðum af Svínafellsjökli og upp ísfallið milli Vestara- og Eystra-Hrútsfjalls. Ofan við það skildu þeir skíðin eftir, undir Suðurtindi, en gengu svo á hann. Eftir uppgönguna skíðuðu þeir niður ísfallið, þaðan sem þeir höfðu skilið skíðin eftir. Það má fullyrða að þessi skíðaleið er ekki fyrir óvana.

Helgi og Arnór áttu eftir að fara fleiri slíkar skíðaferðir á þessu svæði. Um páska árið 1983 fóru þeir upp svokallað *Stóragil* sem er austan við þær klifurleiðir sem hingað til hafa verið farnar upp suðurhlíðina. Eins og árið áður höfðu þeir í hyggju að skíða niður að lokinni ferð á tindinn. Ofarlega í gilinu voru skíðin skilin eftir þar sem snjór var farinn að vera af skornum skammti en héldu áfram eftir stórri syllu og austur fyrir tindana. Þeir enduðu svo á að fara upp á Miðtind (1854 m). Mikil snjóflóðahætta var á svæðinu svo fara þurfti yfir með mikilli gát. Á niðurleiðinni rann fleki af stað á einum stað, með tilheyrandi hjartakipp viðstaddra. Þeir fundu skíðin en þau komu að litlu gagni og skíðaferðin endaði í afturendarennsli niður gilið. Metnaðarfullt plan hjá þeim engu að síður en eins og svo oft ráða aðstæður og veðrið hvernig úr spilast. Leiðin upp *Stóragil* og austur fyrir er merkt sem leið nr. 8.

Helgi og Arnór eiga enn eina skíðaleiðina á svæðinu, skemmtilega þverun. Um páska árið 1986 fóru þeir upp að Fjallkirkju frá Svínafellsjökli, þaðan beint yfir á Hátind og svo á Vesturtind. Af Vesturtindi skíðuðu þeir niður til vesturs og svo niður Hrútsfjallsjökulinn og á Svínafellsjökul aftur. Það kemur kannski að því að gerður verði leiðarvísir um skíðaleiðir á og við Hrútsfjallstinda og munu þeir Helgi og Arnór þá koma mikið við sögu. Farið var í fyrsta skipti upp eftir suðvesturhryggnum á Vestara-Hrútsfjall árið 1986. Það gerðu Jón Geirsson og Snævarr



Suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls séð úr suðaustri. Myndin er tekin 27. maí 2012.

Guðmundsson. Sú leið var gráðuð PD. Stefnt hafði verið á ísfoss austanvert í fjallinu en þeir fóru upp ísfallið í neðri hlutanum í staðinn vegna þess að þegar þangað kom var íshröngl og grjót farið að hrynja niður öll gil. Ofar var farin löng snjóbrekka og síðan inn á hrygginn (sjá grænu línuna, merkt A og svo áfram eftir leið 2 á sömu mynd). Flestir sem hafa farið suðvesturhrygginn í gegnum tíðina hafa þó líklega byrjað nokkurn veginn eins og sýnt er með blárri línu, þ.e. leið 1 og svo áfram eins og lína nr. 2 sýnir.

Þeir sem fóru suðvesturhrygginn síðast þegar þetta er skrifað voru þeir Bjartur Ólafsson og Matteo Meucci, 23. apríl 2015. Þeir byrjuðu klifrið á annan hátt en þeir sem á undan hafa farið eða með því að fara áður óklifinn 110 m háan ísfoss en eftir það hina hefðbundu hryggjarleið. Leið sína nefndu þeir *Smjörfingur* og er hún merkt inn sem leið nr. 2.

Daginn áður en þeir Matteo og Bjartur fóru upp suðvesturhrygginn upp á Vestara-Hrútsfjall, fóru þeir nýja leið vestan við „Orginalinn“. Þeir fóru upp ísfallið, meðfram vestasta hryggnum og að bráðfallegum og greinilegum 125 m háum ísfossi sem þótt ótrúlegt megi virðast hafði aldrei verið klifinn áður. Að klifra ísfossinn var markmiðið og eftir að þeir náðu upp á jökulflatann fyrir ofan suðurhlíðina héldu þeir niður ísfallið en eyddu ekki frekari tíma í að fara upp á Suðurtind eða aðra tinda í nágrenninu. Ævintýri þeirra var nefnilega ekki nema hálfnað og suðvesturhryggurinn eftir. Leiðina nefndu þeir *10 norskar stelpur* og gráðuðu hana TD, AI4+. Hún er merkt sem leið nr. 3. Nafntogaðasta leiðin á svæðinu var fyrst farin árið 1985 en þá kemur til landsins fyrrnefndur Doug Scott. Hann var þá og er enn heimsþekktur fjallamaður og heimsókn hans stórmerkilegur viðburður í sögu fjallamennsku á Íslandi. Doug Scott fer í maí, ásamt þeim Helga Benediktssyni, Jóni Geirssyni, Snævari Guðmundssyni og Þorsteini Guðjónssyni, upp suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls eftir leið sem síðan hefur verið kölluð *Scottsleið*, nema hvað? Jón Geirsson sagði frá þessu ævintýri í frábærri grein í ársriti Ísalp árið 1986. Það er ljóst af lestri þeirrar greinar að Doug Scott er bráðskemmtilegur karl. Það markverðasta í *Scottsleið* er 60 m hár 4. gráðu ísfoss í byrjun eftir að komið er upp fyrstu snjóbrekkurnar og svo kamburinn

í lokin áður en komið er á jökulflatann ofan við suðurhlíðina. Þeir kláruðu upp á Suðurtind og fóru svo niður *Stóragil*, hlaupandi eða á rassinum. Ætti ekki að koma á óvart en Helgi hafði klifrað upp með skíðin á bakinu og náði að skíða töluverðan hluta gilsins. Á myndum er *Scottsleið* merkt inn sem leið nr. 5. Þegar þetta er skrifað hefur *Scottsleið* ekki verið endurtekin í heild sinni.

Fimmtán ár liðu frá því að *Scottsleið* var farin þar til næsta nýja leið upp suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls leit dagsins ljós. Þann 1. apríl árið 2000 fóru þeir Einar Rúnar Sigurðsson, Ívar F. Finnbogason og Örvar A. Þorgeirsson inn Svínafellsjökul og stefndu á að láta draum rætast. Í grein sem Ívar skrifar í ársrit Ísalp árið 2000 um tilurð leiðarinnar segir hann: „Þegar ég var að góna upp í vegginn einu sinni sem oftar, þóttist ég sjá möguleika fyrir nýja línu, línu sem gæfi Scott ekkert eftir og endaði auk þess í fossi sem væri oftar í aðstæðum en plasteraðir klettarnir í síðustu spönn Scotts.“ Draumurinn varð að veruleika og úr varð *Postulínsleiðin* sem fékk gráðuna TD+,WI5+ (leið nr. 7). Þeir félagar gengu inn Svínafellsjökul á fjallaskíðum og skildu þau svo eftir fyrir neðan vegginn. Fóru þeir upp fyrstu snjóbrekkurnar og eftir það liggur leiðin upp ísfoss rétt austan við fyrsta ísfossinn í *Scottsleið*. Sá foss er um 40 m hár og af gráðunni WI4. Eftir það er farið um brattar snjóbrekkur og styttri ísfossa. Efst í stóra klettabeltinu sem er í miðri suðurhlíðinni er myndarlegur foss og var sá erfiðasti, 50 m hár og gráðan WI5+. Nafnið *Postulínsleiðin* kemur til af því að ísinn í þessu erfiðasta hafti var mjög harður, líkt og postulín. Rétt undir lokahaftinu í *Scottsleið* gistu þeir félagar yfir nótt á syllu sem var „eins og sköpuð með þennan eina tilgang í huga“ eins og Ívar orðaði það í grein sinni. Þaðan hliðruðu þeir til austurs undir efsta klettabeltinu og að lokakaflanum í leiðinni sem er um 80 m hár ísfoss sem farinn var í þremur spönnum. Sú fyrsta 20 m af gráðunni WI4, sú næsta 30 m af gráðunni WI5 og svo 30 m af gráðunni WI2/3. Eftir að upp hann var komið, og suðurhlíðin því í höfn, héldu þeir áfram upp á Suðurtind eftir hefðbundinni leið.

Þann 4. apríl 2012 fóru þeir Freyr Ingi Björnsson og Styrmir Steingrímsson leið sem byrjar á milli *Scottsleiðar* og *Postulínsleiðarinnar*. Hún liggur svo fljótlega eins og *Postulínsleiðin* en sker sig svo frá henni aftur en sameinast Scotts-leið og fylgir henni upp hið mikilfenglega lokahaft. Eftir að þeir komu svo upp á jökulflatann ofan við suðurhlíðina fylgdu þeir hefðbundinni leið upp á Suðurtind. Leiðina nefndu þeir *Íshröngl* sem þeir sögðu lýsandi fyrir aðstæður en ísinn var morkinn og lélegur. Leiðina gráðuðu þeir í heildina TD og ísklifrið WI4/5. Leiðin er merkt nr. 6.

Ógerlegt er að greina frá öllum ferðum upp suðurhlíðar Vestara- og Eystra-Hrútsfjalls en hér hef ég þó nefnt þær helstu og sýnt þessar leiðir á ljósmyndum á þann hátt að vonandi gefi það nokkuð rétta hugmynd um hvernig þær liggja. Það var nú megintilgangurinn.



Efri hluti suðurhlíðar Eystra-Hrútsfjalls séð úr lofti. Myndin er tekin úr þyrlu Landhelgisgæslunnar, 9. október 2010. Þegar þessi mynd er tekin eru sumar leiðanna ófærar vegna þess hversu lítill snjór er á svæðinu og sprungur opnar.

Rétt er að ítreka að klifur upp suðurhlíðar og -hryggi Hrútsfjallstinda er mjög alvarlegt og krefst góðrar reynslu í fjallamennsku. Það er ekki einungis bratta ísfossa sem þarf að klífa heldur einnig snarbrattar snjóbrekkur sem geta verið í alla vega aðstæðum, stundum með allt að 60 gráðu halla. Snjóflóðahætta er oft til staðar og því nauðsynlegt að fara að öllu með gát. Snjóflóð úr hlíðum Hrútsfjallstinda hefur tekið líf, því má ekki gleyma.

Enn eru ýmsir möguleikar á nýjum leiðum og afbrigðum á svæðinu og öruggt að Hrútsfjallstindar munu áfram toga í fjallamenn og -konur um ókomna tíð.



Suðurhlíðar Vestara- og Eystra-Hrútsfjalls. Myndin er tekin af Svínafellsjöki þann 28. mars 2013.

1) **Suðvesturhryggurinn upp á Vesturtind** PD
FF. Jón Geirsson & Snævarr Guðmundsson, um hvítasunnu '86
Á myndinni sést sú leið sem oftast hefur verið farin upp suðvesturhrygginn á Vestara-Hrútsfjalli eins og hún liggur nokkurn veginn. Í fyrstu ferðinni fóru Jón og Snævarr aðeins ofar í ísfallið, upp snjóbrekkur og síðan inn á hrygginn (græn lína merkt A).

2) **Smjörfingur** TD+, AI5
FF. 23/04/15: Bjartur Ólafsson & Matteo Meucci
Farið upp frá Svínafellsjökli og upp undir suðurhrygginn í Vestara-Hrútsfjalli. Byrjað á 110 m háum ísfossi. Hann var farinn í þremur spönnum sem voru AI4 (30 m), AI5 (50 m) AI3 (15 m). Eftir það hefðbundin leið eftir hryggnum og upp á topp.

3) **10 Norskar stelpur** TD, AI4
FF. 22/04/15: Bjartur Ólafsson & Matteo Meucci
Aðkoma eftir Svínafellsjökli. Gengið upp með ísfallinu og að um það bil 125 m háum ísfossi ofarlega og vestan í vestasta hryggnum í suðurhlíðinni. Fossinn var farinn í þremur spönnum sem voru AI4+ (55 m), AI4 (55 m) og AI3 (15 m).

4) **Suðurhlíð (oft kölluð Orginallinn)** PD, II+
FF. 05/81: Anna Lára Friðriksdóttir, Einar Steingrímsson & Torfi Hjaltason. Lengd: 1400 m (400 – 1852 m).
„Alvarleg og löng leið á jökli." Vegna veðurs hliðraði þríeykið út að Vesturtindi og þaðan niður. Björgvin Richardsson, Óskar Þorbergsson og Snævarr Guðmundsson fóru upp þessa sömu leið í ágúst 1983 en héldu áfram upp á Suðurtind og þá alla leið eftir lokahryggnum (græn lína merkt B) í stað þess að fara upp snjóbrekkuna í skálinni og að skarðinu sem er í hryggnum.

5) **Scottsleið** TD
FF. 05/85: Doug Scott, Helgi Benediktsson, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson & Þorsteinn Guðjónsson
Mestu erfiðleikar, 60 m hár ísfoss, bratti 75 – 90 gráður, 4. gráða. Tindakamburinn, ein spönn 5. gráða og ein 6. gráða, ís og klettar. Þar á milli klifur í snjó af 1. – 2. gráðu og klettum af III. gráðu.

6) **Íshröngl** TD, WI4/5
FF. 03/04/12: Freyr Ingi Björnsson & Styrmir Steingrímsson
Leiðin hefst á ísfossi mitt á milli Scottsleiðar og Postulínsleiðarinnar, sameinast Postulínsleiðinni og svo síðar Scottsleið. Þeir fóru síðan upp lokahaftið í Scottsleið og enduðu uppi á Suðurtindi. Leiðin er merkt með blárri línu.

7) **Postulínsleiðin** TD+, WI5+
FF. 01/04/00: Einar Rúnar Sigurðsson, Ívar F. Finnbogason & Örvar A. Þorgeirsson.
Eftir fyrstu snjóbrekkurnar er myndarlegur WI4 gráðu ísfoss, um 40 m hár. Eftir það er farið um snjóbrekkur og styttri ísfossa og að erfiðasta fossinum sem er um 50 m af gráðu WI5. Lokahaftið í suðurhlíðinni er ísfoss sem farinn var í þremur spönnum: WI4 20 m, WI5 30 m, WI2/3 30 m. Héldu þeir félagar áfram og upp á Suðurtind.

8) **Stóragil** PD
FF. Arnór Guðbjartsson & Helgi Benediktsson, um páska '83
Þeirra leið lá síðan upp á Miðtind. Ofarlega í gilinu, rétt áður en línan tekur áberandi sveig til austurs, skildu þeir skíðin eftir. Á leiðinni niður var ætlunin að skíða niður en minna varð úr því en áætlað var.

Matteo Meucci er mjög reyndur fjallamaður og hefur klifrað ótalmargar krefjandi leiðir í Ölpunum og víðar. Lýsingar hans á leiðunum sem hann klifrar eru mjög nákvæmar og það er eiginlega ekki annað hægt en að birta lýsingu hans á klifrinu upp suðvesturhrygginn á Vestara-Hrútsfjalli:

Climb the 110m tall icefall.

1°: 30m AI4

2°: 50m AI5

3°: 15m AI3 after 45m slope 35°

4°: 35° Easy slope

5°: 40° Easy slope

6°: 40° Easy slope heading the wide ridge

7°: 45° Steeper slope heading the icy rock ridge Follow the slope left to the true ridge

8°: 60m AI3 Climb a short gully, then turn left and take another gully ending on the top of the ridge

9°: 30° Follow the easy ridge

10°: 30° Follow the easy ridge

11°: 35° Follow the easy ridge

12°: 40° Belay at the base of a 5m tall wall

13°: Traverse on the right under a big cornice until it's easy to step on the upper slope 45-50°, belay close to the rock

14°: 35° Traverse on the left, heading the corner

15°: 45°– 50° Cross the corner and heading up the slope, pointing the summit

16°: 50° Heading the slope.

17°: 55° Heading the slope reaching a bowl shape wall. belay on the right part

18°: Right traversing the wall reaching the ridge Climb the ridge that is transforming in a slope

19°: Following the easiest way summit the slope

Follow the flat ridge to the top of the west summit. 20 min.

Starfsemi ÍSALP

2011-2015

Margt hefur á daga klúbbsins drifið síðan síðasta ársrit kom út. Á tímabilinu hafa setið þrír formenn og enginn þeirra sem nú situr í stjórn var í stjórn þegar síðasta ársrit kom út. Klúbburinn flutti í nýtt húsnæði á tímabilinu, er kominn með nýja heimasíðu og hefur eignast glænýjan skála svo fátt eitt sé nefnt.

Byrjum á að renna yfir fasta viðburði ársins. Búnaðarbazar hefur verið í október ár hvert í húsnæði Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík við Flugvallaveg. Góð mæting hefur verið á viðburðinn þrátt fyrir að hrossakaup fjallamanna fari að mestu fram í gegnum sölusíður Facebook á öld snjallsímanna. Boðið hefur verið upp á kaffi, kakó og kexmeti og auk þess sem seljendur hafa verið hvattir til að hafa uppi hróp og köll til að fanga athygli viðskiptavina.

Jólaklifrið er orðinn einn af stærstu viðburðum klúbbsins ár hvert. Hefð er komin á að fara í Múlafjall á laugardegi einum til tveimur vikum fyrir jól. Í Múlafjalli hafa verið verkefni við allra hæfi. Settar hafa verið upp ofanvaðslínur þar sem óreyndir geta spreytt sig í ísklifri, þar er gnægð hefðbundinna ísleiða en einnig er orðinn þar aragrúi af boltuðum mixleiðum af ýmsum erfiðleikastigum. Árið 2012 mættu 36 manns og klifruðu við frábærar aðstæður í góðu veðri. Endað var í jólaglögg heima hjá þáverandi formanni, Atla Pálssyni. Fregnir herma að enn fleiri hafi mætt árið 2013, og var þar fólk af hinu ýmsasta þjóðerni. Árið 2014 var einnig fjölmennt í klifrinu en endað var í frekar fámennri jólaglögg í Ísalpsalnum.

Ísklifurfestival klúbbsins er haldið í febrúar ár hvert. Árið 2011 féll viðburðurinn niður vegna hlýinda. Stefnt hafði verið á að halda það á Bíldudal. Þónokkra gremju mátti merkja á spjallborði klúbbsins vegna þessa. Árið eftir stefndi í að hörmungarnar endurtækju sig en eftir endalaus hlýindi tilkynnti Rúnar Óli um góðar aðstæður fyrir vestan og hóaði mæddum borgarbúum til Ísafjarðar þar sem haldið var festival. Þetta var óvenjuseint, eða 9-11.mars. Fámennt en góðmennt festival í erfiðum veðurskilyrðum. Meðal annars var klifrað í Dýrafirði og Önundarfirði. Árið 2013 stóð til að halda hátíðina í Kaldakinn en þar reyndur aðstæður ekki nógu góðar þegar leið að festivalhelginni. Var því ákveðið að halda viðburðinn á Ísafirði annað árið í röð. Tim Emmett og vinir hans mættu á festivalið með vídjódróna. Rúnar, Búbbi og fjölskyldur tóku á móti gestum á Bræðraborg, matreiddu súpu og báru fram bjór. Um 30 klifrarar mættu og var mikið klifrað af nýjum leiðum. Flestir gistu á gistiheimili en nokkrir björgunarsveitarmenn fengu gistingu í björgunarsveitarheimilinu.

Árið 2014 var ísklifurfestivalið haldið í Haukadal. Stefnt hafði verið á að halda það við Grundarfjörð en vegna hlýinda vikunnar áður var festivalið fært, enda var vitað að aðstæður til klifurs væru góðar í Haukadal. Gist var í félagsheimilinu Árbliki og mættu yfir 40 klifrarar. Klúbburinn bauð upp á kjötsúpu og bjór á krana og leiknir voru samkvæmisleikir fram eftir nóttu. Bar þar af einhver metnaðarfyllsti stólaleikur sem sögur fara af. Árið 2015 var festivalið haldið á Arnarfirði. Mættu þar auk fastagesta fjórir sprækir Bretar, þeirra á meðal Cassim Ladha og Dave Garry. Bæði kvöldin var farið í Skrímslasetrið á Bíldudal og á laugardagskvöldinu bauð klúbburinn upp á kjötsúpu samkvæmt hefð. Gist var á gistihúsinu Stiklum á Bíldudal og fær sá staður meðmæli viðstaddra. Í kringum 30 klifrarar tóku þátt þetta árið.

Telemarkfestival ÍSALP er haldið um miðjan mars ár hvert í Hlíðarfjalli og þar er alltaf mjög góð mæting. Utanumhaldið er nær alfarið í höndum norðlenskra klúbbmeðlima.

Fjallakvikmyndahátíðin Banff er orðinn árlegur viðburður og hefur hún ýmist verið haldin í apríl eða maí. Vorin 2011, 2012 og 2013 var hún haldin í Bíó Paradís á Hverfisgötu. Hátíðin var orðin of stór til að komast fyrir í einum sal og árið 2014 var hún flutt í sal 1 í Háskólabíó. Þar var hún einnig haldin 2015. Sjóklæðagerðin og Íslenskir Fjallaleiðsögumenn hafa verið einu styrktaraðilar hátíðarinnar síðustu árin og með þeirra stuðningi hefur tekist að halda bókhaldi hátíðarinnar réttu megin við núllið. Arnar úr Fjallateyminu hefur veitt drjúga aðstoð við auglýsingamál. Þessi viðburður er orðinn vel þekktur og er góð auglýsing fyrir klúbbinn.

Síðasti fastaviðburður ársins sem nefndur verður hér er Stardalsdagurinn. Á þjóðhátíðardaginn, 17.júní höfum við reynt að halda dótaklifurdag í Stardal og er draumurinn að þetta geti orðið eins konar sumarútgáfa af jólaklifrinu, þar sem nýliðar eru sérstaklega boðnir velkomnir. Þetta hefur hins vegar ekki gengið sérlega vel og hefur viðburðinum verið aflýst öll árin nema 2013 vegna veðurs. Árið 2013 mættu fimm manns og áttu góðan dag þrátt fyrir að hafa endað á því að klifra í snjókomu.

Eins og þekkt er á klúbburinn tvo skála, annan í Tindfjöllum og hinn í Botnssúlum. Mikil prýði er af Tindfjallaskála en Súlnaskálinn Bratti hefur hins vegar verið í lamasessi árum saman.

Haustið 2011 fór hópur klúbbfélaga í skoðunarferð upp í Botnssúlur til að skoða Bratta og var þá ákveðið að sækja skálann í bæinn til yfirhalningar. Hann var sóttur á snjóbílum eftir áramótin og geymdur á lóðum velunnara klúbbsins í bænum. HSSR og Ársæll aðstoðuðu við flutninginn og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Fljótlega kom í ljós að skálinn var ónýtur og var þá stefnan sett á að byggja nýjan skála frá grunni, annað hvort alveg eins eða heldur stærri. Leið og beið í þessu máli og má segja að það hafi verið komið í strand haustið 2014, þegar Guðmundur Eyjólfsson setti sig í samband við þáverandi formann ÍSALP. Guðmundur hafði þá unnið að verkefni fyrir bílaframleiðandann Land Rover og tilkynnti um að þeir hefðu áhuga á að gefa Alpaklúbbnum nýsmíðaðan skála. Land Rover nýtti skálann sem áningarstað á Kaldadal í nokkra mánuði fyrir blaðamenn sem boðið var til landsins og að verkefni loknu fékk Alpaklúbburinn skálann til eignar. Skálinn hefur fengið „dvalarleyfi“ á Kársnesi þar til hann verður fluttur til fjalla. Ljóst er að heilmikil vinna er í vændum í skálamálum. Haustið 2015 voru farnar fjórar vinnuferðir í Kaldadal og þrjár

upp í Botnssúlur en í þeirri þriðju voru undirstöður fluttar í Botnsdal með þyrlu. Sigmenn ehf og Reykjavík Helicopters veittu klúbbnum drjúgan stuðning.

Árið 2014 flutti Klifurhúsið úr Skútuvogi í stórt og glæsilegt húsnæði í Ármúla 23 og flutti Alpaklúbburinn með þeim þangað. Í flutningunum var bókasafn klúbbsins grisjað. Eigulegustu bækur klúbbsins eru nú sýnilegar í salnum í Klifurhúsinu en annað dvelur í svepp einum í klifursalnum. Samkomusaluri-nn er skemmtilegri en sá gamli og aðstæður til klifurs eru vitaskuld mun betri. BÍS mót hafa verið haldin á hverj-um vetri á vegum Alpaklúbbsins í Klifur-húsinu. Gjarnan hafa verið hengdir upp trjádrumbar sem hægt er að höggva í og klifra á. Bjartasta von ísklifursamfélags-ins, Baldur Þór Davíðsson smíðaði glás af góðum álfestum auk þess sem stjórn fjárfesti í Ice holdz klifurgripum sem hægt er að höggva í með öxum. Nú hafa verið settar skýrar reglur um hvenær má klifra með öxum í klifurhúsinu og eru þær aðgengilegar á vef klúbbsins og í Klifurhúsinu.

Heimasíðumál klúbbsins voru í lama-sessi góðan part tímabilsins sem ársrit þetta spannar. Vefsíðan varð þvívegis fyrir árás tölvuþrjóta, veturinn 2013 lá hún niðri um skeið og sumarið 2013 varð hún fyrir svo miklum skaða að hún var ónýt og þurfti að gera nýja síðu frá grunni. Úr varð að haustið 2013 var gerð bráðabirgðasíða, sem einungis bauð upp á spjallborð. Þannig stóðu mál fram til haustsins 2015. Síðasta dag september-mánaðar 2015 var opnuð ný heimasíða á léninu www.isalp.is. Um leið var opnaður gagnagrunnur yfir ísklifurleiðir á Íslandi og hafa nú þegar verið skráðar 400 leiðir í grunninn og er þetta mikið heillaskref fyrir klúbbinn. Fyrirkomu-lagið auðveldar klúbbnum að varðveita heimildir um fjallamennsku á Íslandi og er góður vettvangur fyrir erlenda klifrara að kynna sér úrval klifursvæða hérlendis. Síðan hýsir auk gagna-grunnsins spjallborð og fréttaveitu auk þess sem hægt að nálgast ársrit klúbbsins frá 1987-2007 á rafrænu formi. Heimasíðan var unnin í samstarfi við Klifur.is þar sem finna má gagna-grunn um klettaklifurleiðir á Íslandi. Síðuhönnuður er Jafet Bjarkar Björns-son. Úr því hefur sprottið upp samstarf milli ÍSALP og Klifur.is.

Ísalp keypti höggborvél árið 2014 sem klúbbfélagar hafa aðgang að til að bolta mixklifurleiðir og alpalegar klettaklifurleiðir. Hún hefur komið að góðum notum og settar hafa verið upp leiðir í Múlafjalli, Eilífsdal, Grænlandi og víðar. Páll Sveinsson hefur verið útnefndur verndari borvélarinnar og umsjónarmaður.
Töluverð vinna hefur verið lögð í ísklifurturninn í Gufunesi. Fyrst var settur upp hitavír til að koma í veg fyrir að frysi í leiðslunum. Það dugði ekki sem skyldi og var þá farið í að setja upp hita-stýringu á turninn, sem átti að verða til þess að ísinn bunkaðist upp af sjálfsdáð-um um leið og fyrsta frost vetrar kæmi. Til að gera langa sögu stutta hefur verið nokkuð ólag á þessu og stendur til að reyna að fá þetta til að virka sem skyldi. Settir hafa verið upp kastarar sem lýsa á turninn og gera kvöldklifur mun ákjósanlegra.

Alpaklúbburinn er með fulltrúa í Samtökum útivistarfélaga (Samút). Karl Ingólfsson hefur staðið vaktina fyrir klúbbinn og nýlega barst honum liðsauki Þorsteins Cameron, ritara ÍSALP.

Myndasýningar á tímabilinu voru eftirfarandi:

Í nóvember 2011 var myndasýning þar sem sagt var frá Grænlandi sem áfanga-stað Alpamannsins. Sveinn Eydal (Sissi) hélt sýninguna.

14. febrúar 2012 héldu Kitty Calhoun, Jay Smith, Pat og Dawn Ormond mynda-sýningu í sal klúbbsins. Þema kvöldsins var áhrif hlýnunar jarðar á fjallamenn.

26. nóvember 2012 var haldin mynda-sýning í sal klúbbsins í Skútuvogi. Kvöldinu deildu 4 fyrirlesarar og var umræðuefnið fjallahjólreiðar á Fjallabaki, skíði og klifur. Góð mæting var og boðið upp á ljúffenga hraunbita og miðlungskalt gos.

Nýliðaferð var fyrirhuguð á Kistufell 24.nóv 2012. Enginn nýliði mætti og fóru stjórnarmeðlimir í staðinn í Búahamra í ís- og mixklifur.

Kempan Simon Yates hélt fyrirlestur í Ferðafélagssalnum 14.mars 2013. Áttunda október 2014 hélt Páll Sveins-son myndasýningu í sal klúbbsins þar sem hann hafði frjáls efnistök. Heiti fyrirlestrarins var „Páll Sveinsson í máli og myndum“. Úr varð að hann mætti með slides-vél og ræddi um 10. áratuginn. Kvöldið var einstaklega skemmtilegt og vakti klæðaburður myndafyrirsætnanna fádæma lukku. Boðið var upp á bjór.

12. nóvember 2014 var haldið háfjalla-kvöld ÍSALP í sal Ferðafélagsins í Mörkinni. Þar héldu Vilborg Arna Gissurardóttir og Anna Svavarsdóttir erindi um leiðangra sína til Himala-yafjalla, en Anna var þá nýkomin af Manaslu og Vilborg af Cho Oyu. Fantagóð mæting var á viðburðinn.

Haustið 2015 var haldið opnunarkvöld þurrtólunar í Klifurhúsinu, úrslit úr myndakeppni ÍSALP tilkynnt auk þess sem Róbert Halldórsson og Jón Heiðar Andrésson voru með langa og afar skemmtilega myndasýningu frá ævintýrum þeirra vestanhafs sem eru hluti af leiðsögumannanámi þeirra. Góð mæting var á viðburðinn og skemmtilegt stemning.

Hallgrímur Kristinsson hélt fyrirlestur 21. október 2015 um skíðaferð sína á fjallið Muztagh Ata (7.600 m) í Kína. Fyrirlesturinn var haldinn í sal Flug-björgunarsveitarinnar í Reykjavík og mættu rúmlega 30 manns.

Annáll íslenskrar fjallamennsku 2011-2015

Ársrit þetta spannar fimm ára tímabil og því gefur að skilja að annállinn er í lengri kantinum. Mikil gróska hefur verið í ferða- og fjallamennsku á Íslandi undanfarin ár og því frá mörgu að segja. Leiðir margra hafa einnig legið út fyrir landssteinana og frásagnir einhverra þessara ferða má finna framar í þessu tímariti. Tilgangur með annál sem þessum er að halda yfirlit yfir helstu afrek tímabilsins en áherslan að þessu sinni verður lögð á nýjar ísklifurleiðir enda er markmið sitjandi stjórnar að skrásetja allar klifraðar ísklifurleiðir landsins á nýrri heimasíðu félagsins. Félagar ÍSALP eru eftir sem áður hvattir til þess að segja frá afrekum sínum inn á heimasíðunni, www.isalp.is, til þess að ekkert falli á milli fyrir næstu ársrit. Ef eitthvað gleymdist í þessum annál biðjum við hluthafandi að senda stjórninni línu.

ÚTLÖND

Margir vaskir garpar hafa haldið utan í leit að ævintýrum undanfarin ár. Mest áberandi í umræðunni voru eflaust leiðangrar Vilborgar Örnu Gissurardóttur, annars vegar á Suðurpólinn og hins vegar á Tindana 7, og leiðangur Leifs Arnar Svavarssonar upp Norðurhlið Everest. Þess má einnig geta að klettaklifurferðir erlendis hafa mikið verið stundaðar, sem er eflaust ekki að furða þegar horft er til fjölda rigningardaga síðustu ára. Svæði í nágrenni við Miðjarðarhafið hafa verið sérlega vinsæl en einnig hafa margir sótt út fyrir álfuna og vitað er til að Íslendingar hafi klifrað í Kína, Tælandi, Bandaríkjunum, Kanada, Norðurlöndunum, Frakklandi, Ítalíu, Spáni, Þýskalandi og fleiri löndum. Ekki verða taldar upp allar utanlandsferðir landans líkt og venja hefur verið, en stærstu afrekin verða þó skrásett.

Suðurpóllinn

Sitt hvoru megin við áramótin 2012-13, gekk Vilborg ein síns liðs á gönguskíðum á Suðurpólinn. Vegalengdin er um 1140 km og tók Vilborgu 60 daga að komast á leiðarenda. Leiðangurinn þótti mikið afrek og er Vilborg fyrsti Íslendingurinn til þess að ganga einsamall á Suðurpólinn. Í janúar 2015 lauk Einar Torfi Finnson göngu sinni á Suðurpólinn en ferðin tók hann 57 daga og gekk vel. Ferðin var á vegum Íslenskra Fjallaleiðsögumanna og var Einar leiðsögumaður fyrir þrjá erlenda viðskiptavini.

Himalaya

Í maí 2013 hófst leiðangur Vilborgar á hæsta tind hverrar heimsálfu og átti leiðangurinn að enda á hæsta tindi jarðar, Everest. Tindana kleif hún í eftirfarandi röð: Denali (6.194m), Elbrus (5.642m), Carstensz Pyramid (4.884m), Vinson Massif (4.897m), Aconcagua (6.969m) og Kilimanjaro (5.895m). Stefndi hún á að ganga á Everest í apríl/maí 2014 en eftir mannskætt snjóflóð sem féll á grunnbúðir Everestfjalls var fjallinu lokað og Vilborg snéri heim. Í október sama ár gekk hún á fjallið Cho Oyu án súrefnis. Atli Pálson var með í þeirri ferð en varð frá að hverfa vegna háfjallaveiki. Ári síðar gerði Vilborg aðra tilraun við Everest, en lánið lék hvorki við hana né aðra íbúa Nepal þegar gífurlega mannskæður jarðskjálfti reið yfir svæðið.

Vorið 2013 fór Leifur Örn Svavarsson, fyrstur Íslendinga, upp norðurhlið Everest. Ferðalagið hófst í byrjun apríl og toppaði Leifur 23. maí. Leiðangurinn þótti vel lukkaður og er mikil hvatning fyrir aðra fjallagarpa að fara ekki alltaf „hefðbundnu leiðina“. Á sama tíma og Leifur fikraði sig upp norðurhliðina gekk Ingólfur Geir Gissurarson upp hefðbundna leið Everest og toppaði hann tveimur dögum áður en Leifur komst upp. Ferðin gekk þokkalega þó að þrýstijafnari á súrefniskútnum hans hafi sprungið í 8.700m hæð. Bjargaðist það fyrir horn en Lydia Bradley, fyrsta konan til þess að klífa Everest án súrefnis, var í næsta nágrenni og var með auka þrýstijafnara. Ingólfur er elsti Íslendingurinn til þess að ganga á Everest.

Þorlákur Jón Ingólfsson fór til Nepal og heimsótti grunnbúðir Everest, Annapurna og Amadablam ásamt því að að klífa austurtind Loubuche (6.250m)Að lokum má nefna að Áslaug Ellen G Yngvadóttir og Anna Svavarsdóttir fóru báðar til Nepal, í sitthvorri ferðinni, þar sem Áslaug gerði tilraun til að klífa Chulu West (6.419m) og Anna kleif Manaslu (8.163m).

Grænland

Leifur Örn Svavarsson, Jón Gauti Jónsson og Ólafur Þór Júlíusson fóru í leiðangur á austurströnd Grænlands síðsumars 2014. Á svæði norðan Ammassalik eyju klifu þeir þrjá 12-1400 metra háa tinda og á Kulusuk eyju boltuðu þeir og klifruðu fjórar nýjar klettaleiðir. Þeir fóru aðra ferð á sömu slóðir ári síðar og verður fjallað um þá ferð í næsta ársriti.

Norður-Ameríka

Vorið 2011 klifu Róbert Halldórsson og Guðmundur Einar Halldórsson hæsta tind Norður-Ameríku, Denali. Tindurinn er rúmir 6.000 metrar á hæð og tók það drengina 18 daga að ná toppnum. Þeir fóru stóran hluta ferðarinnar á fjallaskíðum.

Matteo Meucci hliðrar undir Bolaklett

Í janúar 2013 fóru eftirfarandi í ísklifurferð til Ouray: Sveinn Fr. Sveinson, Freyr Ingi Björnsson, Róbert Halldórsson, Ágúst Þór Gunnlaugsson, Berglind Aðalsteinsdóttir, Arnar Emilsson, Heiða Jónsdóttir, Sigríður Sif Gylfadóttir og Rúnar Óli Karlsson. Haldið var í Ouray Icepark, en staðurinn er í gljúfri að nafni Uncompahgre og á veturna taka stór hópur sjálfboðaliða sig saman og sprauta vatni niður veggi gjúfursins svo úr verður ísklifurparadís. Um þetta leytið var haldið átjánda ísklifurfestival Ouray Icepark en Berglind Aðalsteinsdóttir, Marianne van der Steen og Róbert Halldórsson tóku þar þátt ísklifurkeppni ásamt hinum ýmsu kempum eins og Ines Papert og Jeff Mercier. Jón Heiðar Andrésson og Róbert Halldórsson fóru í klifurferð til Red Rocks í Nevada Bandaríkjunum. Tilgangurinn í þessar 3 vikur var að klifra fjölspanna klettaleiðir af lengri kanntinum. Hápunktur ferðarinnar var leiðin Resolution Arete 5.11d, 770m (26 spannir) og skartar því að vera lengsta leið Red Rocks. Í heildina voru klifraðir rétt tæpir 10km upp í loftið.

VESTURLAND

Ísklifur og fjallamennska

Hólmatindur

Four by four – WI5/6, 500m.
Róbert Halldórsson, Albert Leichtfried og Benedikt Purner í febrúar 2012. Leiðin liggur í Hólmatindi og er lengsta og mest áberandi línan fyrir miðju fjallinu og endar uppá topp. Tæknileg kerta- og íshellaklifur með einni spönn af þunnum, tortryggðum ís utaná stuðlabergi.

Niceland – WI6, 200m.
Róbert Halldórsson, Albert Leichtfried og Benedikt Purner. Næsta áberandi lína hægra megin við mitt fjallið. Byrjar í miðjum hlíðum fjallsins. Tæknilegt klifur upp kertaðan og brattan/yfirhangandi ís. Krúxið er að klifra yfir massíft íspak.

Teitsgil

Teitur – WI5, 55m.
Óðinn Árnason og Arnar Jónsson í nóvember 2013. Leiðin liggur í Teitsgili en þegar komið er ofan í gilið blasir við áberandi þykkur sirka 50+ metra ísfoss lengst til vinstri frá hefðbundinni aðkomu. Leiðin var klifruð í 2 sirka 25 metra spönnum upp miðjan fossinn í fyrstu spönn og aðeins til hægri í seinni spönninni.

Haukadalur

Kári í Jötunmóð, WI5, 450m.
Skarphéðinn Halldórsson og Sveinn Fr. Sveinsson í nóvember 2012. Leiðin er í Haukadal og fylgir lækjargili sem opnast skammt fyrir ofan Jöfra og endar upp á fjallsbrún. Fyrsta haftið er um 30 metrum af WI4. Síðan tekur við langt brölt af WI2 og nokkrum stuttum WI3 upp að megin-

fossinum. Efst í gilinu er myndarleg hvelfing með tveimur áberandi línum, þessi leið er sú vinstra meginn. Meginfossinn hefst á 40 metrum af bröttu klifri, WI5, sem endar á þokkalegri syllu. Þaðan eru svo 60 metrar af stuttum en bröttum höftum, WI3+, upp á brún. Á brúninni er hægt að ganga til austurs út fyrir hvelfinguna og niður hlíðina.

Ísklifurfestival ÍSALP 2014 var haldið í Haukadal í febrúarmánuði. Upphaflega átti festivalið að vera við Grundafjörð á Snæfellsnesi en vegna hagstæðari veður- og ísskilyrða í Haukadal var ákveðið að færa fögnuðinn þangað. Milli fjörutíu og fimmtíu Ísalparar mættu og margar góðar leiðir voru klifraðar þessa helgi þó lítið væri um nýjungar. Þar má þó nefna Ákavíti, sem Robbi og Siggi kláruðu með glæsibrag. Á laugardagskvöldinu bauð ÍSALP uppá kjötsúpu og öl með og skemmtu félagar sé við hina ýmsu leiki. Á sunnudeginum var veður þó ekki uppá sitt besta og langflestir héldu heim á leið.

Ákavíti, WI5+, 70-80m.
Róbert Halldórsson og Sigurður Tómas Þórisson, febrúar 2014.Innst í Skálagili í Haukadal. Leiðin eltir vinstri jaðar bogans, sem hin heimsfræga leið Brennivín (M11+) liggur beint upp. Byrjar rétt hægra megin við Trommarann (megin foss gilsins), hliðrar skáhallt upp meðfram jaðri bogans í vandasömum, tortryggðum þunnum ís. Þar var áður gerður stans á nokkuð solid ísbunkum eftir 50m+ klifur (með 30m exposure beint fyrir neðan). Eftir stansinn tók við nokkuð vandasöm hliðrun undir/bakvið megin kertið í efsta ísþilinu. Þar bakvið var læðst upp undir létt yfirhangandi tjald með kröftugum tæknilegum hreyfingum. Ofan tjaldsins tók við feitur 20m WI5 ís upp á brún í góðan stans. Sigið í einu 60m+ sigi beint niður bogann. Afar vandasamt og áhættusamt á löngum köflum í þunnum ís með fáar og tæpar tryggingar.

Hvolsfjall
Aftanmídan WI5, 50m.
Óðinn Árnason, febrúar 2014. Leiðin liggur í suðvestur-hlíðum Hvolsfjalls sem er rétt sunnanmeginn við Gilsfjörð í Breiðafirði. Flott ísþil á bakvið pýramídann í Fannahjalla.

Cleopatra WI3+, 25m
Guðlaugur Ingi Guðlaugsson, Skarphéðinn Halldórsson og Sveinn Friðrik Sveinsson í febrúar 2014. Liggur í stóra ísþilinu hægra megin við pýramídan í Fannahjalla.

Tutenkamon WI4, 40m
Guðlaugur Ingi Guðlaugsson, Skarphéðinn Halldórsson og Sveinn Friðrik Sveinsson í febrúar 2014. Liggur á bak við pýramídan í Fannahjalla, vinstra megin við Aftanmídan.

VESTFIRÐIR
Ísklifur og fjallamennska

Strandir
Norð-vestur hryggur Lambatinds, 400-450m.
Bergur Einarsson og Jósef Sigurðsson í apríl 2011. NNV hryggur Lambatind. 400-450m af 2. gráðu snjó, íshöftum, léttu klettabrölti og snjósyllum. Allt klifrað á hlaupandi tryggingum.

Þorskafjörður
Póstleiðin, WI3+, 200m.
Andri Bjarnason, Björgvin Hilmarsson, Skarphéðinn Halldórsson og Sveinn Fr. Sveinsson í desember 2011. Leiðin er við Hvannhlíð í Þorskafirði. Þokkaleg en frekar lítil höft neðst og afgangurinn farinn á hlaupandi tryggingum.

Dýrafjörður
Ofviðrið, WI3+, 2 spannir.
Skarphéðinn Halldórsson og Sveinn Fr. Sveinsson í október 2012. Nákvæm staðsetning óviss.

Ísklifurfestival ÍSALP 2013 var haldið í Dýrafirði í febrúarmánuði. Gisting var fengin í Gamla gistiheimilinu og kaffihúsið Bræðraborg sá um kjötsúpuna á laugardagskvöldið. Ofurklifrararnir Tim Emmett og Dawn Glanc heiðruðu félagsmenn með nærveru sinni og hélt Tim skemmtilega kynningu um hans helstu afrek. Margar nýjar leiðir voru klifraðar þessa helgi, þó helst í Garðshvilft og Eyrardal.

Bleikt og blátt, WI5, 55m+.
Berglind Aðalsteinsdóttir, Rúnar Óli Karlsson, Sigurður Tómas Þórisson. Leiðin er ca. fyrir miðju í Garðshvilft.

Vindlar Faraós. WI5. 60m+.
Sigurður Tómas Þórisson, Berglind Aðalsteinsdóttir, Rúnar Óli Karlsson. Hægra meginn við Bleikt og blátt. Það var nánast hægt að faðma neðra kertið (vindilinn), ekki var það feitt þennan dag.

Bleiki pardusinn, WI5, 30m.
Arnar Þór Emilsson, Sigurður Tómas Þórisson, Berglind Aðalsteinsdóttir. Tveir áberandi ísfossar fyrir u.þ.b. miðjum Eyrardal sem enda uppi í miðju klettabelti. Þetta er vinstri fossinn.

Blái Lótusinn, WI5-, 50m.
Sigurður Tómas Þórisson, Berglind Aðalsteinsdóttir, Arnar Þór Emilsson. Tveir áberandi ísfossar fyrir u.þ.b. miðjum Eyrardal sem enda uppi í miðju klettabelti. Þetta er hægri fossinn.

Úlfur, WI3, 50m.
Heiða Jónsdóttir og Jón Smári Jónsson. Leiðin er í Eyrardal og er önnur alvöru íslínan frá hægri inni í dalnum. Þæginleg upphitunarleið.

Garmur, WI3/+, 50m.
Árni Stefán Haldorsen, Sigríður Sif Gylfadóttir og Védís Ólafsdóttir. Næsta lína til vinstri við Úlf. Nokkuð jafnt klifur alla leið en örlítið snúnari efst.

Fenrir, WI4, 50m.
Árni Stefán Haldorsen, Sigríður Sif Gylfadóttir og Védís Ólafsdóttir. Næsta lína til vinstri við Garm. Létt brölt upp í hvelfingu þar sem hægt er að velja um bratt kerti eða að fara innar og undir lítið þak sem þarf svo að hliðra út fyrir. Nokkrir léttir metrar þaðan. Sigið niður.

Freki, WI4, 40m.
Ottó Ingi Þórisson og Katrín Möller. Næsta lína til vinstri við Fenri. Nokkuð þæginlegt klifur upp að stalli ca í miðri leið. Þaðan lá leiðin annað hvort til vinstri út fyrir risa regnhlíf eða beint upp og í gegnum hana. Nokkrir léttir metrar eftir það. Sigið niður.

Vargur, WI4, 50m.
Árni Stefán Haldorsen, Sigríður Sif Gylfadóttir og Védís Ólafsdóttir. Næsta leið til vinstri við Freka. Erfiður miðju kafli. Sigið niður.

Dawn kíkti í aðra ferð á skerið ári síðar og klifraði nokkrar leiðir í Eyrardal:

Red Eye Jedi, M8/WI5+, 50m
Dawn Glanc og Stanislav Vrba, febrúar 2014. Leiðin liggur fyrir vinstra megin við miðju í Eyrardal. Nákvæm staðsetning óviss.

Ego Problem, 50m
Dawn Glanc og Stanislav Vrba, febrúar 2014. Leiðin liggur vinstra megin í Eyrardal, svolítið hægra megin leiðanna sem Tim og Dawn klifruðu á festivalinu.

He's not Czechin, 50m
Dawn Glanc og Stanislav Vrba, febrúar 2014. Tvær leiðir sem byrja nánast á sama stað en liggja í sitthvora áttina, eru mitt á milli Ego Problem og Bleika Pardusins. Þetta er sú sem liggur til vinstri.

Local only, 50m
Dawn Glanc og Stanislav Vrba, febrúar 2014. Tvær leiðir sem byrja nánast á sama stað en liggja í sitthvora áttina, eru mitt á milli Ego Problem og Bleika Pardusins. Þetta er sú sem liggur til hægri.

Súðavík
Hælkrókur, WI3+, 40m
Arnar Jónsson og Guðmundur Freyr Jónsson, mars 2012. Leiðin liggur í Seljalandsdal í Súðavík. Breitt ísþil með mjög auðveldri byrjun svo ca. 8-10m lóðrétt þil. Stuttu ofar er ágætis trygginarstaður í ís.

Arnarfjörður
Kitty Calhoun, Jay Smith, Beth Goralsky og John Catto mættu í febrúar 2014 og frumfóru fjölda nýrra leiða. Sjá nánar í leiðarvísi framar í ársritinu.

Ísklifurfestival ÍSALP 2015 var haldið í Arnarfirði í febrúar að vanda. Gist var á gistiheimilinu Stiklur-Steppin' Stones og ekki væsti um félagsmenn þar. Fjöldi nýrra leiða voru farnar, sjá nánar í leiðarvísi framar í ársritinu.

NORÐURLAND
Ísklifur og fjallamennska

Öxnadalsheiði
Kertið í Kotinu, WI4+, 25m.
Guðmundur F. Jónsson og Jón Heiðar Rúnarsson í desember 2012. Flott leið í flottu gili, byrjar á þægilegum 12 metrum af WI4. Fer uppá stall og þar tekur við alveg lóðrétt kerti upp í þægilegri rás. Sigum þaðan niður í stað þess að klára upp í brekkuna sjálfa við gilbrúnina. Beygt er útaf þjóðvegi 1 rétt áður en komið er á Öxnadalsheiði í Norðurárdal. Þar er skilti sem er merkt Kotá. Þar er stórt plan og þaðan er gengið undir brúna og inn í gilið.

Akureyri
Kaldi, M7, 10-12m.
Arnar Emilsson, Sigurður Tómas Þórisson, Berglind Aðalsteinsdóttir, 31. des 2012. Syðst í klettunum ofan Kjarnaskógar við Akureyri, ofan göngustígs yfir að Hvammi. Best er að leggja á efra bílastæðunu (hjá sólúrinu), ganga uppeftir og fylgja aðal stígnum til suðurs (fyrst aðeins upp). Síðan er skilti merkt Hvammi út af stígnum og þeim stíg fylgt ca. 200m og þar blasir ísþilið við ofan við skógarjaðarinn.

AUSTURLAND
Ísklifur og fjallamennska

Lónssveit
Desemberuppbót, WI5, 120m.
Óskar Arason og Einar R Sigurðsson í desember 2011. Aðeins 2 km austar en göngin milli Hornafjarðar og Lónssveit blasir við fjallið Fjarðarheiði. Frá þjóðveginum má nálgast leiðina með aðeins 10 mínútna göngu. Fyrsta spönn leiðarinnar er sú sama og í leiðinni Kaldamús. Leiðin liggur þaðan upp fríhangandi lóðrétt kerti.

Norðurhlíð Múlatinda inn af Lóni
Matteo Meucci og Bergur Einarsson. Leiðinn liggur upp áberandi snjógil með tveimur íshöftum. Gilið er hliðargil til vesturs úr mest áberandi gilinu á norðurhlið eystri af tveimur hæstu Múlatindunum. Heildarhækkun er um 700 m en þar af eru um 300 m snjóbrölt og tvö þriðjugráðu íshöft. Gengið fyrst inn aðalgilinu í hlíðinni og hækkað um 200 metra og þaðan beygt inn hliðargil til vesturs. Neðarlega í því eru tvö WI3 íshöft. Það neðra um 45 metra og það efra um 10 metrar. Því gili er svo fylgt upp á brún fjallsins og svo brúninni upp á hæsta punkt. Niðurleiðin fer þaðan um hrygginn til baka að stóra gilinu og niður það.

Víðivallagerðishamar
Suðurdalur í Fljótsdal, rétt innan við bæinn Víðivallargerði. 50 km frá Egilsstöðum, u.þ.b. 17 km frá afleggjara inn Suðurdal:

Jenni, WI4, 35m
Arnar Þór Emilsson og Berglind Aðalsteinsdóttir í janúar 2014.

Stormur, WI4+, 40m
Arnar Þór Emilsson og Berglind Aðalsteinsdóttir í janúar 2014.

Salt WI5-, 40m
Arnar Þór Emilsson og Berglind Aðalsteinsdóttir í janúar 2014.
Kerlingarlækur WI4+, 45m
Arnar Þór Emilsson og Berglind Aðalsteinsdóttir í janúar 2014.

S-AUSTURLAND
Ísklifur og fjallamennska

Skaftafellsheiði
Shameless WI4, 40m
Þorsteinn Cameron og Kamil Kluczynski í febrúar 2015. Leiðin er í austurbrekkum Skaftafellsheiðar. Fossinn liggur í beinni línu við seinustu jökulgarðanna og er einna augljósastur þegar keyrt er frá austri.

Stígárdalur
To Be Continued..., WI4, 40m.
Óskar Arason og Einar R Sigurðsson í desember 2011. Leiðin er 50 metra vinstra megin við leiðina The Running Year Day í Hlaupárgili í miðjum Stígárdal. Möguleikar á annarri spönn en sökum blautra aðstæðna var sú spönn geymd fyrir næstu klifrara.

Hrútfjallstindar
Vesturhryggur, leið Austmannsins.
Helgi Egilsson, Ágúst Þór Gunnlaugsson og Robin hinn norski í apríl 2011. Farinn hryggur upp að Vesturtindi Hrútfjallstinda á 8 klukkustundum frá bílastæði. Mögulega hefur svipuð leið verið farin áður í forneskju.

Íshröngl, TD WI4/5.
Freyr Ingi Björnsson og Styrmir Steingrímsson í apríl 2011. Lýsingu má finna í leiðarvísi um Hrútfjallstinda í þessu blaði.

Smjörfingur, TD+ AI5.
Bjartur Týr Ólafsson og Matteo Meucci í

apríl 2015. Lýsingu má finna í leiðarvísi um Hrútfjallstinda í þessu blaði.

10 norskar stelpur, TD AI4.
Bjartur Týr Ólafsson og Matteo Meucci í apríl 2015. Lýsingu má finna í leiðarvísi um Hrútfjallstinda í þessu blaði.

Skarðstindar
ÍBV, TD+.
Ívar, Björgvin Hilmarsson og Viðar í apríl 2011. Austurveggur Skarðstinda, lýsingu má finna framar í blaðinu.

Hvannadalshnúkur
The Italian Job D+.
Matteo Meucci og Bergur Einarsson í nóvember 2014. Grein um leiðina er að finna í þessu blaði.

Kirkjubæjarklaustur og svæðin í kring
Jameson, WI4, 120m.
Róbert Halldórsson, Ágúst Þór Gunnlaugsson og James McEwan í desember 2011. Leiðin er í Hörgsárgljúfri, staðsett ofan við Múlakot, mitt á milli Kirkjubæjarklausturs og Foss á Síðu.

Launhálka, WI4, 40m.
Róbert Halldórsson, Ágúst Þór Gunnlaugsson og James McEwan í desember 2011. Leiðin er í Hörgsárgljúfri, staðsett ofan við Múlakot, mitt á milli Kirkjubæjarklausturs og Foss á Síðu.

Hrói Höttur, WI4, 80m.
Róbert Halldórsson, Ágúst Þór Gunnlaugsson og James McEwan í desember 2011. Leiðin er rétt við vegin milli Múlakots og Foss á Síðu.

Réttarballið, WI4, 60m.
Róbert Halldórsson, Ágúst Þór Gunnlaugsson og James McEwan í desember 2011. Leiðin er rétt við vegin milli Múlakots og Foss á Síðu.

Öskubakkinn, WI4, 120m.
Róbert Halldórsson, Ágúst Þór Gunnlaugsson og James McEwan í desember 2011. Leiðin er í Slyðrugili sem liggur inn af Hverfisfljóti.

Miðmundarfoss, WI4, 50m.
Róbert Halldórsson, Ágúst Þór Gunnlaugsson og James McEwan í desember 2011. Leiðin liggur í klettunum í Geirlandi, beint fyrir ofan Kirkjubæjarklaustur.

Skálpanes
Rjúpan eina, WI3, 25m.
Bergur Einarsson og Ragnar Heiðar Þrastarson í nóvember 2012. Ekið norður Kjalveg um 700 metra framhjá afleggjara að Skálpanesi. Hvilftin blasir þar við á hægri hönd. Leiðin liggur upp gilið lengst til vinstri í hvilftinni af þeim þremur mest áberandi sem þar er að finna.

S-VESTURLAND
Ísklifur og fjallamennska

Bolaklettur
Niflheimar WI5+, 40m
Þorsteinn Cameron og Matteo Meucci í mars 2015. Leiðin er í gili sem liggur inn eftir vestan við Bolaklett, sunnan við Borgarnes.

Múlafjall
Mikil gróska var í boltun í Múlafjalli 2013-2014. Búið var til svæði til mix æfinga, sem býður upp á að hægt er að klifra leiðirnar á öruggan hátt þótt lítill sem enginn ís sé í þeim.

Fimm í fötu. 35m, M5/6 BOLTUÐ
Hægra megin í öðru gili vinstra megin við Íste. Greinilegur strompur í efri partinum. Þétt boltað og þrír boltar í akkerinu (2 á stalli og einn ofar til að auðvelda brölt niður ef menn ætla að klifra í ofanvaði). Þessi leið var farin á miðöldum af Guðmundi Helga Christiansen og Páli Sveinssyni án aðstoðar borvélar. Er því ekki ný af nálinni en nú er hægt að fara hana í öllum veðrum án þess að hætta lífi og limum. Boltuð 2014.

Expresso WI5/M6, 35m.
Sigurður Tómas Þórisson, Róbert Halldórsson og Baldur Þór Davíðsson farin 13. des 2014. Nokkrum metrum austan við Íste. Brött og vandasöm byrjun en hallinn minnkar svo fljótlega. Slabb fyrir miðju og endar í nokkuð vandasömu lokahafti. Boltuð frá botni upp í tveggja bolta toppakkeri. Tveir boltar eru undir litlum þökum sem farið er framhjá og ættu seint að fara undir ís. Einnig ættu fyrstu 2 boltarnir seint að fara undir ís, því ísinn myndast mest á veggnum vinstra megin. Bolti á hnúð vinstra megin í slabbinu. Vissara að finna hann ef klifrað er í þurru. Einn bolti er á klöpp um 5 metrum beint ofan við toppakkerið. Þægilegra að gera stans þar en í tveggja bolta toppakkerinu (sem er meira hugsað fyrir ofanvaðsæfingar).

Aðrar leiðir sem voru boltaðar á tímabilinu, frá vinstri til hægri í Testofunni:

- Íste fékk 3 bolta í byrjunina
- Pabbaleiðin 12 boltar
- Mömmuleiðin 11 boltar + 2 sighringir í toppinn
- Múlakaffi 11 boltar + 2 í toppakkeri
- Fyrirburinn 10 boltar + 2 rétt fyrir ofan brún
- Örverpið 10 boltar + 2 sighringir í toppinn
- Leiðirnar Gísli, Eiríkur og Helgi liggja lengst til hægri, nokkrir boltar í hverri og toppakkeri.

Brynjudalur
Ókindin, WI5+/M6 R, 40m (R=runout)
Róbert Halldórsson og Sigurður Tómas Þórisson í desember 2014. Brynjudalur í Hvalfirði, vestan við skógræktina. Næsta leið vestan við Nálaraugað. Byrjar á slabbi til móts við vinstri hlutann af stóra Nálarauga-þakinu. Traversar á ská til vinstri upp á stóra íssyllu (tortryggt). Þaðan ská til hægri yfir beran mjög tor/ótryggðan kafla upp í brött kerti fyrir ofan. Nokkrir metrar af WI4 leiða svo upp í bratt tjald upp á brún.

Vesturbrúnir Esju
Welcome to Iceland, WI5/6 R.
Róbert Halldórsson, Albert Leichtfried og Benedikt Purner vorið 2012. Næsta gili hægra megin við leiðina Vopnin kvödd.

Vopnin kvödd (A Farewell to Arms), WI5+/M7, 100m
Sigurður Tómas Þórisson, Páll Sveinsson, Skarphéðinn Halldórsson og Matteo Meucci, farin 31. janúar 2015. Sigurður Tómas skrifaði grein um leiðina í þetta blað.

SUÐURLAND
Ísklifur og fjallamennska

Sólheimajökull
Sólheimaglott, WI5, 3 spannir.
Róbert Halldórsson, Sigurður Tómas Þórisson og Páll Sveinsson í desember 2011. Ný leið vestan við Sólheimajökul við fjallið Hvítmögu. Rosalega formfagur lína í klettinum vestan megin þar sem skarðið þrengist í jöklinum. Línan liggur upp rás í móberginu.

Þórsmörk
Manía, WI4, 70 m.
Daníel Guðmundsson og Ottó Ingi Þórisson í mars 2012. Keyrt áleiðis inn í Þórsmörk að fyrstu ánni (Sauðá) sem þarf að keyra yfir. Þar er hægt að keyra slóða upp með ánni smá spöl austan megin við hana. Gengið er um greinilegan göngustíg í 10 mínútur yfir hrygg og svo áfram inn gilið í 20 mínútur. Við blasir ísfoss beint að augum inn í gilinu. Leiðin er í lænunni lengst til vinstri og byrjar á þægilegri 20 metra 3-4 gráðu spönn. Svo tók við skál með risa fríhangandi drjóla, fullt af regnhlífum og grýlukertum. 20-30 metrar 4-5 gráða, fer líklegast eftir aðstæðum. Endar á 20-30 metrum af 3-4 gráðu ís.

Biskupstungur
Vindmyllan, WI4, 100m.
Sævar Logi Ólafsson, Einar Bjarnason og Egill Halldór Gunnarsson í nóvember 2012. Áberandi lína Norðaustan í Vörðufelli í Biskupstungum fyrir ofan sumarbústaðina í landi Iðu. Gilið heitir líklega Gunnugil og aðkoman þægileg. Um 10 mínútna ganga frá sumarbústöðunum.

NÝJAR KLETTALEIÐIR 2011-2014

Mikil gróska var í klettaklifri yfir þetta tímabil og fjöldinn allur af nýjum sportleiðum var boltaður. Leyndardómar Vestrahorns voru einnig uppgötvaðir á tímabilinu en á undanförnum árum hafa helstu grjótglímumenn eytt heilu sumrunum þar. Orðið á götunni er að yfir 200 nýjar grjótglímuleiðir hafi verið klifraðar og unnið er að því að birta leiðavísi um svæðið. Ekki verða taldar upp allar nýjar leiðir sem hafa verið farnar í klett en þá helst má nefna leiðina Boreal sem kærkomna nýjung í íslensku fjölspannaklifri. Einnig má nefna að þó nokkrir erlendir afreksmenn lögðu leið sína til landsins og má m.a. nefna þau Chris Sharma, Paul Robinson og Natalija Gros.

Höfn í Hornafirði
Boreal, 5.7, 450m.
Snævarr Guðmundsson og Guðjón Snær Steindórsson vorið 2013. 9 boltaðar spannir, 5.3-5.7 að erfiðleika, endar upp á toppi Vestrahorns.

Hnappavellir
Tugir nýrra leiða voru boltaðir á Hnappavöllum á tímabilinu og má finna þær í nýjustu útgáfu af leiðarvísi yfir svæðið. Þó finnst stjórninni vert að nefna eftirfarandi leiðir vegna einstakra gæða:

- Hrókur alls fagnaðar 5.9, 2012
- Karlinn í tunglinu 5.11a, 2012
- Í skjóli nætur 5.11a, 2012
- Valdarán 5.12c, 2012
- Óráðsía 5.10a, 2012
- Baunagrasið 5.8, 2012
- Kúreka norðursins 5.12a, 2013
- Þyrnirós 5.9, 2013
- Fæddur fyrir frelsið 5.12c, 2014
- Fred Flintstone 5.12b 2015

Helstu Klettaklifurafrek Íslendinga

Margt hefur gerst í íslensku klifri síðustu ár, bæði hérlendis, sem og erlendis, hér verður stiklað á stóru um það helsta. Valdimar Björnsson fór í langan Evróputúr í byrjun vetrar 2011. Fysta afrek ferðarinnar var í Margalef á Spáni, þar sem hann rauðpunktaði Darwin Dixit 8b+, Margalef á Spáni. Það er erfiðasta sportklifurleið sem Íslendingur hefur farið. Því næst færði hann sig yfir

til Chironico í Sviss og fór þar Freak Brothers 8A+ boulderleið, sem er einnig erfiðasta boulderleið sem Íslendingur hefur farið. Síðan þá hefur Valdimar bætt um betur og farið fimm aðrar 8A+ leiðir, þar af þrjár FA ásamt því að fara leiðina Ezperanza Sit 8B boulder í Albarracin á Spáni. Kristján Þór Björnsson fór einnig leiðina sem er nú erfiðasta grjótglímuleið sem Íslendingur hefur farið. Ásamt þessu öllu fór hann fyrstur leiðina Föðurland 8a+ á Hnappavöllum Kristján Þór Björnsson hefur ásamt Ezperanza Sit farið tvær 8A+ og sjö 8A, allt í sömu ferðinni haustið 2014 Egill Örn Sigþórsson hefur náð góðum árangri hér heima sem og erlendis. Hann klifraði fjórar 7c+, þar af fór hann Draumaland og Fantasíu á Hnappavöllum, eina 8a og hvorki meira né minna en fjórar 8a+, meðal annars hina frægu Familia Manson í Rodellar. Kjartan Jónsson fór aðra uppferðina á Föðurlandið 8a+. Andri Már Ómarsson fór tvær 7c+ leiðir, þar af gullmolan Djásn í Gimluklett ásamt því að vera sá þriðji til að klára Föðurlandið 8a+ og hoppa yfir benchmark gráðuna 8a. Þess má einnig geta að Shasia Digulian klifurhetja var sú fjórða til að klára Föðurlandið sama dag og fyrsta konan til að ná leiðinni. Jónas G. Sigurðsson hefur farið fjórar leiðir af gráðunni 7c+, þar af Djásn í Gimluklett. Haustið 2013 fór hann leiðina Morgan 7b+ á Kalymnos í onsighti og jólin 2013 fór hann leiðina Roof Rabbit 8a við San Vito lo Capo á Sikiley. Árni Stefán Haldórsen fór leiðina Totempole 7c+ á Kalymnos.

KEPPNIR

Klifurhúsið stóð fyrir mótaröð í grjótglímu ár hvert yfir tímabilið, þar sem 4 mót voru í hverri röð. Úrslit mótanna má finna hér aðeins aftar. Einnig hafa verið haldin mót í svokölluðu Boulder-Ísklifri (BÍS), yfirleitt eitt til tvö á ári. Vorið 2015 var nýjung í mótaröð Klifurhússins, en svokallað Bikarmót var haldið eftir strömgustu kröfum Norðurlanda- og heimsmeistara-móta í grjótglímu. Keppnin fór vel fram, mikil spenna og endaði í bráðabana í flokki kvenna 16 ára og eldri. Í mars 2012 fóru þau Andri Már Ómarsson, Bryndís Muller, Hilmar Ómarsson og Valdimar Björnsson til Kaupmannahafnar og tóku þátt í Norðurlandamóti í grjótglímu. Hópurinn stóð sig glæsilega, Valdi landaði 9. sæti í senior flokki, Andri 7. sæti í junior flokki, Hilmar 13. sæti í youth hópi A og Bryndís lenti í 10. sæti í youth hópi B.

Íslandsmót í grjótglímu 2011-2012

Strákar 16 ára og eldri:
1. sæti: Kjartan Björn Björnsson
2. sæti: Egill Örn Sigþórsson
3. sæti: Jósef Sigurðsson

Stelpur 16 ára og eldri:
1. sæti: Manúela Magnúsdóttir
2. sæti: Vilborg Hlöðversdóttir
3. sæti: Hjördís Björnsdóttir

Strákar 13-15 ára:
1. sæti: Hilmar Ómarsson
2. sæti: Egill Orri
3. sæti: Guðmundur H

Stelpur 13-15 ára:
1. sæti: Bryndís Muller
2. sæti: Ríkey Magnúsdóttir
3. sæti: Helena Hrund Jónasdóttir

Íslandsmót í grjótglímu 2012-2013

Strákar 16 ára og eldri:
1. sæti: Egill Örn Sigþórsson
2. sæti: Heiðar Þór Jónsson
3. sæti: Jósef Sigurðsson

Stelpur 16 ára og eldri:
1. sæti: Rósa Sól Jónsdóttir
2. sæti: Ásrún Mjöll
3. sæti: Vilborg Hlöðversdóttir

Strákar 13-15 ára:
1. sæti: Bjarki Húnn og Guðmundur Freyr Arnarsson
2. sæti: Einar Halldórsson Kvaran
3. sæti: Marinó

Stelpur 13-15 ára:
1. sæti: Helena Hrund Jónasdóttir
2. sæti: Ríkey Magnúsdóttir
3. sæti: Rannveig Íva Aspardóttir

Íslandsmót í grjótglímu 2013-2014

Strákar 16 ára og eldri:
1. sæti: Kjartan B Björnsson
2. sæti: Hilmar Ómarsson
3. sæti: Birkir Fannar

Stelpur 16 ára og eldri:
1. sæti: Manuela Magnúsdóttir
2. sæti: Rósa Sól Jónsdóttir

Strákar 13-15 ára:
1. sæti: Guðmundur Freyr Arnarsson
2. sæti: Einar Halldórsson Kvaran
3. sæti: Gauti Jónsson

Stelpur 13-15 ára:
1. sæti: Katarína Eik Sigurjónsdóttir
2. sæti: Ríkey Magnúsdóttir
3. sæti: Helena Hrund

Íslandsmót í grjótglímu 2014-2015

Strákar 16 ára og eldri:
1. sæti: Egill Örn Sigþórsson
2. sæti: Kjartan Björn Björnsson
3. sæti: Guðmundur Freyr Arnarsson og Birkir Fannar Snævarsson

Stelpur 16 ára og eldri:
1. sæti: Manuela Magnúsdóttir
2. sæti: Rósa Sól Jónsdóttir
3. sæti: Ríkey Magnúsdóttir

Karlaflokkur 40 ára og eldri:
1. sæti: Björn Baldursson
2. sæti: Ólafur H. Þorgeirsson
3. sæti: Hlöðver Eggertsson

Kvennaflokkur 40 ára og eldri:
1. sæti: Brynja Davíðsdóttir

Strákar 13-15 ára:
1. sæti: Einar Halldórsson Kvaran
2. sæti: Emil Bjartur Sigurjónsson
3. sæti: Björn Gabríel Björnsson

Stelpur 13-15 ára:
1. sæti: Katarína Eik Sigurjónsdóttir
2. sæti: Bryndís Guðmundsdóttir
3. sæti: Kristjana Björg

Bikarmót í grjótglímu vor 2015

Strákar 16 ára og eldri:
1. sæti: Hilmar Ómarsson
2. sæti: Guðmundur Freyr
3. sæti: Birkir Fannar
4. sæti: Egill Örn
5. sæti: Kjartan B. Björnsson
6. sæti: Björn Baldursson

Stelpur 16 ára og eldri:
1. sæti: Manuela Magnúsdóttir
2. sæti: Ásrún Mjöll
3. sæti: Rósa Sól Jónsdóttir
4. sæti: Kristín Vala
5. sæti: Stefanía Ragnarsdóttir
6. sæti: Ríkey Magnúsdóttir

Strákar 13-15 ára:
1. sæti: Einar Halldórsson Kvaran
2. sæti: Emil Bjartur Sigurjónsson
3. sæti: Úlfur
4. sæti: Hjörtur
5. sæti: Benedikt
6. sæti: Bergur Magnússon

Stelpur 13-15 ára:
1. sæti: Katarína Eik Sigurjónsdóttir
2. sæti: Bryndís
3. sæti: Kristjana Björg
4. sæti: Þórey Eva
5. sæti: Lilja Rut